

REGLUGERÐ

um tekjuskatt og eignarskatt.

133

28. des.

I. KAFLI

Um skattskyldu.

1. gr.

A. Skyldir að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum og eignum eru eftirtaldir aðilar:

1. *Einstakir menn eða hjón*. Hvíllir skattskyldan á ungum sem gömlum, konum sem körlum, hveurrar stéttar og hveurrar þjóðar sem eru, nema sérstakar undanþágur séu gerðar í lögum. Skattskylda einstaklinga.
2. *Félög, sjóðir og stofnanir*, sem ekki eru sérstaklega undanþegin í reglugerð þessari. Félög, sjóðir og stofnanir.
3. *Dánarbú og þrotabú*. Eigi skiptir máli um skattskylduna, hvernig bú er skipt, hvort skipti eru opinber (skiptaréttur, skiptaforstjórar, skilanevnd) eða einkaskipti. Dánarbú og þrotabú.

B. Skattskyldan er tvenns konar:

1. Þeir, sem eru heimilisfastir hér á landi samkvæmt ákvæðum 2. gr., hafa ótakmarkaða skattskyldu, þ. e. þeir skulu greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, hvar og hvaðan, sem tekna er aflað, eða eignir eru. Ótakmörkuð skattskylda.
2. Erlendis heimilisfastir aðilar verða skattskyldir, ef þeir hafa hér á landi þær tegundir tekna eða eigna, sem taldar eru í 3. gr. Hafa þeir því *takmarkaða skattskyldu*. Takmörkuð skattskylda.

Framangreint ákvæði gildir um alla skattskylda aðila — einstaklinga og félög, sjóði, stofnanir, dánarbú og þrotabú.

2. gr.

1. Telja ber þá menn *heimilisfasta* hér, sem dvalizt hafa hér á landi helming skattársins, þ. e. 6 mánuði eða lengur. Skattanefnd verður að gera ráð fyrir því, að allir þeir, sem taldir eru í síðasta manntali fyrir skattlagningu ár hvert, hafi verið hér heimilisfastir skattárið, nema henni sé annað kunnugt eða sönnur séu leiddar að öðru. Heimilisfesti.

Eigi skiptir það máli um skattskyldu, þótt maður hafi brugðið heimilisfangi hér í lok skattárs eða þegar skattaframtal er gefið, ef hann verður talinn heimilisfastur hér á skattárinu. Eigi nægir heldur þótt maður sé hér heimilisfastur þegar talið er fram til skatts, ef hann hefir ekki verið það á skattárinu.

133

28. des.

Dvöl
erlendis.Heimilis-
festi
félaga.Heimilis-
festi dánar-
og þrota-
búa.Dvöl hér
helming
skattárs.

Dómsmál.

Skattskylda
erlendis bú-
settra aðila.Tekjur af
eign.Tekjur af
atvinnu.Hvernig
atvinnan
skuli vera.

Nú dvelst maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt, eins og hann hefði dvalizt kyr á landinu. Það skiptir eigi máli, hversu löng dvölin er erlendis, ef maðurinn verður eigi talinn hafa brugðið heimilisfangi sínu, t. d. kaup-sýsluferð, námsdvöl, skemmtiferð o. s. frv., enda séu eigi sönnur fyrir því, að hann hafi öðlazzt heimilisfang erlendis með þeim skyldum, er því fylgja.

2. Félag (hvort sem er sjálfstætt félag eða útibú) telst vera innlent eða eiga hér heimili, ef það hefir hér skrásett heimilisfang, eða hefir hér aðalsetur, hvort sem er lengur eða skemur á skattárinu. Sama gildir um sjóði og stofnanir.
3. Dánarbú og þrotabú teljast heimilisföst hér á landi, ef hinn látni er heimilisfastur hér við dánardægur, og gjaldþroti, þegar gjaldþrotaúrskurður er upp kveðinn.
4. Menn heimilisfastir erlendis, sem dveljast hér helming skattársins eða lengur, skulu gjalda skatt sem heimilisfastir menn hér, enda þótt þeir hafi hér engar tekjur eða eignir. Ef dvölin samanlögð nemur 6 mánuðum á sama skattári, verður maðurinn skattskyldur. Ef dvalartími samanlagður eða heimilisfesti nær eigi helming skattársins, þá verður skattskyldan annaðhvort engin ellegar samkvæmt 3. gr. (takmörkuð skattskylda).

Heimilisfesti og dvalartími eru atriði, sem varða skattskyldu, og getur aðili því borið þau undir dómsvaldið.

3. gr.

Erlendis heimilisfastir aðilar — menn, félög eða stofnanir, dánarbú og þrotabú, — verða skattskyldir hér á landi, ef þeir hafa hér tekjur eða eignir, sem að neðan greinir:

A. *Tekjur.* Þar telst skattskylt:

1. Tekjur af fasteignum, sem slíkir aðilar eiga hér á landi. Ef eignin er arðlaus með öllu eða þegar frá hefir verið dreginn kostnaður, skal engan tekjuskatt gjalda.
2. Tekjur af atvinnurekstri, sem hér eða héðan er rekinn. Skatturinn legst einungis á þá atvinnu, sem er rekin hér eða héðan, en önnur atvinna skiptir eigi máli. Sama er, hvort atvinnan er rekin af erlendis búsettum aðila eingöngu eða í félagi eða í sambandi við innlendan mann eða fyrirtæki, hvort fyrirtækið er sjálfstætt firma eða útibú, eða hvort umboðsaðili hérlendis er heimilisfastur hér eða erlendis.

Dæmi manna, er eiga að greiða skatt eftir þessu ákvæði, eru erlendis búsettir menn, sem reka hér verzlun, fasta eða lausa, fiskiútveg, siglingar, iðnað o. s. frv. Getur orðið erfitt að skera úr því, hvort aðili sé skattskyldur eða eigi. Sá sem kaupir hér einn eða fleiri skipsfarma af fiski, verður ekki talinn reka hér atvinnu. En ef hann hefir hér atvinnustöð í því skyni eða mann að staðaldri til fiskkaupa, þá verður hann skattskyldur. Svipað er um siglingar. Félag eða einstaklingar, sem

heima eiga erlendis, en reka hér siglingar að staðaldri og hafa hér umboðsmenn, verða skattskyld af þeirri atvinnu.

133

28. des.

3. Arður af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum innlendum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, sbr. 2. gr. 2. tölulið. Ef einstakir menn reka fyrirtæki þá er það í þessu sambandi innlent, ef það er hér eða héðan rekið (sbr. 2. tölulið þessarar gr.). Með arði ber og að telja ágóðahlut til stjórnanda eða fulltrúa, og hvers konar aðra arðúthlutun, sem félög eða fyrirtæki kunna að greiða hluthöfum sínum eða meðlimum út úr landinu.
4. Laun, biðlaun eða styrkur úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri. Eftir þessu ákvæði skal gjalda skatt af öllum embættislaunum eða sýslunar, eftirlaunum, biðlaunum, styrkjum til námsmanna og listamanna, sem greiddir eru út úr landinu til erlendis heimilisfastramanna. Í þessu sambandi skal þó athuga fyrir mæli 13. gr. B. d. og 17. gr. 8. tölulið reglugerðar þessarar.

Arður af hlutafé.

Tekjur úr ríkissjóði eða alþjóðlegri innlendri stofnun.

Alþjóðlegar, innlendar stofnanir eru t. d. sveitar- og bæjarfélög, háskóli Íslands, landsbankinn og aðrir sjóðir, stofnanir og félög, sem eru undir stjórn eða umsjón ríkisstjórnarinnar, eða teljast mega alþjóðareign og styrkt eru af almannafé, svo sem bókmenntafélagið, búnaðarfélag Íslands, landsbókasafn, þjóðskjalasafn, ríkisútvarp o. s. frv. Styrkir og aðrar tekjur frá þessum stofnunum, greiddar út úr landinu, eru því skatttekjur, nema frádráttur verði samkvæmt 17. gr. 8. c.

5. Starfslaun eða kaup, annað en talið er undir 4. tölulið, þar með talin biðlaun og eftirlaun. Undir þennan tölulið falla þó eigi heldur venjuleg umboðslaun greidd út úr landinu. Eigi skiptir máli, hvort starfið er leyst af hendi hér á landi eða annars staðar, eða hvort það er við atvinnurekstur eða aðra starfsemi, eða þótt fyrirtækið eða launagreiðandinn sé erlendis heimilisfastur, ef hann er hér skattskyldur.

Aðrar launa-tekjur.

Tekur þetta fyrst og fremst til þeirra, sem hafa eigi dvalizt hér nógu lengi til þess að ná heimilisfesti, en hafa komið hingað í atvinnuskyni og tekið hér laun lengri eða skemmri tíma, t. d. „fagmenn“ ýmsir og annað verkafólk, hljómlistarmenn o. s. frv. Einnig þeirra, sem bregða hér heimilisfangi, áður en liðnir eru 6 mánuðir af skattári, og laun hafa tekið.

Enn fremur falla undir þetta ákvæði sjómenn, erlendis heimilisfastir, sem vinna á íslenskum skipum, en um þá gildir það sérákvæði, að þeir verða einungis skattskyldir hér af sjómannsátvinnu sinni, ef þeir greiða ekki skatt af *henni* annars staðar. Færi þeir sönnur á að þeir greiði skatt af sjómanna-launum sínum í öðru ríki, verða þeir skattfrjálsir. Eru því t. d. skipstjórar og aðrir starfsmenn á skipum eimskipafélags Íslands, búsettir í Kaupmannahöfn, skattfrjálsir hér af launum sínum, ef þeir greiða skatt af þeim til danska ríkisins.

Sérákvæði um sjómenn.

133

28. des.

Skatt-
skyldar
eignir er-
lendis
heimilis-
fastra.

Þessi undantekning gildir að eins um sjómenn. Um aðra atvinnu skiptir eigi máli, þótt launin séu skattlögð erlendis.

B. *Eignir*. Skattskyldan nær til allra þeirra aðila, sem um ræðir í A. 1.—5. hér að framan, og skattskyldar verða allar þær eignir, er gefa af sér tekjur þær, sem greinir í A. 1., 2. og 3. tölulið, eða við þá tekjuöflun eru bundnar, sem sé:

1. Fasteignir.
2. Eign eða eignahlutdeild í atvinnufyrirtæki eða einhverjar eignir, sem bundnar eru við atvinnurekstur, sem hér eða héðan er rekinn.
3. Hlutfé í innlendu hlutfélagi eða stofnfé eða framlag í innlendu félagi. Skiptir eigi máli, hvort hlutabréfin eru geymd hér á landi eða annars staðar.

Það, sem að framan er sagt um skattskyldu tekna af þessum eignum, gildir einnig um eignarskatt, að því leyti sem við á.

Skilyrðið til þess, að aðili verði skyldur að greiða eignarskatt, er auðvitað eigi það, að aðili greiði tekjuskatt, heldur að eins, að hann myndi greiða tekjuskatt, ef hann hefði þær tekjur af eignum, að skatti skyldi svara af.

Aðrar tekjur og eignir erlendis heimilisfastra manna, en að ofan eru taldir, skipta eigi máli. Verða þeir því eigi skattskyldir af neinum tekjum, sem þeir hafa erlendis frá eða þótt þeir eigi t. d. innstæður í lánsstofnunum hér eða inneignir hjá innlendum fyrirtækjum, ríkisskuldabréf, bankavaxtabréf eða önnur skuldabréf og hafi vaxtatekjur af þeim o. s. frv., nema eignir þessar séu bundnar við atvinnurekstur sbr. 2. lið þessarar greinar. Sama gildir um annað lausafé. Skattanefndir verða að hafa sérstaka gát á því, að tekjur og eignir erlendis heimilisfastra aðila falli eigi undan skatti. Þar eð þeir koma eigi fram á manntölum, er meiri hættu á, að þeir komist hjá skattgreiðslu, heldur en innlendir menn. Meðal annars af þessum ástæðum er skattanefndum nauðsynlegt að kynna sér til hlítar, hverjir eru eigendur allra fasteigna og fyrirtækja og hluthafar þeirra hlutfélaga, sem í umdæminu eru.

4. gr.

Til skattskyldra félaga teljast:

1. Félög með takmarkaðri ábyrgð. Það er sameiginlegt með þeim, að félagar eða hluthafar svara ekki til skulda félagsins nema með tilteknum hluta af eignum sínum, venjulega eigi framar en innskotsfé þeirra nemur. Til þeirra teljast:
 - a. Hlutfélög.
 - b. Samlagshlutfélög („kommandit“-hlutfélög), en þau eru þannig, að sumir félagsmenn greiða tillög sín í hlutabréfum, og ábyrgð þeirra bundin við þau, en aðrir félagsmenn, einn eða fleiri, bera ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins.
 - c. Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð. Geta þau verið í margs konar formi, með breytilegu stofnfé og breytilegri félagstölu. Falla hér undir

Skattskylda
félaga.

Félag með
takmark-
aðri
ábyrgð.

- m. a. kaupfélög án samábyrgðar. Ýmis slík félög verja fé sínu til einhverra almenningsnytja eða reka ekki atvinnu, og verða því skattfrjáls.
2. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú og önnur samvinnufélög. Samvinnufélög eru þau félög, sem fullnægja ákvæðum 1.—3. gr. laga um samvinnufélög, nr. 36, 27. júní 1921. Gagnkvæm ábyrgðarfélög eru m. a. brunabótafélög Íslands og brunabótasjóðir sveitabæja. En hvorugt þessara félaga rekur atvinnu og því hvorugt skattskyld.
3. Önnur félög. Hér til teljast félög með ótakmarkaðri ábyrgð, önnur en 2. töluliður tekur til, þar á meðal útgerðarfélög („Partrederi“) og samlagsfélög („kommandit“-félög). Fellur hér undir t. d. verzlunarfélag tveggja manna eða fleiri, þar sem báðir eða allir ábyrgjast skyldur félagsins með öllum eignum sínum. Einnig verður að telja undir þennan lið félög, þar sem sumir félagar bera ótakmarkaða ábyrgð, en aðrir takmarkaða.

5. gr.

- Þessir einstaklingar eru undanþegnir tekju- og eignarskatti:
1. Konungur Íslands, borðfé hans og ættmanna hans. Þessi undanþága tekur til allra eigna, sem þessir aðilar kunna að eiga hér og allra tekna þeirra héðan af landi, hvaðan sem tekjurnar eru runnar, hvort sem þær eru úr ríkissjóði, eða af eign og atvinnu. Eigi skiptir heldur máli, til hvers þeim tekjum er varið.
2. Aðrir erlendir þjóðhöfðingjar og starfsmenn þeirra, með sama hætti sem starfsmenn erlendra sendisveita.
3. Sendiherrar annara ríkja, starfsmenn erlendra sendisveita og starfsfólk erlendra sendiherra. Sendiherra tekur hér til allra sendimanna annara ríkja, sem eftir reglum þjóðaréttarins teljast til „diplomata“. En þar til teljast engir ræðismenn (konsúlar). Starfsmennirnir verða að vera í fastri þjónustu sendisveitarinnar og hafa starfið að einkastarfi. Og eigi njóta þeir heldur skattfrelsis, ef þeir eru íslenskir ríkisborgarar.
4. Konsúlar annara ríkja, sem ekki eru íslenskir þegnar. Ef konsúllinn er íslenskur þegn, hvort sem hann er sendikonsúll eða heimakonsúll, þá nýtur hann eigi skattfrelsis. Sama er um konsúla, sem að vísu eru ekki íslenskir þegnar, en eru þó ekki sendikonsúlar (consules missi), heldur eiga hér heimili af öðrum ástæðum, t. d. sem kaupskýslumenn, forstjórar stofnunar eða fyrirtækis o. s. frv. Þeir verða skattskyldir hér.
- Þeir, sem í 2.—4. tölulið greinir, skulu þó gjalda hér skatt, ef þeir hafa hér tekjur samkvæmt 3. gr. A. 1.—4. tölulið eða eignir samkvæmt 3. gr. B. 1.—3. tölulið, þ. e. þeir hafa sams konar skattskyldu sem erlendis heimilisfastir aðilar, greiða skatt af sömu tekjum og eignum, að undanteknum tekjum samkvæmt A. 5. (starfslaun eða kaup frá öðrum en ríkissjóði og alþjóðlegum stofnunum). Þó gildir það sérákvæði hér, að því er snertir tölulið A. 1., að nægilegt er, að aðili hafi *tekjur af fasteign*, t. d. af framleigu, sem itakshafi o. s. frv., enda þótt hann eigi enga fasteign. Að

133

28. des.

Samvinnufélög.

Félög með ótakmarkaðri ábyrgð.

Undanþágur.

Einstakir menn.

Konungur. Konungsætt.

Erlendir þjóðhöfðingjar.

Sendiherrar.

Konsúlar.

Greiða skatt.

133

28. des.

öðru leyti gildir hér það, sem sagt er í 3. gr. um framangreinda liði, og skattur greiðist eingöngu af þar greindum tekjum og eignum, en engum öðrum.

Þjónustu-
menn
íslenska
ríkisins
erlendis.

5. Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf. Þetta nær þó einungis til þeirra, sem dveljast erlendis í fastri þjónustu hjá ríkinu, svo sem sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn og fiskifulltrúi Íslands á Spáni. En það tekur eigi til manna, sem eru sendir til annara landa í sérstökum erindagerðum fyrir ríkið, eða einhverjar stofnanir þess, til samningagerða, markaðsöflunar o. þ. h. Af launum fyrir slík störf skal greiða tekjuskatt.

Undanþága
nýrra iðn-
fyrirtækja.

6. Þeir, sem veitt er undanþága frá skattgreiðslu með sérstökum lögum (sbr. um félög og stofnanir, 6. og 8. gr.). Eina slíka undanþágu hefir verið Heimilað að veita með lögum nr. 57, 28. jan. 1935, um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

a. Samkvæmt þessum lögum má atvinnuálaráðherra undanþiggja nýtt iðn- eða iðjufyrirtæki tekju- og eignarskatti í rikissjóð fyrstu 3 árin eftir að það er stofnað, ef það er stofnað til einhverrar iðnframleiðslu, sem ekki hefir áður verið starfrækt hér á landi. Að eins fyrsta fyrirtækið í hverri iðngrein nýtur þessara hlunninda, og að þessum þremur árum loknum greiðir það skatt sem aðrir gjaldþegnar. Það ár, sem fyrirtækið er stofnað, telst fyrsta árið af þremur, þótt ekki sé nema hluti af ári.

b. Þau teljast ný iðn- eða iðjufyrirtæki:

1. Sem framleiða vörur, er ekki hafa áður verið búnar til hér á landi.
2. Sem nota við framleiðsluna nýjar aðferðir, sem ekki hafa tíðkast hér áður og í verulegum atriðum eru frábrugðnar eldri aðferðum og taka þeim fram.
3. Sem nota til framleiðslunnar innlent hráefni, er ekki hefir verið unnið hér úr áður.

Verði ágreiningur um, hvað telja skuli ný iðn- og iðjufyrirtæki, sker atvinnuálaráðherra úr því, að fengnum tillögum landssambands iðnaðarmanna.

c. Sé hið nýja fyrirtæki rekið í sambandi við annan atvinnurekstur, kemur skattviltun þessi því að eins til greina, að reikningshaldi beggja fyrirtækjanna sé haldið greinilega aðskildu og sambandið milli þeirra sé þannig, að rétt niðurstaða verði á rekstri hvors um sig.

d. Hlunnindi þau, sem hér ræðir um, eru og bundin því skilyrði, að hagnaður fyrirtækisins þau 3 árin, sem skattfrelsið nær til, sé lagður óskiptur í varasjóð hjá fyrirtækinu, að frádregnum í mesta lagi 4% af stofnfé eða framlögðu fé. Reikna má þó eiganda hæfileg laun fyrir starf hans við reksturinn, enda verða þau skattskyld.

e. Beiðni um undanþágu frá skattgreiðslu samkvæmt framanskraðu skal senda atvinnuálaráðherra, sem úrskurðar, hvort hún skuli veitt. Tilkynnir hann úrskurðinn hlutaðeigandi skattanefnd.

Ríkisskattanevnd skal hafa eftirlit með því, að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem ákveðin eru í c. og d. liðum þessarar greinar.

133
28. des.

6. gr.

Undanþága
félaga.

Félög án
atvinnu-
rekstrar.

Undanþága
með sér-
stökum
lögum.

Félög með
takmark-
aðri
ábyrgð.
Tekju-
afgangur
til almenn-
ingsþarfa.

Skipting
sameign-
arfélags
til
skatts.

Eftirgreind félög eru undanþegin skattgreiðslu:

1. Félög, sem enga atvinnu reka. Geta félög þessi verið með takmarkaðri ábyrgð. Félög, sem enga atvinnu reka, hafa það sameigið, að takmark þeirra er annað en að afla félagsmönnum hagnaðar eða fjár. Sem dæmi má nefna: Vísindafélög, hjúkrunar- og líknarfélög, bókmennta- og fræðslufélög ýmis konar, stjórnmalafélög, dýraverndunarfélög, búnaðarfélög, áveitufélög og mörg slík félög. Hins vegar getur félagið rekið atvinnu, þótt takmark þess sé annað en að afla félagsmönnum fjár og þótt þeir fái ekkert af arði, t. d. ef dýraverndunarfélag kaupir jörð og rekur bú á henni, en ver rekstrarhagnaðinum til dýraverndunarstarfsemi. Eins er um stjórnmalafélög, sem gefa út blöð, eiga húseignir o. s. frv. En slík félög, sem atvinnu reka, verða skattfrjáls, ef þau heyra undir 3. tölulið hér að neðan.
2. Félög, sem eru undanþegin skattgjaldi með sérstökum lögum. Er svo nú um eftirgreind félög:
 - Eimskipafélag Íslands (l. nr. 33, 7. maí 1928, sbr. l. nr. 57, 23. júní 1936. Skilorðsbundið).
 - Útvegsbanka Íslands (l. nr. 7, 11. marz 1930).
 - Sölusamband íslenzkra fiskframleiðanda (l. nr. 96, 23. júní 1936).
 - Mjólkursamsölu Reykjavíkur (sömu lög).
3. Félög þau, sem greinir í 4. gr. 1. tölulið (félög með takmarkaðri ábyrgð), eru undanþegin tekju- og eignarskatti, ef þau verja tekjum sínum til almennra þarfa, svo sem til vísinda og lista, líknarstarfsemi, til þarfa lands eða sveita o. s. frv. Með því að þetta ákvæði er undantekning frá almennri reglu, um að engu skipti, til hvers skattskyldum tekjum er varið, þá er eigi heimild til að láta það taka til annara félaga en þeirra, sem talin eru í 4. gr. 1. tölulið. Ef að eins nokkru af tekjunum er varið til almennra þarfa, gildir undanþágan ekki.
4. Ef ekki eru fleiri en 3 félagar í sameignarfélagi (þ. e. með ótakmarkaðri ábyrgð) — verzlunarfélagi, útgerðarfélagi, húsfélagi — þá er skatturinn ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan féлага:
 - a. ef ósk um það kemur frá einum féлага eða fleirum, um leið og tekjur hans eða félagsins eru taldar fram.
 - b. ef beiðninni fylgja fullnægjandi skýrslur til þess að ákveða skattgjald hvers félaga.

Skattanevnd þarf að fá fullnægjandi greinargerð, auk framtals fyrir félagið um, hvernig skipta skuli hreinum tekjum og eignum milli félagsmanna. Ef á brestur þessar skýrslur, verður skattur lagður á félagið.

133

28. des.

Undanþága
vegna nýs
iðnrekstrar.

Ákvæði þessu má og beita, þótt sumir félagsmenn ábyrgist að eins með innskotsfé, enda séu félagar eigi fleiri en þrír.

Eigi er heimilt að skipta að eins að nokkru leyti, eða að eins öðru hvoru, tekjum eða eignum, og skiptingin verður að ná til allra í félaginu.

5. Undanþáguheimildin, sem um getur í 5. gr. 6. tölulið, gildir einnig um félög.

7. gr.

Þessir sjóðir eru undanþegnir:

Sjóðir
undan-
þegnir.

1. Ríkissjóður og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, svo sem söfnunarsjóður, kirkjujarðasjóður, lífeyrissjóður embættismanna og aðrir þeir sjóðir, er ríkisstjórnin á að hafa gætur á.
2. Íslenzkir kirkjusjóðir, hver sem kirkjueigandi er (ríkissjóður, bóndi, söfnuður). Nær þetta til allra kirkjusjóða, sem nú eru hér á landi. Kirkjusjóður telst íslenzkur, ef hann er eign innlands safnaðar, enda hljóti prestur safnaðarins staðfestingu kirkjumálaráðuneytisins. Telst því t. d. kirkjusjóður hins postullega kaþólska umdæmis á Íslandi innlendir kirkjusjóður, með því að söfnuðurinn kaþólski í Reykjavík á eignir þær, sem kenndar eru við hið postullega umboð, þ. e. Landakotskirkjuna, íbúð prestanna og annað, sem þar undir lýtur. Verður því eigi skattur á það lagður.
3. Bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðir.
4. Sparisjóðir, sem engan arð gefa stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum. Mun nú svo vera um alla sparisjóði og því enginn þeirra skattskyldur þegar af þeirri ástæðu.
5. Sjóðir, sem veitt er undanþága með lögum.
6. Sjóðir, sem ekki reka atvinnu. Af þessari ástæðu munu einnig flestir sjóðir vera skattfrjálsir.

8. gr.

Þessar stofnanir eru undanþagnar skattgreiðslu:

Stofnanir
undan-
þagnar.

1. Stofnanir og fyrirtæki ríkis-, sveita-, sýslu- og bæjarfélaga, t. d. landsbankinn, búnaðarbankinn, sími, póstur, útvarp, tryggingarstofnun ríkisins, einkasölur og verksmiðjur ríkisins, vatnsveitu og raforkuver bæja o. s. frv.
2. Stofnanir, sem veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.
3. Stofnanir, sem ekki reka atvinnu.

II. KAFLI

Um tekjur og frádrátt.

9. gr.

Hvað telja
ber til
tekna.

Það er aðalreglan, að skatti skal svara af öllum tekjum, sem skattskyldur aðili aflar, hvers kyns sem tekjurnar eru og hvar og hvernig sem þeirra er

aflað, nema sérstakar undantekningar séu gerðar í lögum. Tekjur til skatts 133
eru því hvers konar arður, laun eða gróði af eign eða atvinnu eða einstök- 28. des.
um verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs.

Tekjum má skipta í fjóra aðalflokka:

- I. Tekjur af atvinnurekstri, sbr. 10. gr.
- II. Tekjur af annari starfsemi, hvort sem er sjálfstæð eða í annara þágu, sbr. 11. gr.
- III. Tekjur af eignum, sbr. 12. gr.
- IV. Tekjur af öðrum atvikum, sbr. 13. gr.

Tekjur verða eigi taldar, svo að tæmandi sé, en hér á eftir er gerð nokkur greinargerð fyrir helztu tegundum tekna, sem tilheyra hverjum framan- greindra flokka. Verður hér að eins rætt um tekjurnar, þ. e. „brúttó“ tekjur, en fyrir frádrætti eða gjöldum verður gerð grein síðar.

10. gr.

Tekjur af atvinnurekstri geta verið svo fjölpættar og komið fram á svo marga vegu, að þar verður eigi gefið heildaryfirlit. Hér skulu taldar helztu tegundir atvinnurekstrar: Tekjur af atvinnu- rekstri.

1. Landbúnaður og kvikfjárrækt og þær atvinnu- og framleiðslugreinir, sem stundaðar eru í því sambandi — jarðrækt, matjurtarækt, veiði, slægju- sala og beitar, skógarhögg, heyskapur, fódurtaka o. s. frv.
2. Sjávarútvegur, þ. e. útgerð skipa og báta til fiskveiða, hvort sem notaðir eru stórir eða litlir farkostir.
3. Siglingar, þ. e. útgerð skipa til flutninga á sjó.
4. Flutningur á landi — mann- og vöruflutningar — hvort sem er á bifreið- um, vögnum, hestum eða með öðrum hætti.
5. Verzlun, þ. e. atvinna af því að selja vörur, verðbréf og hvers konar lausa- fé eða fasteign, sem í því skyni hefir verið keypt. Skiptir eigi máli, hvers kyns verzlun er, heildsala, smásala, umboðsverzlun, fastaverzlun, lausa- verzlun, farandsala, lyfsala o. fl. hvort leyfi þarf til hennar o. s. frv. Telj- ast hér til mat-, gisti- og veitingasala, brytastörf, bóka-, tímarita- og blaða- útgáfa o. s. frv.
6. Afgreiðsla varnings og skipa-, vöru- og skipamiðlun — atvinna af því að geyma vörur fyrir aðra og alls konar slík miðilsstörf.
7. Vátryggingarstarfsemi alls konar, þar á meðal söfnun tilboða (assurance- agentur).
8. Vixlunarstarfsemi og atvinna af því að lána öðrum fé.
9. Allskonar iðja og iðnaður, hvort sem er verksmiðjuiðnaður eða iðnaður í smærra stíl, þar með talinn iðnaður:
 - a. til framleiðslu: Smjörlikisgerð, sápugetur, öl- og gosdrykkjagerð, prent- smiðjur, húsgagnasmíði, kassagerð, klæðskeraiðn, brauðgerð, rjóma- bú, námurekstur, lýsis- og sildarbræðsla o. s. frv.

133
28. des.

- b. við húsagerð: Steinsteypa, rafmagnsleiðsla, gas- og vatnslagning, málun, veggfóðrun og annað, er lýtur að frágangi húsa.
 - c. alls konar smíðar: Úrsmíði, gullsmíði, skósmíði, bókband og aðrar handiðnir.
 - d. Ljósmyndagerð, rakara- og hárgreiðslustofur, ishús, bað- og þvottahús, vatns- og rafmagnsveitur, fiskverkun o. s. frv.
10. Rekstur kvikmyndahúsa, „billiarda“, leikhúsa, hringleikhúsa (cirkus) og fjölleikahúsa (varieté).
 11. Alls konar verkasamningar, svo sem húsagerð, skipasmíði og gerð annara mannvirkja. Enn fremur önnur húsameistara- og verkfræðingsstarfsemi, þeirra sem sjálfstæða atvinnu reka.
 12. Málflutningur og innheimta og önnur lögfræðistarfsemi, endurskoðun, lækningastörf (Praxis), hjúkrunarstarfsemi.
 13. Starfsemi í þágu lista, vísinda og bókmennta, til eflingar skoðana og kenninga, ritstörf önnur o. s. frv. Enn fremur hver önnur starfsemi eða atvinna, sem menn reka sjálfstætt, svo sem alls konar umsjón.

Tekjur atvinnurekandans eru í fyrsta lagi allt það, sem hann hlýtur að endurgjaldi fyrir hina seldu vöru, leyfð afnot og unnið starf o. s. frv., eða að öðrum kosti — sé endurgjald enn ógreitt — þær kröfur, sem af þessum ástæðum myndast á hendur öðrum. Það telst til tekna atvinnurekanda, ef vörum eða afurðum úr rekstrinum, afnotun eigna o. s. frv. er varið til persónulegra þarfa hans sjálfs eða heimilis hans.

Það skiptir eigi máli, í hverju endurgjald eða greiðsla er fólgin, ef það verður metið til peninga, svo sem greiðslur í vörum (vöruskipti eða öðrum eignum eða verðmætum, vinnu, hlunnindum, skuldajöfnun o. s. frv.).

11. gr.

Launa-
tekjur.

- A. Til launa teljast allar greiðslur eða tekjur, sem launþegi fær fyrir að leysa eitthvert starf af hendi í annara þágu eða honum hlotnast í sambandi við starf, sem hann er eða hefir verið ráðinn til. Sama er, hverju nafni laun kallast eða í hvaða formi þau eru.

Falla hér undir meðal annars:

1. Föst laun og aukatekjur, sem föstum launum eða embættum fylgja, þar með talin öll hlunnindi, og hvernig sem aukatekjur eru ákveðnar.
2. Öll önnur starfslaun eða kaup, hvort sem það er miðað við vinnu ákveðinn tíma (árskaup, mánaðarlaun, vikukaup, daglaun, tímavinna o. s. frv.), tiltekið starf (ákvæðisvinna, nefndarstarf, eftirlit o. þ. h.), hlutdeild í framleiðslumagni, innkomnum tekjum eða greiðslum (hlutakaup, innheimtulaun o. fl.), eða á hvern hátt sem laun eru ákveðin. Hér til teljast og greiðslur fyrir aukastörf þeirra, sem á föstum launum eru.
3. Þóknanir eða launauppbætur, svo sem risnufé, aflaverðlaun eða hlutaruppbót (premía), björgunarlaun sjómanna, eða sérstakar þóknanir

fyrir aukavinnu eða yfirvinnu, greiðsla fyrir ónotuð sumarfrí o. þ. h. **133**
 Hér telst og til ágóðabókunnar, nema raunverulega sé um arðsúthlutun 28. des.
 að ræða.

4. Biðlaun, eftirlaun og greiðslur fyrir áður unnin störf, þar með taldar launauppbætur frá fyrri árum.
5. Skaðabætur eða uppbót fyrir atvinnutap eða launamissi.
6. Gjafir, sem telja má kaupauka (t. d. jólagjafir til starfsfólks) og eftirgjöf lána, sem telja má, að komi í launastað.

Ýmsar
tegundir
launatekna.

Sama er, hvaðan laun koma eða fyrir hvað þau eru greidd: Embætti og sýslanir í þágu ríkisins, sveita og bæjarfélaga eða í þágu almennings að öðru leyti, vinna við hvers konar atvinnurekstur einstakra manna eða félaga (hjú og annað verkafólk, sjómenn, starfsfólk iðjufyrirtækja, þar með taldir nemendur og sveinar, búðarfólk, skrifstofumenn, forstjórar fyrirtækja o. s. frv.), störf í einkaþarfir manna (vinnukonur, heimiliskennarar o. s. frv.), og hvers konar greiði eða aðstoð og önnur einstök verk. Tekur þetta einnig til þeirra, sem taka laun hjá eigin-fyrirtæki, sem þeir eru meðeigendur að. Eigi skiptir máli, hvort menn taka laun hjá einum launa-veitanda eða fleirum. Og sama er, hvort laun eru greidd launþega sjálfum eða öðrum í hans umboði.

Laun teljast að fullu til tekna, þótti hluti af þeim sé greiddur í lífeyris-, eftirlauna- eða sjúkrasjóði, eða haldið sé eftir af þeim til greiðslu á sköttum, iðgjöldum o. þ. h.

- B. Það skiptir eigi máli, í hverju laun eða endurgjald fyrir unnið verk er fólgið, ef það verður metið til peninga. Til launatekna teljast því hvers konar hlunnindi, veitt í launaskyni, og önnur form fyrir greiðslu. Skal þar nefnt:

Endurgjald
í öðru en
peningum.

1. Fæði (sjómenn, vinnufólk og hjú í sveit, hjúkrunarfólk o. fl.).
2. Húsnæði, ljós og hiti (vinnufólk, hjú, hjúkrunarfólk o. þ. h., enn fremur ýmsir opinberir starfsmenn, skólustjórar, kennarar, læknar o. s. frv.).
3. Einkennisbúningar og annar fatnaður (tollverðir, lögregluþjónar, sjómenn ýmsir, pósthjónar o. fl.).
4. Fatnaður, plögg, þjónusta og önnur aðhlyning vinnufólks í sveitum — skepnufóður, engjatak.
5. Heimatekjur presta (prestmata o. s. frv.).
6. Greiðslur í vörum úr verzlunum eða afurðum úr framleiðslufyrirtæki, og greiðsla í sérhverjum öðrum verðmætum eða eignum t. d. hlutafjár-eign í hlutafélagi, innstæða í félagi eða fyrirtæki, hlutdeild í skipi eða húseign o. s. frv. Þann hluta launa, sem eigi er greiddur í peningum, hlunnindi og annað þess háttar, verða skattanefndir að meta til peningaverðs eftir gangverði á hverjum stað og tíma og reikna skatt af með venjulegum hætti. Á sumum aukatekjum eða hlunnindum er lögskipað mat, svo sem á heimatekjum presta, og ber þá að fylgja því.

133
28. des.

Ella skal meta. Kvenmannsfæði til tekna er rétt að meta sem næst 80% af fæði karlmanns.

- C. Samkvæmt framangreindu verða t. d. tekjur vinnumanns: Kaup goldið í peningum, fæði, föt, þjónusta og önnur aðhlyning, skepnufóður og engjatak, ef því er að skipta, hálfur hlutur, ef kaupskilmálar eru þannig o. s. frv.

Tekjur sýslumanns eru t. d.: Laun úr rikissjóði með dýrtíðaruppbót, aukatekjur (innheimtulaun, tekjur af uppboðum o. þ. h.). Skrifstofufé hans kemur einnig til tekna, en hins vegar kemur til frádráttar það, sem á árinu hefir verið varið til skrifstofuhalds, sbr. 15. gr. 8. tölulið og 17. gr. 4. tölulið.

12. gr.

Þessar tekjur af eignum koma aðallega til greina:

Tekjur af
fasteignum.

- A. Tekjur af fasteignum, svo sem landskuld af jörðum, leiga eftir hús, lóðir og aðrar lendur, arður af alls konar ítökum og hlunnindum, svo sem beit, skógarhögg, reki, veiði, upprekstrargjald o. s. frv. Til tekna kemur:

Greidd
leiga.

1. Leiga frá öðrum, í hverju sem greidd er. Telja skal leigufjárhæðina að fullu til tekna, eins þótt óvist sé um greiðslu eða frádráttur verði á annan hátt. Sé leiga töpuð, ber að færa það á móti til frádráttar, og því að eins að fullvist sé, að eigi verði greidd. Sé t. d. húsnæði leigt út með ljósi og hita, kemur sá kostnaður til gjalda, og sé húsaleiga t. d. greidd með því að kynda miðstöð í húsinu, telst sú vinna til frádráttar. En í báðum dæmum kemur húsaleiga fullu verði til tekna. Frádrátt vegna ljóss og hita í þarfir húseiganda sjálfs má þó eigi færa til frádráttar, nema til atvinnurekstrar sé.

Sé leiga greidd í einu lagi fyrir fram eða eftir á fyrir afnot eignar um tiltekið árabíll eða eitt skipti fyrir öll fyrir óákveðinn tíma, má skipta leigufjárhæðinni á fleiri en eitt ár. Sama gildir ef maður t. d. leyfir, að reist sé hús eða mannvirki á landi hans eða lóð, gegn því að eignin falli í hans eign endurgjaldslaus eftir ákveðinn tíma, eða t. d. ef settir eru auglýsingakassar á hús með svipuðum skilyrðum og að ofan greinir.

2. Ef maður notar fasteign sína sjálfur að einhverju leyti eða öllu, þá skal meta til tekna leigu eða afgangi eftir hana. Sé eignin notuð til atvinnurekstrar, kemur þó leigufjárhæðin jafnframt til frádráttar. Þannig er um bújörð bónda, húð eða verzlunarhús kaupmanns o. s. frv. Sem hluti af einkahúsnæði manna telst það húsrúm, sem þeir láta í té skyldfólki sínu, venzlafólki eða vandamönnum endurgjaldslaus eða með lægri leigu, en vera myndi að réttu lagi. Skal það metið á sama hátt sem eigin íbúð. En þá er mögulegt, að frádráttur verði veittur samkvæmt 52. gr.

Leigu eftir eigin íbúð skal meta eins og ætla má, að hún yrði leigð fyrir, miðað við leigu á hverjum stað og tíma, gæði íbúðarinnar og stærð, þægindi sem henni fylgja o. s. frv. Séu leigðar út í sama húsi svipaðar

Eigin leiga.

ibúðir og sú, sem húseigandi notar, skal miðað við það, og yfirleitt kapp- 133
kostað að hafa samanburð við leiguíbúðir. Sé hús í smíðum, þannig 28. des.
að eigandi flytji í það, áður en fullgengið er frá því, ber að taka tillit
til þess. Rétt er ríkisskattanevnd að setja nánari reglur um mat á eigin
húsaleigu.

B. *Tekjur af lausafé.* Hér er að eins átt við það lausafé, sem menn leigja öðr- Lausafé.
um. Tekjur af lausafé er eigandi notar sjálfur, kemur undir atvinnutekjur Leiga eftir
hans. Sá, sem tekur fénað á leigu, skal og telja tekjur af honum, t. d. inn- hvers
stæðukúgildum, en þær tekjur eru atvinnutekjur hans. En eigandi inn- konar
stæðukúgilda, sem fylgja leiguþjórð, telur tekjur af þeim með eignatekjum lausafé.
sinum. Hvers konar lausafé, sem maður lætur annan fá til notkunar gegn
endurgjaldi, er á leigu selt, og leiguupphæðin skattskyldar tekjur.

C. *Vextir og arður.* Þar til telst:

Vextir
o. þ. h.

1. Vextir af skuldabréfum, víxlum og öðrum úlistandandi skuldum eða fjárkröfum á hendur öðrum, enda þótt bréf sé eigi fyrir. Afföll, sem tekin eru af lánum, teljast einnig til vaxtatekna. Skal færa afföllin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert, eftir árafjölda afborgunar- tímans, þó eigi lengri tíma en 5 árum, og í fyrsta sinn á því ári, þegar afföllin voru tekin, eða lán var veitt. Séu eigi gefnar fullnægjandi upp- lýsingar um afföll, skal færa þau til tekna í einu lagi. Þó vextir séu ógreiddir ber að telja þá til tekna, ef telja má líklegt um greiðslu.

2. Vextir og afföll af verðbréfum (öðrum en hlutabréfum, sjá 4). Þar til heyra ríkisskuldabréf, krepplánasjóðsbréf, bankavaxtabréf, skulda- bréf bæjar-, sýslu- og sveitarsjóða, barnaskóla, hafnarsjóða o. s. frv. Afföll af slíkum bréfum koma til tekna með svipuðu móti og afföll af venjulegum skuldabréfum.

3. Vextir af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu hjá lánstofnunum og allar aðrar beinar og óbeinar leigur eftir fé, í hverju sem þær eru goldnar. Hér teljast til vextir af hinni ævinlegu erfðarentu við söfnunarsjóð Íslands.

4. Arður af hlutabréfum. Til arðs af hlutabréfum telst, auk venjulegrar arðsúthlutunar, úthlutuð frihlotabréf, og úthlutanir við félagsslit, um fram upphaflegt hlutafjárframlag, og sérhver önnur greiðsla til hlut- hafa eða önnur afhending og verðmæta, sem hafa peningagildi og telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Einu gildir hvort út- hlutað er í einu arði, sem safnað hefir á mörgum árum eða að eins á síðasta ári.

Arður af
hluta-
bréfum.

Ef hlutafélag hefir endurkeypt eitthvað af sinum eigin hlutabréf- um eða eignast á einhvern hátt, skal arður af þeim bréfum reiknast félaginu til tekna á sama hátt sem hjá einstökum hluthöfum.

Nú er hlutafélagi slitið og eignum þess skipt á milli hluthafa, í hlut- falli við hlutafjäreign þeirra, og telst þá það, sem þeir kunna að fá, auk endurgreiðslu fyrir framlagt fé, til tekna þeirra, einnig þótt umfram-

133
28. des.

greiðsla eða verðhækkun hlutarins stafi af öðru en rekstrartekjum félagsins, t. d. sölu eigna, útborgun vátryggingar o. s. frv. Ef félag endurkaupir hlutabréf af hluthöfum sínum hærra verði en nafnverð þeirra hljóðar, telst mismunurinn arður til hluthafa. En þótt hluthafi selji einhverjum öðrum hlutabréf sín með hagnaði, telst það eigi til tekna, nema það heyri undir sölugróða samkv. 13. gr. C-lið.

Þessi ákvæði ná þó að eins til hlutafélaga, ekki annara félaga (samlagsfélaga, samvinnufélaga o. s. frv). Úthlutanir úr þeim, hvort sem er árleg útborgun, innlausn hlutar eða greiðsla við félagsslit, teljast því eigi til tekna, enda sé að eins um að ræða útborgun eða endurgreiðslu á eignarhluta meðlima í félaginu. Að sjálfsögðu nær þetta eigi til neinnar greiðslu vaxta af framlögðu fé, ágóðapóknana, vinnulauna, uppbóta á keyptum vörum eða seldum afurðum o. s. frv. eða neinna annara greiðslna, sem dregnar eru frá skatttekjum félagsins.

13. gr.

Tekjur af öðrum atvikum eru þessar helztar:

Gjafir. A. *Gjafir.* Til skattskyldra tekna teljast fyrst og fremst gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, og beinar gjafir í peningum eða öðru, sem meta má til peninga, ef það nemur nokkru verulegu. Þetta nær þó eigi til dánargjafa eða fyrirframgreiðslu upp í arf, enda sé greiddur af þeim erfðafjárskattur. Tækifærisgjafir teljast og eigi sem tekjur í þessu sambandi, nema því að eins að um arðberandi eignir sé að ræða, eða tæki til atvinnurekstrar, t. d. ef manni er gefin bifreið, sem hann notar í atvinnuskyni. Gjafir, sem ekki eru í peningum, skal skattanefnd meta til peningaverðs. Það telst einnig til gjafa, ef menn afhenda einhverjar eignir í hendur náinna ættingja sinna eða tengdamanna án þess að greiðsla komi í staðinn, eða ástæða sé til að ætla, að endurgreiðslan sé að eins fyrir nokkrum hluta eignarinnar. Skal þá færa til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar seldu eignar. Sé um eignaskipti að ræða, verður að meta hvora tveggja eignina. Sem dæmi um slík skipti milli skyldra aðila má nefna, ef maður selur bróður sínum hús til muna undir eðlilegu söluverði, ellegar tekur sem greiðslu verðlitol hlutabréf eða önnur verðbréf með fullu nafnverði eða hærra verði, en eðlilegt má teljast. Verður þá að meta bréfin til sanngjarns greiðsluverðs og færa kaupandanum mismuninn til tekna.

Styrktarfé. B. *Styrktarfé.* Til þess telst:

1. Styrkur veittur úr ríkissjóði, svo sem ellistyrkur, styrkur skálda og listamanna, fræðimannastyrkir til útgáfu ritsafna, tónverka, styrkir til verklegra framkvæmda, og allir aðrir styrkir, sem ríkið veitir skilyrðislaust til eignar. Þó skal styrkur, sem veittur er úr ríkissjóði til greiðslu á stofn- kostnaði eða hluta hans, eigi talinn til tekna. Sé um ferðastyrk að ræða,

skal leyfa til frádráttar á móti hæfilegum ferðakostnaði, þó eigi meira en styrkur nemur. 133

28. des.*

2. Styrkir frá öðrum stofnunum, frá einstökum mönnum eða félögum.

Eigi skiptir máli, í hverju styrkur er fólgin, ef til peninga verður metið, og að meginreglunni til skiptir eigi heldur máli í hverju skyni styrkur er veittur, hver styrkþegi er eða hver styrkveitandi er eða hvernig samband er þeirra á milli. Frá þessu eru þó þessar undantekningar:

a. Börn í foreldrahúsum, hvort sem þau sjálf eru skattgreiðendur eða eigi, greiða engan skatt af því framfæri, sem þau fá hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans. Þetta gildir einnig um kjörbörn, stjúpbörn og fósturbörn. Sama er um aðra skylduómaga manns, sem engar tekjur hafa skattskyldar. Þeir losna allir við skattgreiðslu, enda þótt framfærslan, sem er þá einu tekjur þeirra, nema meira en persónufrádrætti. Þetta gildir þó því að eins, að ekki sé um laun að ræða.

Börn í foreldrahúsum.

Skylduómagar.

b. Fátækrastyrkur, veittur úr bæjar- og sveitarsjóðum, telst eigi til skattskyldra tekna, hvort sem styrkþegi hefur tekjur jafnframt honum eða ekki. En að öðru leyti verða menn skattskyldir jafnt og aðrir skattþegnar, þótt þeir hafi hlotið sveitarstyrk — að eins skal sveitarstyrkurinn eigi koma til greina við ákvörðun skattsins.

Hreppsómagar.

c. Tillög manns til fráskilinnar konu eða konu til manns, teljast eigi til tekna þess hjóna, er styrk fær, enda fær styrkgreiðandinn að eins lögákveðinn persónufrádrátt þess vegna, þótt styrkurinn nemi meira. En frádrátt fær maður, t. d. þótt kona sé gift aftur, eða hafi skattskyldar tekjur, enda sé um sanningsbundna greiðslu að ræða. Þetta ákvæði gildir því að eins, að um hreinan styrk sé að ræða, ekki endurgreiðslu á séreign, laun o. þ. h.

Tillag hjóna hvors til annars.

d. Námsstyrkur, veittur úr rikissjóði og öðrum opinberum sjóðum. Að því er snertir aðra námsstyrki, sjá um námskostnað 17. gr. 8. tölulið.

Námsstyrkur.

e. Styrkir og samskotafé vegna veikinda eða slysa.

C. Ágóði af sölu af fasteign eða lausafé (þar með verðbréf og kröfur), enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má annaðhvort:

Ágóði af eignasölu.

1. Að hann hafi keypt eignina eða öðlzt hana á annan hátt (t. d. í maka-skiptum), í því skyni að selja hana aftur með ágóða — en þar er það leiðarvísir, hvort hann hefir þurft á eigninni að halda eða eigi, hvort hann hefir þurft að taka eignina upp í skuld o. s. frv., hvort hann er kunnur að eignakaupum í ágóðaskyni — eða

2. eignin hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef fasteign er, og skemur en 3 ár, ef lausafé er. Ef eignin hefir verið skemur en þetta í eign hans, þá þarf eigi að rannsaka það, í hvaða skyni hann hefir eignast hana. Og að sjálfsögðu greiðist allt af tekjuskattur af sölugróðanum, ef aðili

133

• 28. des.

hefir atvinnu af því að kaupa eignir fyrir sinn reikning og selja þær aftur, eða selja þær í umboðssölu.

Sölugróði er skattskyldur það ár, sem afsal er gefið fyrir hinni seldu eign.

Frá sölugróða má draga tap, sem orðið hefir á sams konar sölu á skattárinu. Sams konar er salan að eins, ef svo er ástatt sem í 1. og 2. að ofan segir. Frá sölugróða má enn fremur draga þann kostnað, sem salan hefir haft í för með sér fyrir seljanda, sölulaun o. þ. h., enn fremur útlagðan kostnað við endurbætur, sem kunna að hafa verið gerðar á eigninni, enda verði endurbæturnar eigi taldar til venjulegs viðhalds. Um viðhaldskostnað, fyrningu og greidd gjöld af keyptum og seldum eignum fer eftir ákvæðum 16. gr. B. 4—6.

Ef skattþegn vill njóta frádráttar samkvæmt ofansögðu, verður hann að færa rök fyrir því við skattanefnd, að hann eigi rétt til þess frádráttar.

Um sölu á „goodwill“ gildir hið sama sem um sölu annars lausafjár. Telst söluverðið eigi til tekna, ef seljandi hefir rekið fyrirtækið í 3 ár eða lengur. Þess skal þó jafnan gætt, að í „goodwill“ séu ekki innifalnar tekjur af rekstri, t. d. með því að meta vörubirgðir og útistandandi skuldir óeðlilega lágu verði, en „goodwill“ þeim mun herra.

- Veðmál o. fl. D. Vinningar í veðmáli, happdrætti eða því um líkt. Hér til teljast tekjur, sem kalla má fengnar fyrir tilviljun og skattskyldar verða, svo sem fé unnið í spilum, fundið fé o. þ. h. Vinningar í happdrætti háskóla Íslands eru þó undanþegnir tekjuskatti með lögum nr. 44, 19. júní 1934.
- Skaðabætur. E. Skaðabætur fyrir sammingsrof og önnur slík viðurlög og bætur fyrir tjón, annað en á fjármunum, og eigi heldur slysa- og örorkubætur. Skattskyldar tekjur eru því t. d. skaðabætur fyrir atvinnuróg og meiðyrði. Hafi tjónið valdið tekjurýrnum, kemur það hins vegar fram á öðrum liðum.

14. gr.

- Sérreglur félaga o. fl. A. Um tekjuákvörðun félaga, sjóða eða stofnana, bæði innlendra og erlendra (sjá 4. gr.) gilda almennt sömu reglur sem um ákvörðun á hreinum tekjum einstaklinga. Tekjurnar verða yfirleitt skattskyldar, hvernig sem þeim er varið. Til skattskyldra tekna félaga, sjóða og stofnana reiknast því, með þeim takmörkunum sem gerðar eru í B.-lið þessarar greinar, þær tekjur, sem ráðstafað er með einhverjum neðangreindum hætti:

- Arðs-úthlutun. 1. Úthlutað til félagsmanna eða hluthafa sem vextir eða arður af innborguðu fé (hlutafé, stofnfé, sameignarfé eða öðru innskotsfé). Nær þetta jafnt til félaga með takmarkaðri og ótakmarkaðri ábyrgð. Einu gildir hvort arður eða vextir eru útborgaðir eða er bætt við hlut eða séreignarinnstæðu (t. d. frihlutabréf í hlutafélagi, stofnfjárukning í samlagsfélagi). Hér fellur og undir ágóðahluti (tantieme) greiddur stjórn, framkvæmdarstjóra, fulltrúum eða öðrum hluthöfum af hreinum tekjum

félags, ef telja má, að raunverulega sé um arðsúthlutun að ræða. Sama 133
er um „bónus“-greiðslur líftryggingarfélaga. 28. des.

Félög öll skulu gefa skattanefndum skýrslu um arðsúthlutun og Bónus.
aðrar vaxtagreiðslur af stofnfé og öðru innskotsfé.

2. Varið til að lækka matsverð eigna eða til annara óvenjulegra fyrninga, Fyrningar.
um fram löglegar afskriftir til skatts, sem telja má til rekstrarkostnaðar.
 3. Varið til myndunar eða aukningar sameignarsjóða (varasjóða, trygg- Varasjóður.
ingarsjóða o. s. frv.), þó með þeim takmörkunum, sem um getur í B.-
lið hér á eftir.
 4. Yfirfært óráðstafað til næsta árs, hvort sem sú yfirfærsla kemur fram í Yfirfærslur
til næsta
árs.
áuknum eignum eða lækkuðum skuldum, eða hvoru tveggja.
- B. Frá framangreindum ákvæðum eru gerðar eftirfarandi undantekningar:
1. Félög þau, sem um ræðir í 4. gr. 1. tölulið (þ. e. hlutafélög, samlags- Sérákvæði
um félög
með tak-
markaðri
ábyrgð.
Samvinnu-
félög.
hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð) njóta þess frádráttar, sem ákveðinn er í 19. gr. B. (5% af hlutafé og hálfv. varasjóðstillag).
 2. Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekj-
um sínum:
 - a. Það, sem þessi félög greiða félagsmönnum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, samkvæmt ákvæðum samvinnulaganna nr. 36, 27. júní 1921.
 - b. Þau af framangreindum félögum, sem vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, svo sem sláturfélög, mjólkurbú, smjörbú o. fl., mega draga frá það, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við fram-
lög þeirra af afurðum, hvort sem það er greitt út eða lagt í stofnsjóð.
 - c. Vexti af stofnsjóðsinnignum félagsmanna.
 - d. Enn fremur njóta samvinnufélög frádráttar samkvæmt 19. gr. B. (hálfv. tillag í varasjóð).
- Það, sem félagsmenn fá úthlutað í hlutfalli við það, sem þeir hafa lagt fram eða selt félaginu af vörum á árinu, kemur til tekna hjá einstökum félagsmönnum sem hluti af búsarði þeirra, og enn fremur vextir af stofnsjóðsinnignum. Hins vegar telst þeim eigi til tekna það, sem úthlutað er í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, nema viðskiptin séu gerð í atvinnuskyni af hálfu félagsmanna, t. d. til að selja vörurnar aftur.
3. Skattskyldar tekjur váttryggingafélaga, sem starfa hér á landi, teljast sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess, bæði hér og erlendis.

Dæmi:

Hreinar tekjur félags eru 50 000 kr.

Iðgjöld hér á landi eru 30 000 kr.

Allar iðgjaldatekjur þess 300 000 kr.

Þá verða skattskyldar tekjur $\frac{50000 \times 30000}{300000} = 5000$ kr.

133

28. des.

Innlend váttryggingarfélag (ábyrgðarfélag) hafa heimild til að draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til tryggingar skuldbindingum sínum við þá, sem hjá þeim eru tryggðir. Þetta getur þó einungis gilt um skuldbindingar, sem þegar hafa verið gerðar gildandi á hendur félaginu, t. d. brunatrygging á húsi, sem er brunnið, líftrygging, sem greiða verður bráðlega, af því sá er látinn, sem tryggður var o. s. frv.

15. gr.

Greining
tekna og
eigna.

Til tekna telst ekki:

1. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði. Tekjur hans aukast ekki fyrir það eitt, heldur eykst eign hans. Annað mál er það, að leiga eða arður eftir eignina kann að aukast um leið, og verður það þá til hækkunar skattskyldum tekjum aðila. Í samræmi við regluna um verðhækkun fjármuna er það, að verðlækkun þeirra skiptir eigi heldur máli um tekjur skattþegns nema óbeinlínis, ef lækkun arðs eða leigu er henni samfara.

Verð-
hækkun.

Eignasala.

2. Tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda, þ. e. afhendingu til eignar gegn endurgjaldi (eign tekur hér yfir verðbréf og fjármuni yfirleitt). Þótt maður selji eign hærra verði en hann keypti hana, þá skoðast það ekki sem tekjuauki, heldur sem eignarauki, og tekjuskattur því eigi greiddur af neinum hluta söluverðsins. Til tekna telst þó sölugróði af eign.

a. Ef salan fellur undir atvinnurekstur aðila, t. d. fasteignaverzlun, verðbréfaværslun o. s. frv.

b. Ef salan fellur undir ákvæðin í 13. gr. c-lið.

Arftaka,
váttrygging
o. fl.

3. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða áfallinn, enda hafi gjaldandi lagt fram skilríki fyrir því, að erfafjárskattur hafi verið greiddur. Sama gildir um tekjur, sem stafa af stofnun hjúskapar, kaupmála, útborgun lífsábyrgðar, örorkubóta, brunabóta, og annarrar greiðslu váttryggingar yfirleitt, t. d. sjóváttryggingar, enn fremur endurgreiðslu úr lífeyrissjóði embættismanna og lífeyrissjóði barnakennara, ef þeir láta af starfi án eftirlauna. Hér telst og til proventukaup og fúlga með ómaga, sem ekki er skylduómagi aðila, nema fúlgan nemi meira en framfærinu.

Skaða-
bætur.

4. Skaðabætur fyrir eignatjón og spell á fjármunum.

Lántaka
o. fl.

5. Lántaka eða eyðsla höfuðstóls. Sjálf lánsfjárhæðin, eða höfuðstóllinn, sem eytt er, verða ekki talin tekjur. En ef lánsfjárhæðin annaðhvort gefur beinlínis hærri vexti en greiddir eru af henni, eða hún er sett í arðsamt fyrirtæki, þá aukast tekjur aðila fyrir það, og skattur því greiddur af þeim tekjum, sem að visu stafa af lánsfé.

Eftirgjöf
skulda.

6. Eftirgjöf skulda, sem sannazt hefir um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru eigi til fyrir. Eftirgjöfin telst

- þó til tekna, ef eftirgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi. 133
28. des.
7. Endurgreiðsla, sem gjaldþegn fær, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir. Þetta nær fyrst og fremst til ferðakostnaðar, sem er endurgreiddur. Séu skattgreiðanda greiddir dagpeningar eða önnur slík þóknun fyrir störf sín, telst það sem tekjur, en heimilt er þó að færa til gjalda á móti þann kostnað, sem skattþegn verður að greiða vegna fjarveru frá heimili sínu. Dæmi um þetta eru þingstörf, nefndastörf o. þvl. Fjarvist í þessu sambandi merkir þá fjarvist er sviftir aðila getu til þess að annast sjálfur skyldustörf sín eða atvinnu.
8. Risnufé og skrifstofufé, sem greitt er opinberum embættismönnum og starfsmönnum, nema að því leyti sem það kann að nema meira en útlagður kostnaður, sbr. 17. gr. 4. lölulið. Hins vegar telst til tekna risnufé greitt af öðrum en ríkinu, stofnunum þess eða öðrum alþjóðlegum stofnunum. Risnufé og skrifstofufé.
9. Vinningar í happdrætti háskóla Íslands, sbr. 13. gr. D. Happdrætti.
16. gr.
- Þeir, sem atvinnu reka, mega draga frá tekjum sínum:
- A. Hjá verzlunum og öðrum sölufyrirtækjum kemur til frádráttar innkaupsverð eða kostnaðarverð þeirra vara, sem seldar hafa verið á árinu, þar með taldar aðkeyptar efnivörur til iðnaðar- og framleiðslufyrirtækja. Frádráttur.
- Kostnaðarverð vöru telst hér kaupverð hennar, að viðbættum flutningsgjöldum, tollum og öðrum kostnaði, sem á vöruna fellur, unz hún er komin á sölustað. Taka verður tillit til breytinga á vörubirgðum, þannig að lagðar eru saman vörubirgðir fyrirtækisins í byrjun skattársins og vörukaupin á árinu og síðan frádreginn vöruforði í árslok. Mismunurinn kemur til frádráttar sem kostnaðarverð hinna seldu vara. Um mat birgða vísast til 25. gr. D-liðar. Kostnaðarverð seldra vara.
- Skattanefndir verða að fylgjast með því, að fyrirtæki meti vörubirgðir sínar eftir sömu reglum frá ári til árs. Í mati birgða eru fölgendir möguleikar til þess að jafna tekjum milli ára. Einnig ber skattanefndum að gefa gætur að því, hvort álagning eða hlutfallslegur „brúttó“-ágóði er líkur frá ári til árs og svipaður hjá hliðstæðum fyrirtækjum, og fá skýringar á, ef þar virðist eigi allt með feldu.
- B. Framleiðslukostnaður, auk keyptrar efnisvöru, og allur rekstrarkostnaður, sem atvinnunni er samfara. En hér falla undir þau gjöld, sem ganga til þess að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við. Þetta tekur þó að eins til þeirra gjalda, sem eru beinlínis bundin við atvinnuna sjálfa og í venjulegum skilningi heyra til rekstrarkostnaði. Greiðslur, sem hafa í för með sér breytingar á eignum gjaldanda, heyra ekki undir rekstrarkostnað, svo sem kaup á eignum, afborganir skulda o. þ. h., nema um sé að ræða

133

28. des.

Rekstrar-
kostnaður.

Vextir.

Vextir, sem
eigi má
draga frá
til skatts.

Húsnæði.

Manna-
hald.Kaup aðila
sjálfs.

Skyldulið.

vörukaup til sölu aftur. Einkaútgjöld atvinnurekandans sjálfs eru rekstri hans óviðkomandi, o. s. frv.

Rekstrarkostnaður er mjög margbreytilegur, eftir tegund og eðli atvinnurekstrar, en hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir ýmsum helztu kostnaðarliðum.

1. *Vextir*, af öllum skuldum gjaldanda, föstum og lausum, þar með taldir dráttarvextir af lánnum, sköttum og útsvörum, beinn lántökukostnaður, framlengingargjald og stimpilgjald af vixlum, sameiginlegur lántökukostnaður í byggingarfélagi o. þ. h. Enn fremur afföll af lánnum, og færast þau til gjalda samkvæmt reglunum í 12. gr. C. 1. og 2. tölulið.

Til gjalda má þó eigi færa:

- a. Vexti af skuldum stofnuðum vegna húsagerðar, ef áfallnar eru áður en húsin eru tekin í notkun.
- b. Vexti af ábyrgðarskuldum, sem eru áfallnir áður en lánið fellur á aðila.
- c. Ógreidda vexti, þótt fallnir séu í gjalddaga, ef efnahagur og aðrar ástæður gjaldanda eru þannig, að fullkominn vafi getur leikið á því, hvort hann muni greiða vextina. Til hliðsjónar er þá m. a., hvort skuldareigandi telur vextina sér til tekna.
- d. Vexti af því fé, sem gjaldandi hefir sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn. Eigi mega félög eða stofnanir heldur telja til frádráttar vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé, sbr. þó 14. gr. Hins vegar má telja til rekstrarkostnaðar vexti af láni, sem einhver meðlima lánar félagi, þó er þess að gæta, að slíkir vextir verða eigi dregnir frá tekjum lánveitandans af fyrirtækinu, ef tekjum félagsins er skipt samkvæmt 6. gr. 4. tölulið.

Skattanefndir verða að gæta þess, að afborganir lána séu eigi innifalnar í vaxtagjöldum tilfærðum á framtali.

2. *Húsaleiga* og annar kostnaður í því sambandi, ljós, hiti og ræsting. Ef gjaldandi notar sama húsnæði bæði til íbúða fyrir sig og til atvinnu sinnar, verður að áætla, hversu mikið af kostnaðinum tilheyrir rekstrarkostnaði og megi koma til frádráttar. Sé atvinnurekandi sjálfur eða fyrirtæki eigandi að húsnæði því, sem notað er til atvinnurekstrar, má sleppa leigunni. Sé greidd fyrir fram leiga fyrir langt tímabil, t. d. 10 ár, skal deila henni á árin.

3. *Mannahald eða kaupgreiðslur*. Þar til teljast: Hjú, skrifstofumenn, verkafólk hjá iðnfyrirtækjum og öðrum atvinnugreinum, búðarfólk, skipshöfn o. s. frv. Þó má gjaldandi eigi reikna sjálfum sér kaup né skylduliði sínu, nema sá telji fram sér í lagi tekjur sínar, eigi heldur vinnukonum. Skyldulið manns eru allir, sem honum er lögskýlt að framfæra (hjón, foreldrar, börn, þar með talin kjörbörn, stjúpbörn og fósturbörn, en um þau gilda samkv. tekjuskattslögum sömu reglur sem börn almennt). Þarfir sínar og skylduliðs síns, sem eigi telur fram, má aðili

ekki telja sérstaklega fram til frádráttar og yfirleitt ekki það fé, sem hann notar sér eða því til framfæris eða nytja. Þar á móti fæði eða húsnæði þeirra starfsmanna sinna annara, sem að atvinnu hans starfa. 133
28. des.

Gjafir til starfsfólks má því að eins leyfa til frádráttar, að þær séu gefnar upp með öðrum kaupgreiðslum, og um beinan kaupauka sé að ræða — ekki tækifærisgjafir. Taki atvinnurekandi að sér greiðslur á sérstökum kostnaði vegna starfsfólks síns um fram skyldu, t. d. veikindi, kostnað við útför o. þ. h., telst það eigi til rekstrarkostnaðar. En þá er heimilt að veita ívilnun í skatti samkv. 52. gr. Gjafir — Kaupauki.

Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur launauppbót greidd starfsmönnum og verkamönnum, hvort sem hún er greidd í reiðufé eða hlutabréfum eða öðrum innstæðum hjá fyrirtækinu. Launauppbót.

Félög og stofnanir mega ekki færa til gjalda ágóðahlut, sem meðlimum eða félagsmönnum kann að vera veittur, en kaupgreiðslur til þeirra að öðru leyti eru frádráttarbærar. Gildir það einnig um samlagssfélög þriggja manna eða færri, þótt tekjum sé skipt. En að sjálf-sögðu koma þær tekjur þá til tekna hjá hlutaðeigandi félagsmönnum. Ágóða- hlutur.

4. Nauðsynlegt viðhald á arðberandi eignum gjaldanda, eða öðrum eignum, sem notaðar eru til atvinnurekstrar. Hér til heyra þau gjöld, sem fara til þess að halda eignum, eða einstökum hlutum þeirra, í sama ástandi eða sem líkustu horfi því, sem þær voru í nýjar, eða þegar þær komu í eigu gjaldanda. Útgjöld vegna endurbóta á eigninni, breytinga, stækkun o. s. frv., um fram venjulegt viðhald, kemur því ekki til frádráttar. Séu húseignir teknar sem dæmi, heyrir þar til viðhald, málun, veggfóðrun, viðgerð á þaki o. þ. h. Hins vegar eigi kostnaður við að setja í hús bað og vatnssalerni o. s. frv. Eigi heldur endurbætur á lóðum og görðum, sem húsi kunna að fylgja. Viðhald.

Sé framkvæmt í einu lagi viðhald og endurbætur, verður að meta, hvað telst til viðhalds; t. d. ef lögð er miðstöð í hús í stað ofna, má draga frá áætlaðan kostnað við að setja nýja ofna í stað þeirra, er teknir voru, að frádrögnum andvirði gömlu ofnanna. Sé t. d. íbúð gerð að verzlunarymi, er kostnaður sá, sem sérstaklega er tilkominn vegna breytingarinnar, ekki frádráttarbær, og á frádrátturinn að miðast við það, sem talizt getur almennt viðhald húseignarinnar. Viðhald og endurbætur.

Ef eignaskipti verða að húsi eða öðrum eignum, má eigi leyfa til frádráttar hærri fjárhæðir til viðhalds en teljast mega eðlilegar og venjulegar, hvorki hjá viðtakanda eða þeim, sem af hendi lætur. Það, sem í slíkum tilfellum er um fram venjulegt viðhald, verður að teljast endurgoldið af söluverði eignarinnar eða hluti af kaupverði hennar.

Ef gjaldandi sjálfur vinnur að viðhaldi á eign sinni, kemur sú vinna ekki til frádráttar — að eins aðkeypt vinna og efni.

Að öllum jafnaði telst það eigi til viðhalds, ef endurnýjuð er eign, sem eyðt hefir vegna slysa eða af öðrum ástæðum, t. d. ef skip eða

133
28. des.
Fyrning.

bátur ferst, bryggja ónýttist o. s. frv. En veita má þá ívilnun í skatti samkvæmt 52. gr.

5. *Fyrning*. I. Fyrningu eða afskrift eigna, sem notaðar eru við atvinnurekstur, skal miða við það, sem ætla má, að eignin eða hluturinn endist. Fyrning verður því árlega það, sem hluturinn kostaði, deilt með þeirri áratölu, sem ætla má að hluturinn geti enzt, og að frádregnu verði hans, þegar hluturinn er lagður niður. Ef verð hlutarins er a, endingarárið b, og verð hans til niðurlags c, þá er árleg fyrning $\frac{a-c}{b}$

Sjaldan verður vitað fyrir fram um niðurlagsverð hlutar. Verður því venjulegast að miða árlega afskrift við áætlaðan endingartíma og áætlað niðurlagsverð. Verði hluturinn ónýtur, áður en lokið er afskrift hans, færast þær eftirstöðvar til gjalda það ár, þegar hluturinn verður ónýtur. Endist hluturinn hins vegar lengur en þann tíma, sem miðað er við, fellur fyrning hans að sjálfsögðu niður eftir það. Sé hluturinn seldur hærra verði en hann er fyrndur niður í, telst mismunurinn skattskyldar tekjur. Þetta gildir þó eigi um venjulega fyrningu á fasteignum.

Reglur um
fyrningu.

Dæmi: Setjum að vélar séu keyptar á 10 þús. kr. og áætlað, að þær endist í 10 ár og séu þá einkis virði. Þá er árleg fyrning 10% eða 1000 kr. Segjum að þegar 9 ár eru liðin, sé auðsætt að vélarnar endist lengur, en 1 ár til, þá er mönnum í sjálfsvald sett, hvort þeir afskrifa þá þær 1000 kr., sem eftir eru, sem bókfært verð og bókfæra vélarnar þá á t. d. 1 kr. eða áætla, hvað vélarnar endist lengi eftir það, t. d. 4 ár, og afskrifa þá 250 kr. á ári eða í þriðja lagi fresta allri afskrift, þangað til vélarnar verða ónýtar og færa þá til gjalda þær 1000 kr., sem eftir standa.

Séu vélarnar hins vegar seldar, verður að taka til greina þann mismun, sem verða kann á söluverði og bókfærðu eignarverði. Í lok 9. ársins er búið að afskrifa 9000 kr. og eftir standa 1000 kr. Séu vélarnar seldar þá á 1500 kr., koma 500 kr. sem tekjur. Séu þær seldar á 800 kr. koma 200 kr. til gjalda.

Nú er eignarréttur til einhvers hlutar eða eignar takmarkaður við vissan árafjölda, þannig að aðili verður að láta eignina af hendi eða eyðileggja hana innan einhvers ákveðins tíma, endurgjaldslaust eða án þess að fullar bætur komi fyrir, og er þá leyfileyt að miða fyrningu við þann tíma, sem eignin á eftir að vera í eigu gjaldanda í stað endingartímans. Þannig er, ef t. d. eru reist hús og önnur mannvirki á annars manns landareign með þeim skilyrðum, að eignin falli í hendur landeiganda eftir tiltekið árabíl, eða ef menn eru skyldaðir til að rífa eða flytja burt húseign t. d. vegna götulagninga í bæjum.

II. Eigi má afskrifa:

- a. Eignir, sem tilheyra ekki atvinnurekstri, t. d. innanstokksmuni á heimili atvinnurekanda, einkabifreið o. s. frv. Sé bifreið t. d. notuð bæði í þarfir atvinnurekstrar og í einkaþágu atvinnurekanda sjálfs,

Eignir, sem ekki má afskrifa til tekjuskatts.

verður að ætlast á um, hve mikið af notkuninni tilheyrir rekstrinum og miða fyrningu við það. Á húseignum öllum má þó tilfæra fyrningu, til hvers sem notaðar eru. 133
28. des.

- b. Lönd og lóðir eða aðrar slíkar eignir, sem eigi rýrna eða ganga úr sér við notkun. Rýrnun á bústofni kemur fram í bústofnsskerðingu (sjá 22. gr.) og rýrnun vörubirgða kemur fram í mati þeirra, og verður þá fyrning eigi reiknuð á annan hátt.
- c. „Goodwill“. Hann telst hluti af kaupverði því, sem fyrir fyrirtæki er gefið, og er því ekki frádráttarbær. Þess er að gæta, að „goodwill“ getur verið innifalinn í kaupverði fyrirtækis, þótt hann sé ekki tilfærður sérstaklega, t. d. í keyptum vörubirgðum, útistandandi skuldum og verða skattanefndir þá að gjalda varhug við afskrift eða matslækkun þeirra eigna. Hins vegar má afskrifa raunverulegan stofnkostnað, t. d. ferðakostnað o. þ. h., sem lagt er í við stofnun fyrirtækis.
- d. Afskriftir á hlutum vegna verðlækkunar teljast eigi til frádráttar.
- e. Verði töp á eignum, t. d. stórfelldar bryggjuskemmdir, tap á vörfarmi, bátstapi o. s. frv., má eigi afskrifa það til tekjuskatts. Það heyrir undir ívilnun samkvæmt 52. gr.

III. Ríkisskattanefnd setur nánari reglur um fyrningu og ákveður árlega fyrningar-, „prósentu“ af helztu tegundum eigna.

Sömu reglu um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Skal því reiknuð fyrning af eignum án tillits til þess, hvort hlutaðeigandi fyrirtæki er í tapi eða gróða.

Hafi eign verið að eins nokkurn hluta af ári í eign gjaldanda, eða mat hennar breytt á árinu, breytist fyrning samkvæmt því.

6. *Skattar og gjöld.* Telst þar til m. a.:

- a. Tekjuskattur, eignarskattur og útsvar, sem á fyrirtækið hefir verið lagt og greitt hefir verið á árinu. Það er því skilyrði, að skattur eða útsvar sé greitt fyrir lok skattársins, ella fæst það eigi frádregið. Og eigi má gjaldandi draga frá skatt eða útsvar, sem lagt hefir verið á annan mann, félag eða fyrirtæki, enda þótt hann hafi yfirtekið rekstur þess og þar með greiðslu áfallinna gjalda. Skattur eða útsvar, sem maður kann að hafa greitt í öðru ríki, er eigi frádráttarbært, nema það kunní að heyra undir F-lið þessarar greinar. Kirkjugjald er ekki frádráttarbært.
- b. Skattar og önnur opinber gjöld af ákveðnum eignum — fasteignaskattur, fasteignargjald, brunabótagjald o. fl. af fasteignum (heimtaugargjald er hins vegar eigi frádráttarbært), bifreiðaskattur og bifreiðatrygging af bifreiðum, sem notaðar eru til atvinnurekstrar o. s. frv. Iðgjöld af ábyrgðartryggingu eru ekki frádráttarbær. Stimpilgjöld og þinglestrargjöld í sambandi við eignaskipti (kaupsamning og afsal) má eigi heldur draga frá.
- c. Skattar og tollar, sem bundnir eru við sérstaka tegund atvinnu, svo

Opinber
gjöld.

133

28. des.

sem framleiðslutollur hjá framleiðslu- og iðnaðarfyrirtækjum, skemmtanaskattur o. þ. h.

Lögtakskostnað af ofangreindu má eigi færa til frádráttar.

7. Keyptar vörur til eyðslu og notkunar við reksturinn, auk efnisvöru, svo sem: Kol, olía, salt, veiðarfæri, beita o. þ. h. til útgerðar, fræ til jarðræktar o. s. frv.

Um slíka eyðslu- og neytluvöru gildir hið sama sem segir um vöru- notkun undir A-lið þessarar gr., að eins telst til gjalda það, sem notað er af þessum vörum á árinu, og það, sem óeytt er í árslok af slíkum vörum, færast eigi til gjalda.

Til rekstrarkostnaðar telst ekki:

Telst eigi
til rekstr-
arkostn-
aðar.

- a. Það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, þar með talið kaup handa honum eða úttekt hans, og kaup og önnur hlunnindi skylduliðs hans, konu, barna og annara ómaga, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi, og um raunverulega kaupgreiðslu sé að ræða, og engin einkaútgjöld hans svo sem: Hjúahald til heimilisparfa (nema heyrir undir 17. gr. 7.), húsaleiga til íbúðar, viðhald, fyrning og tryggingargjöld af innanstokksmunum á heimili eða öðrum slíkum einkaeignum, gjafir, nema fyrir vinnu við atvinnurekstur hans. Ef hins vegar slíkir ómagar vinna við atvinnureksturinn, verður að meta þau hlunnindi, er þeir fá, hæfilega til tekna, og ýmis fleiri gjöld, sem snerta einkaeyðslu gjaldanda, er oft geta blandast saman við rekstrarkostnað (símagjöld, bifreiðakostnaður, ferðakostnaður, risna að sumu leyti o. s. frv.).
- b. Vextir af fé, sem gjaldandi hefir sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn. Eigi má heldur félag eða stofnun færa til gjalda vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé, um fram það, sem ákveðið er í 14. gr.
- c. Greiðsla fyrir einkaleyfi, verzlunarleyfi, framleiðsluleyfi o. s. frv., stofngjald síma og aðrar slíkar greiðslur, sem ekki teljast til rekstrarkostnaðar. Þar til heyrir og alls konar annar stofnkostnaður, ferðakostnaður, stimplun hlutabréfa, lögfræðisaðstoð, skráning o. fl. í sambandi við stofnun fyrirtækis.

C. Tap á útistandandi skuldum gjaldþegns.

- I. Til þess að slíkur frádráttur geti orðið veittur, þurfa eftirfarandi skilyrði að vera fyrir hendi:

Skilyrði að
skuldin
stafi bein-
línis af at-
vinnu-
rekstri
aðila.

- a. Að *skuldir stafi beinlínis af atvinnurekstri aðila*, t. d. töpuð vörlán frá verzlunum eða húsaleiga frá húseigendum og beinn útlagður kostnaður í því sambandi, sem eigi fæst endurgreiddur (flutningskostnaður á vörum, ljós og hiti til leigjanda, innheimtukostnaður o. s. frv.). Hér koma því eigi til greina vangöldin peningalán, tap á hlutabréfum eða öðrum slíkum framlögum til félaga, töp vegna ábyrgða o. þ. h. Þótt atvinnurekandi hafi gengið í ábyrgð, veitt peningalán eða veitt einhverja slíka aðstoð til stofnunar eða rekstrar

fyrirtækis, gegn því að verða vissra viðskiptakjara aðnjótandi, teljast þau töp, sem þannig kunna að vera tilkomin, eigi frádráttarbær. Eigi heldur þótt t. d. tvö fyrirtæki hafi gengið í ábyrgð hvort fyrir annað á víxlum og skuldbindingum.

Til frádráttar koma eigi heldur afskriftir, sem telja má gjöf, þótt upphaflega sé veitt sem lán að forminu til, en síðan afskrifuð (vörulán og leiga til venzlafólks o. fl.).

Þjófnaðartöp eru frádráttarbær, enn fremur sjóðþurðir hjá gjaldkera fyrirtækis.

- b. *Að sönnur séu fyrir því, að fjárhæð skuldarinnar hafi áður verið talin til tekna hjá aðila.* Hjá þeim sölu- eða leigufyrirtækjum, sem að eins færa til tekna innborganir, verður því yfirleitt ekki um afskriftartöp að ræða. Fjöldi fyrirtækja hefir svo breytilegar venjur um bókfærslu lánsviðskipta, að skattanefndir verða að hafa vakandi auga með, hversu bókhaldi þeirra er háttað í þessu efni.
- c. *Að vitanlegt sé, að skuldin sé töpuð og að það hafi orðið vitanlegt á því ári, sem frádrátturinn kemur á.*

Að skuldin hafi verið færð til tekna í atvinnurekstri aðila.

Skuld telst vitanlega töpuð:

1. Ef skuld er fyrnd eða sannast á annan fullnægjandi hátt, að eignir séu eigi til fyrir henni eða hún verði eigi greidd, svo sem við gjaldþrot, nauðasamninga, árangurslaust fjárnám o. þ. h.
2. Ef hún er eftirgefin með samningi t. d. samkvæmt lögum um kreppulánasjóð eða skuldaskilasjóð útgerðarmanna eða með sérstökum samningi eða samkomulagi við skuldunaut sjálfan.
3. Ef telja má fullvist, að skuldin fái eigi greidd, enda þótt hún sé eigi sannanlega töpuð eða eftirgefin samkvæmt a. eða b. að ofan. Líkur einar eru þó eigi nægar, heldur verða öll gögn að liggja til þess að skuldin sé að fullu töpuð: Að það hafi sýnt sig við ítrekaðar innheimtutilraunir, að aðili sé ófær til greiðslu, að hvorki fái af skuldinni afborgun og vextir né veð fyrir henni, og að efnahagur hans og afkoma sé þannig, að greiðslu verði ekki að vænta, enda sé eigi um gagnkröfu að ræða af hálfu skuldunauts.

Hvenær skuld telst vitanlega töpuð.

Það er eigi nægilegt til þess, að skuld megi afskrifa, að óvist sé um greiðslu, að greiðsludráttur hafi orðið eða samningar verið rofnir (t. d. víxlar fallið), ef ástæða er til að ætla, að aðili muni fær til að greiða.

Sé skuld eigi sannanlega töpuð samkvæmt 1. eða 2. tölulið að ofan, verður yfirleitt ekki talin ástæða til að afskrifa hana, ef samið hefir verið við skuldunaut, og enn hefir eigi reynt á, hvort við þá samninga verði staðið, ef enn er haldið áfram lánsviðskiptum við skuldunaut, án þess að fullar tryggingar séu settar, eða ef greiðsla afborgunar eða vaxta hefir farið fram á árinu. Og að öllum jafn-

133

28. des.

aði verður aðili að teljast fullfær til greiðslu skuldar, ef eignir hans samkvæmt eignaframtali svara til skulda, enda séu eignir hæfilega metnar.

Nú tapast hluti af skuld t. d. við gjaldþrot, eða samninga um eftirgjöf, eða veð fæst að eins fyrir nokkrum hluta skuldar, ellegar á annan hátt fengin vissa fyrir því, að hluti af skuldinni fáist eigi greiddur, og er þá leyfilegt að afskrifa þann hluta, enda hafi gjaldandi fullnægjandi reikningshald.

Ef skuld er afskrifuð, er skuldunaut eigi leyfilegt að telja hana til skuldar, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, er skattanefnd tekur gildar.

Innborg-
aðar af-
skrifadar
skuldir.
Sundur-
liðun yfir
afskrifadar
skuldir.

- II. Sé eitthvað innborgað af skuld, sem afskrifuð hefir verið, telst það til tekna gjaldanda það ár, sem greiðsla átti sér stað.
- III. Senda ber skattanefnd sundurliðaða skrá yfir þær skuldir, sem taldar eru tapaðar, með tilgreindu nafni og heimilisfangi hvers einstaks skuldunauts ásamt skuldarfjárhæð og þeim upplýsingum, sem þurfa þykir. Enn fremur lista yfir innborganir af áður afskrifuðum skuldum, ef einhverjar eru.

Skyldur
skatta-
nefnda.

Skattanefndir verða að fylgjast rækilega með skuldaafskriftum fyrirtækja og yfirleitt gera sér grein fyrir réttmæti hverrar einstakrar afskriftar. Sé afskrifað á skuldunaut utan umdæmis skattanefndar, verður hún að afla upplýsinga um ástæður blutaðeiganda frá öðrum skattanefndum eða frá öðrum, sem hafa aðstöðu til að vita um hagi hans. Verður skattanefndum að vera það ljóst, að í skuldaafskriftum eru fólgnir möguleikar til þess að jafna tekjum milli ára, og að jafnt þarf að vera á verði gegn því, að fyrirtæki geti í gróðaárum lækkað tekjur sínar eða hliðrað sér hjá skattgreiðslu með frádrætti skulda, sem ekki eru raunverulega tapaðar, sem að hindra það, að fyrirtæki fresti að afskrifa tapaðar skuldir í tapsárum og geyma þær, þar til er um rekstrarhagnað er að ræða.

- Tap fært á milli ára.
- D. Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga má flytja á milli ára um tvenn áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til tapið er að fullu greitt. Á árinu 1936 t. d. má því draga frá tekjum töp, sem orðið hafa á árinu 1934 og 1935, en ekki eldri töp. Hrökkvi tekjur ársins 1936 ekki á móti tapinu árin 1934 og 1935, má afskrifa það, sem eftir stendur af tapinu árið 1935, frá tekjum ársins 1937.

Þessi skilyrði þurfa þó að vera fyrir hendi:

- a. Fullnægjandi grein fyrir tapinu sé gerð á framtali fyrir það ár, sem tapið varð.
- b. Ekki sé úthlutað arði til hluthafa á því tímabili, fyrr en félagið hefir unnið upp tapið. Á sama hátt mega eigi félagar í öðrum félögum en hlutafélögum hafa tekið neitt út, sem samsvarar arði.

- E. Félög, sjóðir og stofnanir njóta enn fremur þess frádráttar, sem ákveðinn er í 14. gr. B.-lið. 133
28. des.
- F. Erlendis heimilisfastir aðilar mega að eins draga frá þau gjöld, sem beinlínis við koma þeim tekjum, sem skattskyldar eru hér, eða við þá tekjuöflun bundnar. Skatt-
þegnar
erlendis
heimilis-
fastir.
17. gr.
- Peir, sem eigi reka atvinnu, mega draga frá tekjum sínum:
1. Vexti af skuldum, samkvæmt þeim reglum, er segir í 16. gr. B. 1. Þessa frádráttar njóta allir heimilisfastir gjaldþegnar hér, hvort sem þeir reka atvinnu eða eigi. Vextir af
skuldum
almennt.
 2. Skatta og gjöld af fasteignum og annan frádrátt af húsaleigutekjum samkvæmt 16. gr. Gjöld af
fasteignum.
 3. Tekjuskatt, eignarskatt og útsvar samkvæmt 16. gr.
 4. Frá embættistekjum (þ. e. tekjum fyrir störf í þarfir ríkis, sveitar, bæja, og af sýslunum í almenningsþarfir) ber að draga þann kostnað — skrifstofukostnað o. s. frv. — sem embættisreksturinn hefir í för með sér. Þetta kemur þó að eins til greina að því leyti, sem rekstrarkostnaður embættisins er eigi að fullu goldinn annars staðar frá, sbr. 15. gr. Enn fremur skal draga frá lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla, t. d. vexti af prestakallalánum. Kostnaður, sem leiðir af frádvölum embættismanns frá embættisstörfum, telst ekki til embættiskostnaðar í þessu sambandi, nema sé vegna starfa í almenningsþágu. Flutningskostnaður milli embætta, þ. e. þegar embættismaður flytur alfarinn til þess að taka við öðru embætti, er eigi heldur frádráttarbær, eða annar slíkur kostnaður, sem eigi snertir beinlínis embættisreksturinn sjálfan. Skrifstofu-
kostnaður
embættis-
manna.
 5. *Iðgjöld af persónuþryggingum.* Iðgjöld
persónu-
þrygginga.
 - a. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur, lögum samkvæmt, að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari persónuþryggingu, svo sem lífeyrissjóður embættismanna samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921, barnakennara samkvæmt lögum nr. 33, s. d. og elli- og öryrkistryggingar samkvæmt lögum um alþýðuþryggingar nr. 49, 1. febrúar 1936. Hér heyra og til iðgjöld í eftirlaunasjóði hjá opinberum stofnunum, t. d. bönkum, þótt þau séu eigi lögbundin.
 - b. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld, sem greidd hafa verið af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð. Eigi skiptir máli, hvenær eða hvernig útborgun lífsábyrgðarfjár fer fram. Frádráttur samkvæmt þessum lið má þó eigi nema meira en 500 kr.

Greiði skattþegn iðgjald af hvoru tveggja, lögboðinni og ólögboðinni tryggingu, má eigi færa til frádráttar neitt af ólögboðna iðgjaldinu, ef lögboðna iðgjaldið nemur 500 kr. eða þar yfir. Nemi lögboðna iðgjaldið minna, má frádráttur vegna iðgjaldanna hvorra tveggja eigi nema meira en 500 kr. samtals, þótt meira hafi verið greitt.

- 133** 6. Iðgjöld til stéttarféлага, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysis-
28. des. sjóða. Hér falla undir m. a. iðgjöld til sjúkrasamlaga og atvinnuleysis-
Iðgjöld til félaga o. fl. sjóða samkvæmt lögum um alþýðutryggingar. Tillög til annara féлага en stéttarfélags aðila eru eigi frádráttarþær. Frádráttur samkvæmt þessum lið má þó eigi nema meira en 2% af hreinum tekjum aðila.
- Frádráttur vegna heimilisstjórnar. 7. Frádráttur vegna heimilisstjórnar (kaup ráðskonu). Sliks frádráttar njóta þó að eins eftirtaldir aðilar:
- Ógiftir menn eða ekkjumenn, sem hafa haft ráðskonu vegna búrekstrar eða ómagaframfærslu.
 - Giftir menn, sem hafa haft ráðskonu vegna þess, að konan hefir haft atvinnu utan heimilis.
- Þessi frádráttur má þó aldrei nema meira en lögleyfður frádráttur vegna eiginkonu, þ. e. í kaupstöðum og kauptúnum (með yfir 300 íbúa) 700 kr., og annars staðar á landinu 600 kr.
- Þar sem konan vinnur utan heimilis, má frádrátturinn þó aldrei nema meira en tekjur þær, sem hún hefir fengið fyrir þá atvinnu.
8. Frá tekjum þeirra:
- sem eru í foreldrahúsum,
 - á framfæri, eða
 - við einhvers konar nám og enga atvinnu hafa,
- Námskostnaður. skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris og menningar. Frádráttur þessi kemur þó því að eins til greina, að skattþegn kosti sig sjálfur, eða að því leyti, sem hann kostar sig sjálfur. En það telst hann gera, ef hann greiðir sjálfur eða á síðar að greiða sjálfur námskostnað sinn o. s. frv.
- Frádráttur erlendis heimilisfastra. 9. Um frádrátt erlendis heimilisfastra aðila, sem ekki reka atvinnu, gildir hið sama sem segir í 16. gr. F.

18. gr.

Samskattur hjóna. Tekjur hjóna, sem samvistum eru, skulu taldar saman til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna. Telja þer hjón samvistum, þótt þau búi eigi saman, nema þau séu skilin lagaskilnaði eða að borði og sæng, eða vænta megi, að skilnaður þeirra sé undirbúningur undir lögskilnað, eða þau muni ekki aftur flytja saman.

Hjón skulu skattlögð sameiginlega, þótt þau hafi eigi gifzt fyrr en í lok skattárs.

Tekjur barna, sem eru í foreldrahúsum (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) skal aftur á móti telja sérstaklega fram til skatts.

19. gr.

A. Þegar ákveðnar hafa verið hreinar tekjur gjaldþegna, þ. e. að loknum frádrætti samkvæmt 16. og 17. gr., sbr. 14. gr., skal enn fremur draga frá persónufrádrátt og félagsfrádrátt, samkvæmt neðanskráðu, áður en skattur er á lagður.

- I. *Persónufrádráttur*. Frá tekjum heimilisfastra manna hér á landi (sjá 133 þó B.-lið) skal draga þannig: 28. des.
1. Fyrir einstakling, þ. e. einhleypan mann eða konu:

a. Í Reykjavík	800 kr.	Persónu- frádráttur.
b. Í kaптúnunum og kaupstöðum með yfir 300 íbúa	700 —	Einhleypir menn.
c. Annars staðar á landinu	600 —	
 2. Ef skattþegn er í hjónabandi og hjónin eru samvistum, skal draga frá fyrir þau:

a. Í Reykjavík	1500 kr.	Hjón.
b. Í kaптúnunum og kaupstöðum með yfir 300 íbúa	1400 —	
c. Annars staðar á landinu	1200 —	
 3. Ef skattþegn hefir börn fram að færa (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun almanaksárs þess, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt, skal draga frá 500 kr. fyrir hvert barn. Sama er um aðra skylduómaga, sem skattþegn hefir á framfæri sínu. Skylduómagar eru, auk barna, foreldrar manns, tengdaforeldrar og maki.

		Börn á framfæri.
		Skyldu- ómagar.
- Hafi hinn framfærði tekjur eða fáist greitt meðlag eða styrkur með honum, þá lækkar frádrátturinn sem tekjum nemur, og fellur burt, ef tekjufjárhæðin nemur 500 kr. eða meira. Hins vegar skiptir eigi máli, þótt ómaga eigi einhverja eign, ef hann hefir engar tekjur af henni. Framfæri.
- Tekjur ómaga geta verið ýmis konar, svo sem tekjur af eign (t. d. arfi), eftirlaun, ellistyrkur og alls konar vinnulaun eða kaup. Sérstaklega verður að gæta þess um unglinga á aldrinum 14—16 ára, að þeir hafa iðulega kaup (sendisveinar, nemar alls konar o. s. frv.). Þar sem unglingar á þessum aldri vinna að búrekstri eða öðrum atvinnurekstri hjá foreldrum sínum, er framteljanda að visu heimilt að draga frá á framtali sínu eðlilegt endurgjald fyrir þá vinnu, en ómagafrádráttur vegna unglingsins lækkar um þá fjárhæð að viðbættum öðrum tekjum hans, ef einhverjar eru. Nemi tekjurnar 500 kr. eða meira, fellur ómagafrádráttur vegna unglingsins niður, og ef þær ná skattskyldri fjárhæð (sbr. A. I., a—c), verður hann sjálfstæður skattgreiðandi. Tekjur ómaga.
- Ef fleiri en einn aðili leggja með sama ómaga og krefjast frádráttar þess vegna, verður að taka hlutfallið milli framlags hvors eða hvers þeirra, og skipta frádráttinum samkvæmt því.
- Nú hefir maður ekki ómaga sinn hjá sér, en greiðir meðlag með honum, og fær hann þá frádrátt sem meðlagi svarar, þó eigi yfir 500 kr., enda þótt kostnaður kunni að vera meiri.
4. Dánarbú. Á því ári, sem maður deyr, fær bú hans persónufrádrátt eins og maðurinn hefði verið á lífi, en á næsta ári fellur frádráttur Frádráttur dánarbúa.

133

28. des.

niður. Þó fær dánarbú frádrátt fyrir börn og aðra skylduómaga eftir almennum reglum. Sitji ekkja í óskiptu húi, er hún og húið skattskyld sameiginlega, og fær þá ekkjan frádrátt sem aðrir einstaklingar. Að öðru leyti en hér segir að ofan um dánarbú, miðast persónufrádráttur ætíð við ástandið í árslok og ómagafjölda þá. Fær því maður fullan frádrátt fyrir konu, þótt þau hafi eigi giftz fyrr en í lok skattárs, eða barn, sem fæðist rétt fyrir áramót. Hins vegar fæst eigi frádráttur vegna eiginkonu eða skylduómaga, sem látizt hafa á skattárinu. En þá má vera, að ívilnun verði veitt samkvæmt 52. gr.

Félaga
frádráttur.

II. *Félagafrádráttur*. Frá tekjum félaga (sjóða og stofnana), sem heimilisföst eru hér á landi, skal draga þannig:

Hlutfafélög.

1. Frá tekjum hlutfafélaga, samlagshlutfafélaga og annara félaga með takmarkaðri ábyrgð (4. gr. 1):

a. 5% af innborguðu hlutfé eða stofnfé. Frádrátturinn miðast að eins við innborgað fé — ekki ógreitt, t. d. hlutfé skuldað á hluthafa. Frihlutabréf teljast með innborguðu fé, sömuleiðis hlutabréf, sem félag kann að hafa endurkeypt.

b. Helming þeirrar fjárhæðar, sem lögð kann að vera í varasjóð hjá félaginu af ársarði þess. Nær þetta að eins til þess, sem er lagt í varasjóð af ársarðinum fyrir það skattár, sem um er að ræða í hvert skipti, en eigi af arði frá fyrri árum.

Ef nokkur fjárhæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins eða áföllnum töpum, skal telja $\frac{3}{5}$ hluta þeirrar fjárhæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna félagsins á því ári.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlauna- og starfsmannasjóði og aðra slíka sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóði í þessu sambandi.

Samvinnu-
félög.

2. Frá tekjum samvinnufélaga (sjá 4. gr. 2) helming af varasjóðs-
tillagi því, sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921. En þetta nær að eins til þeirra félaga, sem fullnægja ákvæðum framangreindra laga um varasjóðsmyndun og varasjóðsskiptingu.

Erlendis
heimilis-
fastir.

B. Þeir, sem hafa takmarkaða skattskyldu — erlendis heimilisfastir menn, félög og stofnanir, dánarbú og þrotabú (sjá 1.—3. gr.), enn fremur þeir, sem greiða skatt samkvæmt 5. gr., 4. tölul. — njóta eigi frádráttar samkvæmt A.-lið þessarar greinar.

20. gr.

Notkun
skatt-
skyldra
tekna.

Tekjur þær, sem samkvæmt 9.—14. gr. koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið (sbr. þó 52. gr.), hvort sem gjaldandi hefir þær sér og skylduliði sínu til framfæris,

nytsemdar eða annarar persónulegrar notkunar, til hjúahalds (nema til atvinnurekstrar eða heimilisstjórnar sé, sbr. 17. og 7.), til þess að efla atvinnurekstur sinn til aukningar eða umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

133
28. des.

21. gr.

Tekjuskatt ber að miða við tekjurnar næsta almanaksár á undan ákvörðun skattsins. Kallast það *skattár*, en hitt *framtalsár*, þegar fram er talið og skattur á lagður. T. d. er tekjuskattur á lagður á framtalsárinu 1937 miðaður við tekjur á skattárinu 1936.

Skattár
almanaks-
ár.

Þó er skattanefnd heimilt að miða skattár við annan tíma en almanaksárið, t. d. fardagaár, ef aðili sýnir fram á að hann noti annað reikningsár en hið venjulega og að honum séu mikil óþægindi gerð með því að hverfa frá þeirri tilhögun. Má skattanefnd eigi láta vikja frá almanaksárinu, nema ríkar ástæður séu til.

Annað
reiknings-
ár.

Þegar notað er annað reikningsár en almanaksárið, þá verður að miða við tekjur þess skattárs, sem síðast endaði fyrir ákvörðun skattsins, t. d. í marz 1936 verður lagt á tekjurnar það fardagaár, sem endar vorið 1935, en eigi fardagaárið 1935—1936, þótt langt sé á það liðið. Ef síðar er breytt um og almanaksárið tekið, þá verður í fyrsta sinn eftir breytinguna að reikna tekjurnar frá lokum þess reikningsárs, sem síðast var miðað við. Skattur álagður 1936 er t. d. miðaður við reikningsárið 1. júlí 1934 til 1. júlí 1935, en skatt á lagðan 1937 á að miða við almanaksár, og verður þá að skattleggja í einu lagi tekjurnar frá 1. júlí 1935 til 31. dec. 1936.

22. gr.

Þeir, sem landbúnað stunda, skulu fylla út sérstaka skýrslu um tekjur sínar og gjöld, kallast sú skýrsla landbúnaðarskýrsla, og fylgir þar með skýrsla um bústofn gjaldanda í byrjun og lok hvers skattárs. Eru sýnishorn af þessum skýrslum prentuð á eftir reglugerð þessari (sjá fylgiskjöl).

Land-
búnaður.

Er hér á eftir gerð nokkur grein fyrir helztu tekju- og gjaldaliðum bænda almennt, og jafnframt til leiðbeiningar vísað í tilsvarendi liði landbúnaðarskýrslunnar.

A. Tekjur.

1. Mjólk (sjá landbúnaðarskýrslu I. 1. a—c).

Telja ber til tekna bæði þá mjólk, sem seld er, og framleidda mjólk til heimilisnota. Þar sem mjólkurskýrslur eru haldnar, skal telja fram hið raunverulega mjólkurmagn búanna. Ef engar mjólkurskýrslur eru færðar, verða skattanefndir að áætla nythæð kúnna. Meðal-kýrnyt á landinu er talin 2600 lítrar, og ber skattanefndum að hafa það til hliðsjónar við áætlun nytjar úr fullorðnum kúm, og gæta þess, hvort framtalið mjólkurmagn hvers bónda svarar til kúafjölda hans á skattárinu.

Tekjur
af mjólk.

133

28. des.

Geitamjólk og sauðamjólk verða skattanefndir að áætla með hliðsjón af reynslu á hverjum stað.

Þar sem markaðsverð er á mjólk eða vitað um söluverð eða vinnsluverð mjólkur (mjólkursamsala, mjólkurbú o. s. frv.), ber að leggja það til grundvallar við verðlagningu hennar til skatts. Verði-ekki við markaðsverð miðað, skal meta mjólkina með hliðsjón af matvöruverðlagi yfirleitt á hverjum stað. Geita- og einkum sauðamjólk ber venjulega að meta hærra verði heldur en kúamjólk.

Yfirsattanefnd skal í byrjun hvers árs ákveða lágmarksverð mjólkur til skatts í hverju skattumdæmi. Hún skal fylgjast með því, að samræmi sé í mati mjólkur innan hvers umdæmis, eftir því sem staðhættir og markaðsskilyrði gera mögulegt.

2. *Tekjur af sauðfé* (sjá lbsk. I. 2.—3.).

Til tekna skal telja allt, sem selt er af sauðfé, hvernær sem er á árinu, það af sauðfé, sem fargað er, jafnt í sláturstíð sem á öðrum árstímum, og nýtjar þeirra kinda, sem farizt hafa af slysum eða vanhöldum.

Tekjur af sauðfé.

Seldan fénað og afurðir ber að telja til tekna með raunverulegu söluverði. Seldar sláturfjárafurðir skal telja fram eftir reikningum verzlana (kaupfélaga, kaupmanna, sláturfélaga), ef þeir eru fyrir hendi, þegar framtal er gert. Verði misbrestur á því og sé skattanefndum eða framteljendum eigi fullkunnugt um endanlegt verð fargaðs búfjár eða seldra afurða, verða skattanefndir að fá skýrslur um vörumagnið (innlagsskýrslur) og færa það til tekna með því verði, sem sennilegt þykir, að fyrir það fáist. Á næsta ári ber þá að telja til tekna eða gjalda eftir atvikum mismuninn, sem verða kann á hinu raunverulega verði, og því, sem áætlað var. Verða skattanefndir að fylgjast rækilega með þeirri fullnaðarskilagrein, því að oftast nema verðuppbætur töluverðum hluta afurðaverðsins.

Fénað þann og sauðfjárafurðir, sem lagt er í bú (kjöt, mör, gætur o. s. frv.) skal meta sama verði og söluverð er í kaupstað. Nýtjar af vanhaldaskepnum skal tilfæra með áætluðu verði.

Kindur látnar í landskuld, í kaup verkafólks eða látnar í skiptum, ber að telja sem seldan fénað.

Ull kemur og öll til tekna, bæði seld og notuð til heimilisiðnaðar. Um verðlagningu hennar til skatts fer eftir sömu reglum sem um sláturfjárafurðir hér að framan.

3. *Tekjur af öðru búfé* (lbsk. I. 4., 5., 6. og 8.).

Það, sem sagt er um tekjur af seldu og förguðu sauðfé, gildir einnig um annað búfé — nautgripi, hross, geitfé, loðdýr o. s. frv. Til tekna kemur hið raunverulega söluverð þess, sem selt er eða lógað, og það, sem í bú er lagt, ber að meta sama verði sem fæst fyrir tilsvarendi gripi eða afurðir, sem seldar eru eða lagðar í kaupstað.

Tekjur af öðru búfé.

4. *Bústofnsauki eða bústofnsskerðing* (sjá skýrslu um bústofn).

133

28. des.

Bústofns-
auki og bú-
stofns-
skerðing.

Jafnframt því, sem fært er til tekna það, sem selt er eða fargað af búfé, verður að taka tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa á bústofninum á árinu til þess að rétt útkoma fái af tekjum bóndans af búfjárrækt.

Ef það, sem aukið er við bústofninn af framleiðslu ársins, gerir meira en svára til þess, sem stofninn hefir verið skertur vegna sölu og frálags, eða gengið úr sér vegna vanhalds og förgunar, kemur fram bústofnsaukning, og telst sá mismunur til tekna. Komi hins vegar fram bústofnsskerðing, færast hún til gjalda. Hefir þá endurnýjun stofnsins ekki vegið á móti því, sem eyðzt hefir.

Þennan mismun á bústofninum, bústofnsaukningu eða bústofnsskerðingu, ber að sýna í bústofnsskýrslu þeirri, sem fylgir landbúnaðarskýrslunni, á þann hátt, sem skýrslan segir til um. Bústofn eða fjöldi gripa í ársbyrjun og árslok er reiknaður til verðs, hvort um sig með sama verði sem hann er metinn til eignarskatts í lok skattársins. Mismunurinn á heildarverði gripanna í ársbyrjun og árslok verður annaðhvort bústofnsaukning eða bústofnsskerðing, og færast það til tekna eða gjalda samkvæmt framansögðu.

Þó skal eigi telja til tekna þá bústofnsaukningu, sem stafa kann af því, að keyptur hafi verið búfénaður á árinu. Skulu þeir gripir þá færðir á bústofnsskýrsluna, sama megin sem bústofn í byrjun skattárs, taldir með matsverði í lok skattársins.

Séu gripir keyptir og seldir aftur á sama árinu, kemur það eigi bústofnsbreytingum við, og kaupverð þeirra og söluverð kemur þá hvorki í landbúnaðar- eða bústofnsskýrslu. En hagnað af slíkri verzlun ber að telja undir 7. tölulið tekjumegin á landbúnaðarskýrslu.

Til þess að fullt samræmi fái frá ári til árs um búfjártölur og eignahreyfingar hvers bónda, verða skattanefndir að sjá til þess, að bústofnsskýrslan sé fyllt út, eins og vera ber, tilfærð sé tala alls þess búfjár, sem selt er eða fargað og tilgreind tala vanhaldafjár (fjöldi og tegund gripanna), þótt engar nytjar hafi gefið, t. d. tala fjár, sem vantað hefir úr fjallgöngum.

Tekjur vinnufólks og einhleypra manna af búfénaði skal reikna á sama hátt sem hjá bændum. Til tekna telst ull af fé þeirra, selt fé og fénaðaraukning, ef þeir auka við stofninn.

Til gjalda kemur kostnaður af fjáreigninni, svo sem fóðuröflun og fjallskil, keypt fóður og fjárfækkun, ef fénaðareignin rýrist.

5. *Tekjur af hlunnindum og ítökum, garðrækt og aðrar tekjur af landi* (lfsk. I. 9—15).

Hér teljast til hvers konar hlunnindi, sem jörð fylgja, svo sem dúnn og fuglatekja, eggvarp, alls konar veiði (lax- og silungsveiði, selveiði o. s. frv.), reki o. fl. Þá skal og telja allar tekjur af garðrækt — kartöflur,

Tekjur af
landi.

133

28. des.

gulrófur og aðra garðuppskeru. Einnig telst til tekna öll slægjusala, beit- ar og mótaks, skógar- og viðarsala, og tekjur af ítökum í land annara manna. Enn fremur mór og annar heimaþinginn eldiviður, bæði það, sem selt er og varið til heimilisnota.

Skattanefndum ber að gæta þess, að framtaldar tekjur af hlunnind- um og garðrækt svari til þess, sem aðilar hafa talið fram á búnaðar- skýrslu til hreppstjóra.

Um verðlagningu garðávaxta, reka, dúns, veiðifanga, og annara hlunninda gildir hið sama og sagt er hér að framan um mat á seldu og förguðu búfé. Það af framantöldum afurðum, sem lagt er í bú, skal meta eftir því söluverði, sem fæst fyrir tilsvarendi vöru á hverjum stað og tíma.

6. *Heimilisiðnaður* (lbsk. I. 18).

Heimilis-
iðnaður.

Hér telst til tóvinna alls konar, fatasaumur, smíði o. s. frv. Þar sem á flestum sveitaheimilum er unnið meira og minna að fatnaðar- og plagga- gerð handa fjölskyldu og vinnufólki, ber skattanefndum að gæta þess, að taldar séu af þessum heimilisiðnaði hæfilegar tekjur. Sama er að segja um smíðar alls konar.

Hér er þess að gæta, að talsverður hluti af framfærsluómaga yngri sem eldri felst í framlögum heimilanna við gerð fata og plagga, daglegri matgerð og þjónustu. Þetta er að jafnaði verk húsmóður og heimilis- fólks og verður að metast til tekna hlutfallslega móti þeim frádrætti, sem leyfður er fyrir ómaga.

Heimilt er skattanefndum hverri í sínu umdæmi að setja fastan taxa um mat á heimilisiðnaði til tekna, miðað við fjölskyldustærð, og ákveða þennan tekjulið með hliðsjón af því, hjá hverjum einstökum framtelj- anda.

7. *Jarðabætur* (lbsk. I. 20).

Jarða-
bætur.

Ef framteljandi sjálfur eða skyldulið hans — bóndinn og þeir, sem eru á hans framfæri — enn fremur fastamenn eða árshjú, sem vinna fyrir föstu kaup, sem fært er til frádráttar, hafa unnið að jarðabótum eða öðrum endurbótum á jörðinni, skal framteljandi gera grein fyrir þeirri vinnu — framkvæmdum og dagsverkatölu. Skal sú vinna metin til tekna, þannig, að það samsvari þeirri verðaukningu jarðarinnar, sem staf- ar af vinnu framteljanda sjálfs eða skylduliðs hans og vegi upp á móti þeim hluta af föstu kaupgjaldi, sem er vegna vinnu við endurbætur. Yfir- skattanefnd setur ákveðið mat á dagsverk til tekna. Að öðru leyti koma eigi til tekna þær jarðabætur eða endurbætur, sem bóndi framkvæmir eða lætur gera á jörð sinni. Hins vegar má ekki færa til frádráttar tekjum þann kostnað, sem stafar af jarðabótum, svo sem vinnukostnað, véla- vinnu, áburð til nýræktar, efniskaup, o. þ. h., nema um raunverulegt við- hald sé að ræða, eða kostnaðurinn er innifalinn í kaupum fastamanna sam- kvæmt framansögðu.

Jarðabótastyrkur telst eigi til tekna.

8. *Aðrar tekjur af landbúnaði.*

133

28. des.

Aðrar
tekjur af
land-
búnaði.

- a. Fóðurtaka — endurgjald fyrir fóðrun kinda, hrossa, nautgripa o. s. frv. Hér skal telja fóður tekin í jarðarafgjald, auk þess sem tekið er af hjúum og öðrum. Enn fremur fóður þess búpenings, sem keyptur er til bústofnsauka.
- b. Seld vinna (vegavinna, útróður), hestlán, leiga fyrir verkfæri, áhöld eða vélar, sem lánuð hefir verið (vélavinna) o. fl.
- c. Allar aðrar tekjur af landbúnaði, sem til falla, svo sem verðlaun gripa á sýningu, nautstollur, folatollur, húsmenskugjald, veiðileyfi, lóðargjald, uppsátur, selt hey o. s. frv.

Um tekjur af fasteignum bænda, eigin húsaleiga, jarðaafgjöld o. fl., sjá: Tekjur af eignum.

B. *Gjöld.*1. *Kaupgjald og fæði* (sjá lbsk. II. a.).Kau-
gjald.

Færa skal til gjalda kaupgjald, galdið í peningum, fyrir þá vinnu, sem snertir búreksturinn, bæði til árshjúa, kaupafólks, vor-, haust- og verkafólks. Enn fremur fæði þessa fólks, að því leyti sem það vinnur að búrekstrinum, talið í fæðisdögum, sem síðan er fært til gjalda eftir mati skattanefndar. Tilgreina skal fjölda fæðisdaga og telja saman fæðisdaga karla sér og kvenna sér, t. d.: bóndi hefir ársman — 365 fæðisdagar, vormann 5 vikur = 35 fæðisdagar og kaupakonu 12 vikur = 84 fæðisdagar. Samtals fæðisdagar karla 400 og 84 fæðisdagar kvenna.

Þess skal gætt, að eigi má færa til frádráttar kaup eða fæði fólks, sem vinnur í einkaþarfir framteljanda, konu hans eða skylduómaga, og eigi heldur kaup eða fæði framteljanda sjálfs.

Til starfa í einkaþarfir þeirra teljast t. d. eldhúsverk (sláturgerð á hausti, þvottar o. s. frv.) og önnur innanhússtörf þeirra vegna, og getur því kaup og fæði þess fólks, sem að því vinnur, eigi komið til frádráttar, nema að því leyti sem það kann að vinna jafnhliða að hliðstæðum störfum vegna verkafólks, sem frádráttarbært kaup fær, eða beint að framleiðslunni. Af framanrituðu leiðir, að við mat á fæði verkafólks til frádráttar hjá bændum, ber að miða við efnis-, eldsneytis og áhalda-kostnað við fæðið, en sleppa vinnukostnaði. Hins vegar ber að meta fæðið til tekna hjá verkafólki að meðtöldum vinnukostnaði. Mun eigi of mikið í lagt að reikna vinnuna $\frac{1}{3}$ fæðisverðs.

Sé kaupgjald galdið að einhverjum hlut í fatnaði (þar með talinn skófatnaður, sokkaplögg o. þ. h.), skepnufóðri eða öðrum slíkum hlunnindum, telst það einnig til gjalda. Þó má eigi telja til frádráttar fatnað eða plögg framteljanda, konu hans eða skylduómaga, heldur að eins fatnað handa öðru verkafólki.

2. Um fyrningu og viðhald véla, verkfæra og áhalda til búrekstrar, vexti af skuldum og viðhald og fyrning af húsum vísast til þess, sem fyrir er mælt um þessa gjaldaliði á öðrum stað í reglugerð þessari. Um viðhald

Fyrning-
viðhald
o. fl.

133

28. des.

á húsum, bæði heimahúsum og útihúsum, skal tekið fram að eigi má færa til gjalda vinnu framteljanda sjálfs eða skylduliðs hans og engar endurbætur eða viðbætur húsa eða mannvirkja, nema það sé þá jafnframt metið til tekna, sbr. um jarðabætur í lið I. b. hér að framan. Ef þeir, sem á leigujörðum búa, eiga að svara til álags af húsum, dregst fyrning frá tekjum þeirra, ella frá tekjum jarðareiganda.

Aðrir
gjaldar-
liðir.

3. Af öðrum gjaldaliðum má nefna: Meðgjöf með skepnum, sem komið er í fóður, keyptum áburði, fræ, útsæði og fóðurefni alls konar, eftirgjald, leiguliðalandskuld og kúgildaleiga, keyptar slægjur eða beit, keypt skepnuhirðing, nautstollur, baðlyf, skeifur, ljós í peningshús o. s. frv.

III. KAFLI

Um eignir og skuldir.

23. gr.

A. Til skattskyldra eigna teljast meðal annars:

Skatt-
skyldar
eignir.

1. Fasteignir, svo sem jarðir, lóðir, lendur og hús, ásamt þeim ítökum og hlunnindum, sem þeim fylgja og mannvirkjum og endurbótum, sem á þeim hafa verið gerðar (kúgildi með jörð, rafstöð á sveitabæ, prestmata með kirkjustöðum, nýrækt ómetin o. s. frv.). Erfðafestulönd teljast eigi til eigna þeirra, sem tekið hafa þau á erfðafestu. En ræktun og mannvirki, sem leigjandi kann að hafa gert á slíku landi, teljast eign hans. Eins er um leigulóðir. En um þær gildir sú regla, að hluti af verði hvernar lóðar, sem fundinn er eftir afgjaldakvöðinni með því að tvítugfalda hana, er eign landeiganda, en það sem fasteignamatið er hærra en þetta, þ. e. tvítugföld afgjaldskvöðin, telst eign leigjanda.
2. Skip og bátar.
3. Bústofn — (nautgripir, hross, sauðfé, alifuglar, loðdýr og annar búpeningur).
4. Vélar, verkfæri og önnur áhöld (búsáhöld, verzlunaráhöld, smíðatæki) o. þ. h.
5. Veifarferi hvers konar.
6. Bifreiðar og önnur flutningatæki á landi.
7. Vörubirgðir, jafnt verzlana sem framleiðslufyrirtækja, bókaforlög, fiskbirgðir o. s. frv., þar með taldar vörur í umboðssölu. Enn fremur birgðir atvinnufyrirtækja af óeyddum efnivörum og vörum til notkunar við rekstur, svo sem birgðir skipa af salti, kolum og olíu, o. s. frv.
8. Hvers konar verðbréf, skuldabréf og hlutabréf, innlend og erlend. Enn fremur sameignarinnstæður í félögum og fyrirtækjum.
9. Útistandandi skuldir eða skuldakröfur hjá öðrum, þar með taldar ýmsar fyrirframgreiðslur, s. s. fyrirframgreidd húsaleiga, fyrirframgreiddir vextir o. s. frv.

10. Inneignir í bönkum, sparisjóðum og öðrum lánsstofnunum og peningar. **133**
 11. Húsgögn og aðrir innanstokksmunir, þar með taldir skartgripir. 28. des.
 12. Ólíkamleg verðmæti, sem metin verða til fjár, svo sem almenn kröfuréttindi og yfir höfuð allar eignir og eignaréttindi, sem metin verða til peninga og eigi eru sérstaklega undanskilin.

Tekjur manna á skattári eru eigi eign í þessu sambandi, nema það sem óeytt kann að vera af þeim (lagt við eign til næsta árs), þegar eignir eru taldar fram eða í árslok. Af því verður að gjalda eignarskatt sem öðrum eignum.

Eignir eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

Eignir skal jafnan telja með fullu verði til skatts og skuldir á móti, en eigi að eins mismuninn, eða það sem greitt hefir verið af eigninni. T. d. ef innanstokksmunir eru keyptir með afborgunum, þá skal færa þá til eignar með fullu matsverði, og það sem ógreitt er til skuldar. Eins er um framlag til húsgæðar, t. d. framlag í byggingarfélag, þar skal telja húsið, eða þann hluta, sem gjaldanda tilheyrir, til eignar, en áhvílandi skuldir á móti.

Skattanefndir verða að hafa rækilegt eftirlit með því, hver í sínu umdæmi, hvort eignir eru réttilega fram taldar. Ber þeim að fullvissa sig um, að fasteignir allar komi fram til skatts. Einkum er nauðsynlegt í kaupstöðum, að þær fylgist vel með eigandaskiptum að húseignum og þess háttar. Einnig ber þeim að fá hluthafaskrá þeirra hlutafélaga, sem heimili eiga í umdæmi þeirra, og ganga úr skugga um, að eigendur hlutabréfanna telji þau fram og arð af þeim, einnig skulu þær, eftir því sem ástæða þykir til, fá upplýsingar frá lánsstofnunum um innieignir gjaldanda í þeim, sbr. 44. gr., og yfirleitt að hafa sem fyllst yfirlit yfir þær eignir í umdæminu, sem mestu máli skipta. Verði skattanefndir varar við, að menn úr öðrum skattumdæmum eigi útistandandi skuldir hjá gjaldendum umdæmisins eða aðrar eignir í umdæminu, svo að máli skipti, er nefndum skylt að tilkynna það skattanefnd heimilissveitar aðila.

Ef eigi fást nægilega glöggar upplýsingar um eignarrétt að einstökum eignum, þá ber skattanefndum að komast fyrir um það. Ef fasteign er eða skrásett skip, leggur hún skatt á þann, sem skráður er eigandi, nema annar telji það til eignar í framtali sínu. Ella verður hún að leggja skatt á vörzlumann eignanna, ef hann lætur ekki fullnægjandi upplýsingar í té.

- B. Til frádráttar eignum skal telja allar skuldir, er á gjaldanda hvíla, veðskuldir og aðrar skuldir við lánsstofnanir, fyrirtæki og einstaka menn, innanlands og utan. Skuldir skal allar telja eins og þær eru í lok hvers skattárs, að frádregnum öllum afborgunum frá upprunalegri fjárhæð. Séu vextir ógreiddir, bætist það við skuldina, svo framarlega sem þess er að vænta, að þeir verði greiddir.

Frádráttur
skulda.

Ítök og kvaðir á jörð eða annari fasteign metast eigi til skuldar, heldur

Ítök.
Kvaðir.

133
28. des.

er jörðin sjálf metin sem heild, með ítakinu eða kvöðinni, sem rýra verðmæti hennar. Með sama hætti auka ítök o. s. frv. verðmæti þeirra fasteigna, er þau fylgja. Til skulda telst eigi að eins það, er svara skal í peningum, heldur einnig það, sem greiða ber eða greiða má í öðrum munum. En þá verður að meta það til peninga. Skuld telst einungis einhliða greiðsluskylda, en eigi t. d. skylda samkvæmt kaupsamningi, þar sem báðir eiga óefnt, unz afsal er gefið.

Þótt veðleyfi sé gefið í eign fyrir skuld annars manns, telst hún eigi til skuldar þess, sem veðleyfið gefur. Ábyrgð á skuldum annara verður og eigi talin til skuldar á ábyrgðarmann, fyr en hann hefir verið dæmdur eða hefir undirgengizt að borga þær, eða aðalskuldari er orðinn gjaldþrota. Ef fleiri eru ábyrgðarmenn, skal skuld skipt að jöfnu með þeim, nema öðru vísi sé umsamið. Ef sumir mega teljast ófærir að greiða, þá skiptist skuld á hina að jöfnu, nema sýnt sé, að því sé öðru vísi hagað.

Nú eru menn samskuldarar, og skal þá skipta skuld jafnt milli þeirra, nema samningar séu um annað. Eigi má maður telja skuld við konu sína eða kona við mann, nema tilsvarendi eignaliður komi á móti, enda skal telja fram sameiginlega eignir hjóna, enda þótt kona eigi séreign. Séu taldar fram skuldir til ófjárráða barna framteljanda, skal telja þær til eigna á þeirra framtölum, enda sé gerð full grein fyrir, hvernig sú eign barna sé tilkomin.

Eigi má telja til skuldar fjárhæðir, sem telja má nokkurn veginn vist eða sennilegt, að aldrei verði greiddar. T. d. mega þeir, sem þegið hafa fátækra- eða sjúkrastyrk úr bæjar- eða sveitarsjóði, eigi telja þann styrk til skuldar, nema þess verði vænt, að styrkurinn verði endurgreiddur, enda þótt hann hafi eigi verið formlega eftir gefinn af bæjar- eða sveitarstjórn. Fyrndar skuldir má og eigi telja, né skuldir eftirgefnar við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan hátt. Nú hefir skuldareiganda verið leyft að afskrifa skuld, og má þá eigi heldur leyfa hana til frádráttar eignum hjá skuldanda, sbr. þó 16. gr. I. c. 3. Framteljendum ber að gera fulla grein fyrir því, hverjum þeir skulda. Skal tilgreina nöfn og heimili, eiganda og fjárhæð hversrar skuldar, a. m. k. ef hún nemur yfir kr. 500.00 ásamt vaxtakjörum. Óski skattanefnd þess, skal tilgreina eigendur að öllum skuldum, hversu smáar sem eru. Þeir sem senda efnahagsreikning með framtali sínu, skulu láta fylgja skuldalista.

Ef gjaldþegnar gera ekki grein fyrir skuldareigendum (og vaxtakjörum) á framtölum sínum, skal skattanefnd gefa þeim kost á að bæta úr því. Ef gjaldendur gera samt sem áður eigi grein fyrir skuldareigendum og viðtakendum vaxta, þá ber skattanefndum að synja um frádrátt skuldanna og vaxta af þeim. Að fengnum upplýsingum um skuldareigendur, ber nefndum að athuga, hvort þeir, sem taldir eru eigendur, telja skuldina fram meðal eigna sinna, og vexti af þeim með tekjum. Ef sá, sem talinn er skuldareigandi eða lánveitandi, kveðst að eins vera milligöngumaður um lánið og

hafa útvegað lánið hjá einhverjum, sem eigi megi gefa upp hver er, ber að telja hann vörzlumann eignarinnar og færa skuldina honum til eignar og vexti af henni til tekna hans. Í þessu sambandi skulu skattanefndir fá upplýsingar um öll handhafaskuldabréf og önnur skuldabréf, sem þinglesin hafa verið á árinu.

133
28. des.

Hjá verzlunum og öðrum stærri fyrirtækjum er venjulega erfitt að sannprófa skuldaframtöl að öllu leyti, svo sem erlendar skuldir, vixla o. þ. h. En hjá öllum fjölda gjaldenda, bæði skuldunautum og lánardrottnum, er hægt að hafa eftirlit með öllum skuldaskiptum til nokkrar hlítar. Hjá þeim, sem ekki hafa verzlunarviðskipti við útlönd, verður að fá nákvæma grein fyrir skuldum, sem þeir telja við erlenda menn, bæði nákvæmt heimilisfang skuldareiganda, hvernig skuldin er tilkomin o. s. frv., og helzt vottorð frá hlutaðeigandi aðilum. Ella strikast hún út og vextir af henni.

Þegar lagður er skattur á eignir þeirra, sem takmarkaða skattskyldu hafa, má að eins draga frá þær skuldir sem hvíla á þeim eignum, sem skattskyldar eru.

24. gr.

Undanþegið er eignarskatti:

1. Ef skuldlaus eign gjaldanda nemur ekki yfir 5000 krónum, greiðist ekki skattur af því. Nemi eignin hins vegar yfir 5000 krónur, greiðist skattur af allri eigninni, sbr. 30. gr. Þess ber að gæta, að enda þótt eign manna nemi eigi þessari fjárhæð, er mönnum eigi að síður skylt að telja hana fram til skatts og greina eignir sínar nákvæmlega á framtali.
2. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem eigi er fallið til útborgunar. Hér undir verður einungis að telja ófengin eða ótekin skilyrðisbundin fjárréttindi, en eigi þau, sem fengin eru og sleppa verður aftur, þegar tiltekinn tími er kominn eða tiltekið atvik ber að höndum, t. d. verðbréf, er maður skal eiga og njóta vaxta af, meðan hann er ógiftur. Síðast nefnd réttindi verða talin til eigna þess, er þeirra nýtur, sbr. 25. gr. K. Þegar ófengin skilyrðisbundin fjárréttindi verða skilyrðislaus (lífsábyrgðarfé fallið til útborgunar) þá er það annaðhvort orðið útistandandi krafa eða eign, runnin í bú aðila, og því skattskyld í báðum dæmum.
3. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundinn er við einstaka menn. Réttur til eftirlauna eða lífeyris, þar með talin próventa, verður aldrei skattskyld eign, þótt byrjað sé að borga út eftirlaun eða lífeyri. Sem dæmi um réttindi til áframhaldandi greiðslu, sem skattfrjáls eru, má nefna framfærslurétt konu á hendur fyrverandi bónda sínum eftir samningi eða yfirvaldsúrskurði, barnsmóður á hendur barnsföður til meðlags með barni eftir meðlagsúrskurði, og framfærslurétt yfir höfuð o. s. frv. Hér telst einnig til hin ævinlega erfingjarenta í söfnunarsjóði Íslands. Hins vegar ber að telja vexti af henni til tekna, þegar þeir byrja að falla til útborgunar. Það skilyrði er sett, að rétturinn

Undan-
þágur.

Skilyrðis-
bundin
fjárréttindi.

Eftirlaun,
lífeyrir
o. fl.

133

28. des.

sé bundinn við einstakan mann, þ. e. að aðrir geti eigi notið hans, hvort sem framsal hans er lögbannað eða aðrir geta eigi notið hans eftir eðli sínu.

Afnota-
réttindi.

4. Réttur til leigulauss bústaðar og önnur afnotaréttindi. „Afnotaréttindi“ nær bæði til láns og leigu á föstum eignum og lausum og eru því hvorki leiguréttindi né láns skattskyld. Bóndi skal því t. d. eigi meta það til skatts, hvers virði honum eru ábúðarréttindi á jörð sinni. Framsal á afnotarétti, sem gæfi árlegar tekjur t. d., myndi þar á móti vera uppspretta árlegs tekjustofns (sjá 25. gr. K.). Ítaksréttur og afgjaldskvöð, sem maður á persónulega, verður og skattskyld eign.
5. Birgðir af fóðurvörum, matvælum og eldsneyti til heimilisþarfa skal eigi telja til skatts. Eigi heldur það, er maður á í heimfluttu byggingarefni, enda megi það ekki til vörubirgða teljast.
6. Bækur og fatnaður til einkaafnota.
7. Ýmis réttindi, sem bundin eru við eiganda sjálfan og eigi falla undir 2. og 3. tölulið, en hann hefir eigi enn komið í peninga. Þar til heyrir handrit, sem er eigi gefið út — hins vegar er skattskyld bókarupplag eða útgáfuréttur seldur af höfundu — listaverk, sem enn eru eign höfundar og eigi eru til sölu, vörumerki, firma (sbr. þó „goodwill“), ónotuð uppgötvun og óseldur einkaréttur að henni, önnur réttindi, sem bundin eru við eiganda, en óvíst er, hvort verði notuð o. s. frv.

Hlutfé
og stofnfé
félaga.

8. Innlend hlutfélög, samlagshlutfélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð hafa leyfi til að draga hlutfé sitt eða stofnfé frá eignarupphæðinni, áður en skattur er á lagður. Samvinnufélögum, kaupfélögum og gagnkvæmum ábyrgðarfélögum er og heimilað að draga stofnfé sitt eða stofnsjóði frá eignum til skatts. Telst hlutféð og hluti í stofnfé og stofnsjóðum til eignar hjá einstökum hluthöfum og félagsmönnum.

Þessi frádráttarheimild nær þó eigi til erlendra félaga og ekki heldur til sjóða eða stofnana eða samlagsfélaga, þar sem allir eigendur bera ótakmarkaða ábyrgð.

25. gr.

Um virðing á eignum til eignarskatts fer sem hér segir:

Ákvæði um
virðingu
eigna.
Fasteignir.

- A. Fasteignir (lendur, lóðir, hús, jarðir með mannvirkjum, og hvort sem sami er eigandi lóðar og mannvirkis eða sinn að hvoru) eru metnar 10. hvert ár, og er við það mat miðaður eignarskattur af fasteignum. Ef metið er upp á 10 ára tímabilinu, skal eftir því mati fara. Ef eign rýrnar eða hækkar í verði á 10 ára bilinu, þá getur fjármálaráðherra látið hina lögskipuðu fasteignamatsmenn virða hana upp, og á þá að telja eignarskatt samkvæmt þeirri virðingu. Ef eign líður undir lok, t. d. hús brennur eða fýkur, þá er skattanefnd þó rétt að leggja skatt einungis á verð lóðarinnar, eins og hún er metin í fasteignamatinu, ef það af eigninni, sem eftir er, hefir verið metið sér, án þess nýtt mat þurfi að fara fram. En telja skal þá til eignar andvirði eignarinnar, ef eigandi á heimtingu á því, t. d. brunabótafé. Sam-

kvæmt lögum nr. 14 frá 1922 ber sýslumanni að láta mat fara fram á öllum nýbyggðum húsum, en sé fasteignamat eigi fyrir hendi, skal skattanefnd áætla matsverð eignarinnar, og skal þá kostnaðarverð haft til hliðsjónar. Húseign eða mannvirki, sem enn er í byggingu og ófullgert, skal meta með kostnaðarverði.

133
28. des.

Skattanefndum ber að fylgjast með þeim endurbótum og viðbótum á húsum og jörðum, sem gerðar eru — nýrækt, nýbyggingar — og hlutast til um, að millimót fari fram, ef slíkt hefir verið vanrækt. Um jarðeignir ber sérstaklega að athuga, hvort eigendur leigujarðar telja fram kúgildi þau, er jörðum fylgja, og álag það, er þeir kunna að eiga og eigi eru innifalin í fasteignamati jarðanna. Hins vegar telst eigi til eignar framteljanda sá hluti fasteignamatsverðs, sem metinn er sérstaklega sem fylgifé, samkv. 17. gr. jarðræktarlaga nr. 101, 23. júní 1936.

Rafmagnsstöðvar eru eigi innfaldar í fasteignamati og teljast því sérstaklega til eignar. Við skattmat á þeim má hafa til hliðsjónar mat það, sem fram hefir farið á flestum þeirra vegna lántöku.

Ef seldur hefir verið einhver hluti af jörð eða lóðareign, skal þó telja eignina til skatts með fullu fasteignamatsverði, þar til nýtt mat hefir farið fram, nema svo mikill hluti hafi verið seldur, að eignarverði geti orðið skipt á 2 eigendur, og sýnd fyrir því næg gögn.

- B. Verðlag á skipum og öðru lausfé, þar sem ekki er nánara fyrir mælt hér að neðan, skal miðað við áætlað söluverð, eins og ætla má, að eignin hefði selzt í lok skattársins. Skal meðal annars hafa hliðsjón af váttryggingarverði, ef eignin er váttryggð, en jafnframt hinu upphaflega kostnaðarverði að frádreginni hæfilegri fyrningu, þá skal og athuga, hvernig eigninni hefir verið viðhaldið, hvort nokkrar endurbætur hafa verið gerðar á henni o. s. frv.
- C. Búpening skal telja eins og hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með verðlagi, er yfirsattanefnd ákveður árlega fyrir hver áramót, eftir tillögum undirskattanefnda og með hliðsjón af haustverði næst á undan og fóðurkostnaði. Í Reykjavík skal þó matið framkvæmt af ráðunautum búnaðarfélags Íslands.
- D. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta kemnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.

Skip og
annað
lausafé.

Búfé.

Vörur.

Þess verður að gæta, að vörubirgðir séu metnar á sama hátt eða með sams konar matsverði frá ári til árs. Ef maður hefir vörur til umboðssölu í vörzlum sínum eða vörur til geymslu, frá erlendum mönnum eða firmum, ber einnig að telja þær fram. Skal reikna þær vörur sérstaklega — með kostnaðarverði. Aflabirgðir skal telja með áætluðu söluverði. Séu birgðirnar, eða eitthvað af þeim, selt eftir áramót, áður en talið er fram til skatts, er rétt að taka tillit til þess við matið. Hafi fiskur eða önnur vara verið seld í umboðssölu og búizt við verðuppbót, skal hún áætluð og tilfærð sérstaklega.

133

28. des.

Birgðir af vörum, sem ætlaðar eru til notkunar við atvinnurekstur t. d. kol, salt og olía í skipum og aðrar neytluvörur til véla, efnivörur til framleiðslu o. s. frv., skal telja til eignar með kostnaðarverði.

- Hlutabréf. E. *Hlutabréf*. Ef raunveruleg sala hlutabréfa hefir farið fram á skattárinu, skal það söluverð lagt til grundvallar mati þeirra. Þau skilyrði þurfa þó að vera fyrir hendi:
- Að sala og staðgreiðsla hafi farið fram á a. m. k. 2% af hlutafé viðkomandi félags.
 - Að söluverðið geti talizt eðlilegt markaðsverð, enda hafi salan eigi farið fram á milli aðila, sem eru skyldir eða vandabundnir hvor öðrum á nokkurn hátt o. s. frv.

Verði söluverð eigi lagt til grundvallar skal meta bréfin með áætluðu söluverði, og skal þá hafa hliðsjón af síðustu hlutabréfasölu, arðsúthlutunum og efnahagsreikningi hlutafélagsins í árslok og enn fremur tekið tillit til annara ástæðna, sem haft geta áhrif á matsverðið til lækkunar eða hækkunar.

Ef mikill hluti af eignum félags er fölginn í fasteignum eða öðrum slíkum eignum, sem lágt eru metnar, er rétt að taka tillit til þess. Ef skattanevnd hins vegar virðist, að einhverjar eignir, t. d. skip, séu metnar til muna of hátt, er rétt að lækka mat bréfanna samkvæmt því.

Ef félag er í „liquidation“ eða ákveðið, að það verði lagt niður, eða það er hætt að starfa, skal, ef unnt er, tekið tillit til þess, sem ráðgert er, að úthlutun til hluthafa nemi, hvort sem það nemur meira eða minna en reikningsleg eign félagsins.

Erlend hlutabréf skal meta á sama hátt sem innlend, nema ef vitað er um verðlagningu þeirra til skatts í heimalandi þeirra, skal fara eftir því.

Ríkisskattanevnd skal setja nánari fyrirmæli um mat hlutabréfa til skatts.

- Opinber verðbréf. F. *Opinber verðbréf*. Þau skulu metin eftir söluverði á árinu, ef um það er vitað. Bankavaxtabréf landsbanka Íslands (veðdeildarbréf) er rétt að meta eftir því mati, sem bankinn sjálfur setur á þau. Skuldabréf bæja, sýslu- og sveitarsjóða, þar með talin skuldabréf gefin út vegna brúargerða, hafnargerða, barnaskólahúsa og annara stofnana, skal venjulega telja með nafnverði.

Erlend ríkisskuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja með nafnverði, nema vitað sé um verðskráningu þeirra í heimalandi þeirra.

- Önnur verðbréf. G. *Önnur verðbréf og skuldabréf*. Þau skal telja með nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau séu ótrygg. Ef ógreiddir eru vextir af skuldabréfi, skal enn fremur telja þá til eigna, svo fremi sem þess má vanta, að þeir fáiast greiddir.

- Útistandandi skuldir. H. *Útistandandi skuldir*.

Útistandandi skuldir, aðrar en G.-liður tekur til, skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, enn fremur vextir,

sem ógreiddir kunna að vera, nema óvissir séu. Ef kröfu á að greiða í öðru en peningum, verður að virða það til peninga. **133**

28. des.

Ef skuld er umþráttuð eða torséð þykir, hvort lögskylt er að greiða skuld, skal telja hluta hennar til eignar eða sleppa að fullu eftir atvikum.

Sé vitanlegt, að skuld greiðist eigi að fullu, eða skuld sé töpuð að einhverju leyti, skal færa hana niður eftir ástæðum, í samráði við skattanefnd, og sleppa, ef skuld telst með öllu töpuð.

Ógreidd húsaleiga skal talin til eignar, nema fullreynt þyki, að hún sé töpuð.

Um mat á útistandandi skuldum atvinnufyrirtækja skal fara eftir því, sem segir um skuldaafskriftir í 16. gr. C.-lið.

- I. Innstæður í lánstofnunum (sparisjóðum, hlaupareikn. o. s. frv.) skulu **Innstæður.** taldar eins og þær eru 31. dec. ár hvert, og allt af að viðbættum vöxtum af innstæðu ársins, hafi þeir eigi verið hafnir.
- J. „Goodwill“ skal meta eftir því endurgjaldi, sem fyrir hann hefir verið „Goodwill“. gefið, þó er heimilt að lækka hann í verði, ef skattanefnd (skattstjóri) lítur svo á, að hann hafi rýrnað í verði, miðað við rekstur og efnahag fyrirtækisins og framtíðarhorfur.
- K. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfi- **Réttindi** leggt væri fyrir þau, þegar skatturinn er lagður á. Hér er eigi átt við verð- **til stöðugra** bréf eða útistandandi skuldir, sem stöðugar tekjur gefa af sér, né heldur **tekna.** afnotaréttindi, sem einnig geta gefið af sér stöðugar tekjur. Mörg önnur réttindi til áframhaldandi tekna eru undanþegin eignarskatti samkvæmt 25. gr. 2. og oft erfitt að greina þau frá, sem skattskyld eru. Réttindi, sem hér falla undir, eru eigi bundin við einstakan mann, og geta því skipt um eiganda, t. d. réttur til árlegrar borgunar fyrir erfðafestu lands, veiðiréttur, sala á afnotarétti, sem yrði stöðug tekjulind seljanda o. s. frv., einkaleyfi (patent), selt þannig, að seljandi, eða sá, sem hann setur í sinn stað, fái árlega peningagreiðslu fyrir. Meta skal réttindin þannig, ef eigi eru gögn til annars, að margfalda árgreiðsluna með 20, og er útkoman sú upphæð, sem skatt skal gjalda af.

26. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu saman lagðar til eignarskatts, **Eignir** enda ábyrgjast þau bæði greiðslu skattsins. **hjóna.**

27. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksárs. Þó mega þeir, sem hafa annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar eins og þær eru í lok þess reikningsárs, sem næst er á undan eignaákvörðun. **Við hvaða** **tíma skal** **miða** **eignaskatt.**

Ef maður hefir fardagaárið að reikningsári, þá telur hann fram í janúar eða febrúar 1937, eignir þær, sem hann átti í fardögum (síðasta fardag) 1936.

- 133 Og ef sá maður breytir um reikningsár, þá miðast eign hans í næsta framtali og næst, þegar eign hans er ákveðin, við lok hins nýja reikningsárs, sbr. 21. gr. Heimilt er að telja fram fyrir lengri tíma en 1 ár, ef sérstaklega stendur á.

IV. KAFLI

Um skattstiga.

28. gr.

Af hvaða
fjárhæð-
um skattur
reiknast.

Þegar allur lögleyfður frádráttur hefir verið dreginn frá tekjum, samkvæmt 16.—19. gr., eftir því sem við á, skal deila fjárhæð þeirri, sem þá verður eftir, með 50, og sleppa því, sem þá verður afgang. Dæmi: Tekjur eftir frádrátt kr. 8571.00. Ef því er deilt með 50, verður eftir 21. Skattskyldar tekjur, þ. e. sú fjárhæð, sem skattur reiknast af, verða þá 8550. Skattskyld tekjufjárhæð skal því ávalt enda á 50 eða 00.

Ef tekjur eftir allan lögákveðinn frádrátt nema ekki fullum 100 kr., þá greiðist enginn skattur af því. Þetta tekur til allra gjaldþegna.

29. gr.

Skattstigi. A. Tekjuskattur reiknast samkvæmt eftirfarandi skattstiga, þó með þeim takmörkum, sem gerðar eru í B-lið: Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000 til	2000 kr.	greiðist	10 kr. af	1000 kr. og	2 %	af afgangi
—	2000	—	3000	—	—	—	—
—	2000	—	3000	—	—	4	—
—	3000	—	4000	—	—	7	—
—	3000	—	4000	—	—	7	—
—	4000	—	5000	—	—	9	—
—	4000	—	5000	—	—	9	—
—	5000	—	6000	—	—	11	—
—	5000	—	6000	—	—	11	—
—	6000	—	7000	—	—	12	—
—	6000	—	7000	—	—	12	—
—	7000	—	8000	—	—	13	—
—	7000	—	8000	—	—	13	—
—	8000	—	9000	—	—	14	—
—	8000	—	9000	—	—	14	—
—	9000	—	10000	—	—	15	—
—	9000	—	10000	—	—	15	—
—	10000	—	11000	—	—	16	—
—	10000	—	11000	—	—	16	—
—	11000	—	12000	—	—	17	—
—	11000	—	12000	—	—	17	—
—	12000	—	13000	—	—	18	—
—	12000	—	13000	—	—	18	—
—	13000	—	14000	—	—	19	—
—	13000	—	14000	—	—	19	—
—	14000	—	15000	—	—	20	—
—	14000	—	15000	—	—	20	—
—	15000	—	16000	—	—	21	—
—	15000	—	16000	—	—	21	—
—	16000	—	17000	—	—	22	—
—	16000	—	17000	—	—	22	—
—	17000	—	18000	—	—	23	—
—	17000	—	18000	—	—	23	—
—	18000	—	19000	—	—	24	—
—	18000	—	19000	—	—	24	—
—	19000	—	20000	—	—	25	—
—	19000	—	20000	—	—	25	—
—	20000	—	22000	—	—	27	—
—	20000	—	22000	—	—	27	—
—	22000	—	25000	—	—	29	—
—	22000	—	25000	—	—	29	—

Af 25000 til 28000 kr. greiðist	4340 kr. af 25000 kr. og 31 % af afgangi	133
— 28000 — 33000 — —	5270 — — 28000 — — 33 — — —	28. des.
— 33000 — 38000 — —	6920 — — 33000 — — 35 — — —	
— 38000 — 44000 — —	8670 — — 38000 — — 37 — — —	
— 44000 — 50000 — —	10890 — — 44000 — — 38,5 — — —	
— 50000 og þar yfir —	13200 — — 50000 — — 40 — — —	

B. Frá þessum skattstiga eru eftirfarandi undantekningar:

1. Félög, þau, sem hníga undir ákvæði 4. gr. 2. (gagnkvæm ábyrgðarfélög og samvinnufélög) skulu greiða í tekjuskatt 8% af skattskyldum tekjum.
2. Öll önnur félög, samkvæmt 1. og 3. tölulið 4. gr., sjóðir og stofnanir, dánarbú og þrotabú, og enn fremur þeir, sem hafa takmarkaða skattskyldu samkvæmt 3. gr., erlendis heimilisfastir einstaklingar og félög, greiði aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Skal því reikna tekjuskatt þessara aðila með 5%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 5300 kr. eða þar undir. (Tekjuskattur af 5300 kr. samkvæmt skattstiganum kr. 263.00 eða 2 kr. lægri en 5% af fjárhæðinni = 265 kr.). Hins vegar skal fylgja almenna stiganum, ef skattskyldar tekjur nema 5350 eða þar yfir. (Tekjuskattur af 5350 kr. samkvæmt skattstiganum kr. 268.50 eða 1 kr. hærri en 5% = 267.50).

Undan-
tekningar
frá skatt-
stiga.

C. Dæmi um útreikning tekjuskatts:

Dæmi.

1. Skattskyldar tekjur 500 kr. Tekjuskattur hjá hérlendum einstaklingi 1% þar af eða 5 kr. Sé um að ræða félag, stofnun eða erlendis heimilisfasta samkvæmt 2. lið að framan, kemur 5% lágmarkið til greina, og verður þá skatturinn 25 kr. Eigi samvinnufélag hlut að máli, verður tekjuskattur þess 8% af 500 kr. eða 40 kr.
2. Skattskyldar tekjur kr. 2500.

Skattur samkvæmt stiganum:

af kr. 2000	kr. 30
— — 500 4%	— 20

Samtals kr. 50

Hjá félögum o. s. frv. 5% af 2500 kr. eða 125 kr., en hjá samvinnufélagi 8% eða 200 kr.

3. Skattskyldar tekjur kr. 10800

af kr. 10000 greiðist	kr. 880
— — 800 greiðist 16%	— 128

Samtals kr. 1008

Hér verður tekjuskatturinn sá sami hjá öllum skattskyldum aðilum — hérlendis og erlendis heimilisföstum einstaklingum, félögum og stofnunum öðrum en samvinnufélögum. Þau greiða 8% af kr. 10800 eða kr. 864.

133

28. des.

Fjárhæð sú, sem eignarskattur greiðist af, skal vera deilanleg með 100, og afgangi sleppt. Sé skuldlaus eign t. d. 8670.00, verður skattskyld eign kr. 8600.00.

Eignarskattur reiknast þannig:

Ef eignin nemur frá 5000 kr. að 10000 kr. greiðist af henni 1‰.

Skattstigi af eign.	Af	10000 til	20000 kr. greiðist	10 kr. af	10000 og	1,5‰ af	afgangi
—	20000	—	30000	—	—	2	— — —
—	30000	—	40000	—	—	3	— — —
—	40000	—	50000	—	—	4	— — —
—	50000	—	75000	—	—	5	— — —
—	75000	—	100000	—	—	6	— — —
—	100000	—	250000	—	—	7	— — —
—	250000	—	500000	—	—	8	— — —
—	500000	—	1000000	—	—	9	— — —
—	1000000	og þar yfir	—	—	—	10	— — —

Peir, sem hafa takmarkaða skattskyldu — erlendis heimilisfastir menn, erlend félög og stofnanir, greiði þó aldrei lægri eignarskatt en 4‰ af hinum skattskyldu eignum, enda nemi hún 5000 kr. eða meira. Reiknast því eignarskattur þeirra með 4‰ af allri skattskyldri eign þeirra, sem nemur undir kr. 103400.

31. gr.

Með lögum um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs (nr. 128, 31. dec. 1935, og breytingar á þeim lögum nr. 51, 21. apríl 1936, sbr. lög nr. 89, 23. júní 1936) er ákveðinn nýr skattstigi á tekjum, og gildir hann til bráðabirgða í stað þess skattstiga, sem birtur er í 29. gr. að framan, og enn fremur í stað þess 10% viðauka við tekjuskattinn, sem heimilaður er í 1. gr. laga nr. 82, 26. apríl 1935.

Skattstigi þessi er þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1‰.

Bráðabirgðaskattstigi.	Af	1000 til	2000 kr. skattsk. t. greiðast	10 kr. af	1000 kr. og	2 % af afg.
—	2000	—	3000	—	—	5
—	3000	—	4000	—	—	7,5
—	4000	—	5000	—	—	10
—	5000	—	6000	—	—	15
—	6000	—	7000	—	—	20
—	7000	—	8000	—	—	30
—	8000	—	9000	—	—	31
—	9000	—	10000	—	—	31,5
—	10000	—	11000	—	—	32
—	11000	—	12000	—	—	33
—	12000	—	13000	—	—	34
—	13000	—	14000	—	—	35
—	14000	—	15000	—	—	36

Af 15000 til 16000 kr. skattsk. t. greið.	3230 kr. af 15000 kr. og 37 % af afg.	133
— 16000 — 18000 — — — —	3600 — — 16000 — — 38 — — —	28. des.
— 18000 — 20000 — — — —	4360 — — 18000 — — 39 — — —	
— 20000 — 22000 — — — —	5140 — — 20000 — — 40 — — —	
— 22000 — 24000 — — — —	5940 — — 22000 — — 41 — — —	
— 24000 — 26000 — — — —	6760 — — 24000 — — 42 — — —	
— 26000 — 28000 — — — —	7600 — — 26000 — — 43 — — —	
— 28000 og þar yfir — — — —	8460 — — 28000 — — 44 — — —	

Ákvæðin í 29. gr. B-lið hér að framan haldast óbreytt, nema skattgjald þeirra félaga, sem falla undir b. 1. hækkar úr 8% í 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Um skattagjöld samkvæmt B. 2. skal þó tekið fram, að vegna hækkunar skattstigans fer tekjuskattur samkvæmt honum yfir lágmarksgjaldið — 5% — ef skattskyldar tekjur nema kr. 4950 eða þar yfir.

32. gr.

Sá mismunur, sem fram kemur á tekjuskattinum reiknuðum samkvæmt 29. gr., að viðbættum 10%, og eins og hann er reiknaður samkvæmt 31. gr., skiptist í tvo jafna hluta. Rennur annar hlutinn í rikissjóð, en hinn gengur til bæjar- eða sýslusjóðs kaupstaðar þess eða sýslu þar sem skatturinn er álagður. Þetta gildir þó að eins um þann tekjuskatt, sem lagður er á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir.

Hlutdeild
bæjar- og
sveitasjóða
í hátekju-
skatti.

Skattanefndir verða því að reikna út skattinn eftir báðum skattstigunum og gera sérskrá um alla þá, sem ofangreind skipting nær til.

Dæmi: Skattskyldar tekjur 6000 kr. Tekjuskattur samkvæmt 29. gr. 340 kr. að viðbættum 10% eða 34 kr., samtals 374 kr. Tekjuskattur samkvæmt 31. gr. er 405 kr. Mismunurinn, 31 kr., skiptist til helminga milli rikissjóðs og bæjar- eða sýslusjóðs.

V. KAFLI

Um skattanefndir.

33. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt reglugerð þessari skal utan Reykjavíkur ákveðinn af skattanefndum, en í Reykjavík af skattstjóra (skattstofu).

Skatta-
nefndir.

A. *Skattanefndir.* Þær skulu skipaðar þremur mönnum í hverjum hreppi og kaupstað, sem hér greinir:

Útan
Reykja-
víkur.

1. Í kaupstöðum, þar sem er sérstakur bæjarstjóri, þá er hann sjálfkjörinn í nefndina. (Þannig er nú í Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Akureyri, Neskaupstað og Ísafirði.) Bæjarfógeti tilnefni einn og bæjarstjórn kys hinn þriðja.

Skatta-
nefndir í
kaup-
stöðum.

133

28. des.

Þar sem bæjarfógeti er jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins (Siglu-
fjörður), tilnefnir hann tvo menn í skattanefnd, en hinn þriðji er kosinn
af bæjarstjórn.

Sé bæjarstjóri í nefndinni, skal hann vera formaður hennar. Ella
ákveður bæjarfógeti, hvor þeirra tveggja, sem hann tilnefnir, skuli vera
formaður. Enn fremur skal skipa tvo varamenn, tilnefnir bæjarfógeti
annan, en bæjarstjórn hinn.

í hreppum.

2. Í hreppum er hreppstjóri sjálfkjörinn formaður skattanefndar, eða sá,
er að lögum gegnir starfi hans. Annan samnefndarmann hans tilnefnir
sýslumaður, en hinn hreppsnefnd. Varamenn skulu og vera tveir, annar
tilnefndur af sýslumanni, en hinn af hreppsnefnd.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefnd, ef:

- a. aðalmaður er óhæfur að taka þátt í meðferð máls (sjá 36. gr. B.),
- b. aðalmaður forfallast,
- c. aðalmaður deyr eða fer alfarinn úr nefnd.

En eigi gegnir varamaður þá starfanum nema til bráðabirgða, því
að skipa skal mann í stað hins dána eða burtfarna þann tíma, sem hann
átti eftir að vera í nefndinni. Sá kýs eða tilnefnir nýja nefndarmanninn,
sem kaus eða tilnefndi hinn látna.

Í forföllum formanns kýs skattanefnd sér sjálf formann, um stund-
arsakir. Ef eigi eru nægilega margir aðalmenn og varamenn til samans
hæfir til að fara með mál, þá verður sá eða þeir, sem hæfir eru, að
biðja hreppsnefnd, ef hennar maður er vanhæfur, en ella sýslumann
eða bæjarfógeta, að nefna mann eða menn til að fara með það mál.

Ályktun-
arfær.

Ályktunarfær er skattanefnd að eins, ef allir þeir nefndarmenn eru
á fundi og taka þátt í atkvæðagreiðslu, enda er þeim öllum skylt að
greiða atkvæði. Meiri hluti ræður.

Reykjavík.

- B. Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra, og enn fremur varaskatt-
stjóra til að gegna starfinu í forföllum hans.

Skattstjóri Reykjavíkur hefir sama vald og sömu störf og skyldur sem
skattanefndir eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Ákvæðin hér að framan um, hvenær skattanefndarmenn skuli víkja
sæti, gilda einnig um skattstjóra, og þar sem í þessari reglugerð er talað um
skattanefndir, skyldur og réttindi þeirra, á það einnig við um skattstjóra,
að því leyti sem við á.

34. gr.

Yfir-
skatta-
nefnd.

Í hverju lögsagnarumdæmi (sýslu, kaupstað) skal vera yfirskattanefnd,
skipuð þremur mönnum. Þó skal vera ein yfirskattanefnd fyrir sýslu og kaup-
stað, þar sem sami maður er sýslumaður og bæjarfógeti fyrir bæði lögsagnar-
umdæmin (Hafnarfjörður—Gullbringu- og Kjósarsýsla, Seyðisfjörður—Norð-
ur-Múlasýsla, Akureyri—Eyjafjarðarsýsla, Ísafjörður—Vestur- og Norður-
Ísafjarðarsýsla.

Utan Reykjavíkur er lögreglustjóri sjálfkjörinn formaður yfirskattanevndar, en fjármálaráðherra skipar báða hina. Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra 3 menn í yfirskattanevnd og ákveður, hver þeirra skuli vera formaður. Hann kveður og til 2 varamenn í allar yfirskattanevndir, og taka þeir sæti eftir því, sem formaður ákveður. Ef formaður er óhæfur til meðferðar máls, setur fjármálaráðherra formann í stað hans til að fara með það mál.

133

28. des.

Vara-
menn o. fl.

35. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í rikisskattanevnd og ákveður, hver skuli vera formaður hennar. Hann skipar og jafnmarga varamenn. Einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúndi, en annar á sjávarútvegi og viðskiptum. Rikisskattanevnd skal hafa skrifstofu í Reykjavík í sambandi við skattstofu Reykjavíkur.

Ríkis-
skatta-
nevnd.

Um það, hvenær varamenn taki sæti í yfirskattanevnd eða rikisskattanevnd, ef eigi eru til nógu margir hæfir, um kjör í stað látins eða burtfarins nefndarmanns, hvenær yfirskattanevnd eða rikisskattanevnd sé ályktunarfær og afl atkvæða, gildir samsvarandi það, sem segir um skattanevndir, sbr. 33. gr. A. 2.

36. gr.

A. Enginn má sitja í skattanevnd (yfirskattanevnd eða rikisskattanevnd) nema hann:

1. Hafi óflekkað mannorð, en sá telst eigi hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um verk, sem er svivirðilegt að almenningsálit.
2. Sé fjárráður.
3. Hafi nauðsynlegt vit og heilbrigði.
4. Eigi heimili í skattumdæminu (hreppnum eða kaupstaðnum, ef skattanevnd er, en kaupstað eða sýslu, ef yfirskattanevnd er). Rikisskattanevndarmenn skulu eiga heimili í Reykjavík.
5. Hafi náð lögaldri, þ. e. sé 21 árs gamall.
6. Eigi má sami maður eiga á sama tíma sæti nema í einni skattanevnd, t. d. getur ekki sami maður átt sæti bæði í skattanevnd og yfirskattanevnd.
7. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, systkini, kjörforeldri og kjörbörn og fósturforeldri og fósturbörn mega ekki sitja saman, hvorki sem aðalmenn eða varamenn í skattanevnd, yfirskattanevnd eða rikisskattanevnd.

Almenn
skilyrði.

B. Enginn má taka þátt í meðferð máls í skattanevnd, yfirskattanevnd eða rikisskattanevnd, hvorki skattsákvörðun eða kærur, ef

1. málið varðar hann sjálfan (tekjur hans eða eign og annað, sem lýtur að ákvörðun á skatti hans). Því verður skattanevndarmaður að vikja sæti, ef kæra varðar hann, sem kæranda eða kærðan.

Skilyrði
til með-
ferðar
einstakra
mála.

- 133
28. des.
2. Málið varðar með sama hætti, þá sem honum eru svo nánir, sem í A. 7. tölulið að ofan segir.
 3. Auk þess er það rétt, að nefndarmaður viki af öðrum ástæðum, ef hætta er á, að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu.
Nefndin úrskurðar öll, hvort nefndarmaður skuli víkja sæti.

37. gr.

Kjör-
tímabil.

Skattanefndarmenn, bæði í skattanefnd, yfirskattanefnd og rikisskattanefnd (aðrir en hreppstjórar, bæjarstjórar og lögreglustjórar, sem sjálfkjörnir eru formenn) skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðnefndarmaður fer frá á víxl á þriggja ára fresti, í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Tekur þetta einnig til varamanna. Þeir nefndarformenn, sem eigi eru sjálfkjörnir (formaður rikisskattanefndar, formaður yfirskattanefndar í Reykjavík og formenn yfirskattanefnda, þar sem ekki er sérstakur bæjarstjóri) eru og allir skipaðir til 6 ára og fara eigi frá fyrr en að þeim tíma liðnum. Skattstjóri í Reykjavík skal og skipaður til 6 ára. Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa að nýju, og er rétt að endurkjósa menn, svo oft sem þeir vilja.

Ef nefndarmaður deyr eða fer frá áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans fyrir þann tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Skipaðir
fyrir
áramót.

Skattanefndir og yfirskattanefndir skulu jafnan fullskipaðar fyrir hver áramót.

Skylda að
sitja í
nefnd.

Það er almenn borgaraskylda öllum þar til hæfum mönnum, að taka sæti í skattanefnd, yfirskattanefnd og rikisskattanefnd. Eigi er þó skylt að taka við kjöri eða tilnefningu:

Undan-
þágur.

1. Þeim, sem sextugur er að aldri á kjördegi. Ef hann verður sextugur áður en kjörtímabil hans er á enda, þá á hann rétt að fara úr nefnd. Hins vegar er honum skylt að sitja í nefnd kjörtímabil út, ef hann hefir látið endurskipa sig, eftir að hann varð sextugur, nema aðrar ástæður komi til, t. d. ellilasleiki.
2. Þeim, sem hefir verið samfleytt 6 ár í nefnd, er ekki skylt að taka sæti í henni fyrr en 6 ár eru liðin frá því, að hann gekk úr nefndinni.
3. Þeim, sem er öðrum háður sem hjú. Á bekk með hjúum má setja alla þá, sem ráðstafað hafa fyrir fram um langan tíma starfskröftum sínum í þarfir annara, t. d. búðarmenn, skrifstofumenn ýmsa o. s. frv.

38. gr.

Bókhald.

Skattanefndir, yfirskattanefnd og rikisskattanefnd skulu hafa gerðabók. Í hana skal rita:

- a. Stutta skýrslu um fundarefni og allt það helzta, sem fram fer á fundinum.
- b. Skattskrár. Þetta gildir þó að eins um gerðabækur skattanefnda.
- c. Heit nefndarmanna. En það heit skulu allir skattanefndarmenn, skattstjóri, yfirskattanefndarmenn og rikisskattanefndarmenn vinna (þar með taldir varamenn) þeir, er eigi hafa áður unnið eið eða heit embættismanna

eða sýslunar. Heitið skulu þeir vinna á fyrsta fundi, sem þeir sitja á og undirrita það í gerðabók nefndarinnar. Er það heit svo hljóðandi: **133**

28. des.

„Ég N. N. skattanefndarmaður (yfirskattanefndarmaður, vara-skattanefndarmaður o. s. frv.) í N. N. hreppi (kaupstað, sýslu), lofa því hér með og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal gegna starfi mínu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta lög-mæltrar þagnarskyldu minnar um öll þau atriði, er varða hagi gjaldþegna og ég kemst að vegna starfs míns.“

**Heit nefnd-
armanna.**

Formönnum nefndanna ber að geyma vandlega og halda í reglu skjöl- um öllum og bréfum, sem þeim berast, svo og uppköstum eða eftirritum að bréfum, sem þeir láta frá sér fara.

**Skjala-
geymsla.**

Fjármálaráðuneytið lætur gera bækur þessar á kostnað rikissjóðs. Lög-gildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðu-neytið gerðabækur yfirskattanefnda og rikisskattanefndar.

39. gr.

Um kaup skattanefnda, yfirskattanefnda og rikisskattanefndar fer sem hér segir:

**Kaup
skatta-
nefnda.**

A. Skattanefndir.

1. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur út af fyrir sig (aðal- hluti hreppsins er kauptún), skal greiða skattanefnd 2% af tekju- og eignarskatti, eins og hann verður hverju sinni ákveðinn í þeim kaup- stað eða kauptúni, samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar. Þó skal borg- unin ekki fara fram úr 8 kr. og ekki vera minni en 4 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.

2. Annars staðar (þ. e. í hreppum, sem eigi falla undir A. 1.) skal greiða skattanefnd allt að 4% af skattinum í hreppnum, eins og hann er á- kveðinn samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar, þó eigi hærra en 8 kr. og eigi minna en 4 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns. Með starfs- degi er hér átt við fullan starfsdag nefndarmanns.

B. Yfirskattanefndarmenn (utan Reykjavíkur) fá í laun 8 kr. fyrir hvern fullan starfsdag. Borgun til formanns telst þó fólgin í embættislaunum hans. Enn fremur fá þeir endurgreiddan ferðakostnað, er af starfinu kann að leiða.

C. Borgun til skattstjóra, varaskattstjóra, yfirskattanefndarmanna í Reykja- vík og rikisskattanefndar og varamanna fer eftir samningi við fjármála- ráðherra.

Kostnaður allur greiðist úr rikissjóði. Formaður yfirskattanefndar úr- skurðar reikninga skattanefnda og greiðir þá á manntalsþingum ár hvert. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga skattstjóra, yfirskattanefnda og rikisskattanefndar. Ávisar það fjárhæðunum til formanns, er svo greiðir nefndarmönnum þær.

VI. KAFLI

Um framtal tekna og eigna, ákvörðun skatts, fresti, kærur, úrskurði, innheimtu o. fl.

40. gr.

Eyðublöð til framtals. Í janúarmánuði ár hvert (í Reykjavík fyrir 10. jan.) skulu skattanefndir senda öllum þeim, sem kunna að vera skyldir til að greiða tekjuskatt eða eignarskatt þar í hreppi eða kaupstað, eyðublað undir framtalsskýrslu. Öllum þeim, sem stunda landbúnað, skal senda eyðublað fyrir landbúnaðarskýrslu, ásamt framtalseyðublaðinu, og þeim, sem útgerð stunda, eyðublað fyrir skýrslu um tekjur af sjávarútvegi.

Framtalseyðublöð lætur fjármálaráðuneytið gera og sendir skattanefndum eftir þörfum, allt á kostnað rikissjóðs, svo og önnur eyðublöð, sem til þurfa.

Jafnframt útsendingu framtalseyðublaða skulu skattanefndir (skattstjóri) senda öllum atvinnurekendum í umdæminu, sem máli skiptir um í þessu sambandi, skýrsluform til útfyllingar um kaupgreiðslu þeirra á skattárinu, jafnt til innan- og utansveitarmanna. Í kaupstúnum og kaupstöðum skal einnig senda öllum hlutafélögum skrá til útfyllingar um hlutabréfaeign og arðsúthlutun á árinu, og önnur þau skýrsluform og beiðni um upplýsingar, sem með þarf og mælt kann að verða fyrir um.

Áður en útsending þessi er framkvæmd eða henni lokið, þurfa því skattanefndir að hafa á hverju ári aflað sér m. a. eftirtalinna gagna og upplýsinga:

Söfnun heimilda og undirbúnings-skýrslna.

1. Manntal umdæmisins, það sem síðast hefir verið tekið, auk þess sem nauðsynlegt er fyrir nefndina að hafa það til þess að geta séð, hverjir eigi heimili sitt í hverjum hreppi og kaupstað, þurfa þær að bera það saman við framtalinn ómagafjölda skattgreiðenda, tilfærðan aldur barna o. s. frv.
2. Í kaupstöðum og kaupstúnum verða skattanefndir að fá skýrslu um þær breytingar, sem orðið hafa á árinu á firmaskrá og skipaskrá umdæmisins. Ber lögreglustjórum að láta skýrslur þessar í té.
3. Hjá skiptaráðendum dánar- og þrotabúa ber að fá skýrslur um bú, sem skipt hefir verið á árinu, og þau dánar- eða þrotabú, sem eru undir skiptum.

Eyðublöð til erlendis búsettra manna, ófjárráðra manna, barna eða unglunga, dánar- og þrotabúa, skal hún senda þeim, sem skylt er að telja fram fyrir þessa aðila, sbr. 41. gr.

Gera skal ráð fyrir, að þeir hafi fengið eyðublað, sem skattanefnd hefir sent það í pósti eða með boðbera. Sá sem eigi fær eyðublað á tilsettum tíma, skal þá gera skattanefnd aðvart um það eða vitja þess til hennar. Enda þótt menn fái eigi eyðublað í hendur, leysir það þá eigi undan þeirri skyldu, að telja fram eða gefa aðrar þær skýrslur, sem þeim má vera vitanlegt, að lögskylt sé að gefa.

Hver sá, sem framtalseyðublað fær, skal fylla það út eftir beztu vitund og skrá þar í tekjur sínar síðastliðið ár (sbr. 9.—14. gr.), frádrátt (sbr. 16. og 17. gr.), eignir og skuldir (sbr. 23.—25. gr.) og aðrar þær upplýsingar um hag sinn er máli skipta, eftir því sem framtalsformið segir til um. Staðfestir hann síðan framtalið með undirskrift sinni (dagsetning, óskammstafað nafn og heimilisfang) og vottar að viðlögðum drengskap, að skýrslan sé gerð eftir beztu vitund. Þeir sem láta fylgja framtali rekstrar- og efnahagsreikninga, skulu og staðfesta þá með undirskrift sinni eða þess, sem reikningana hefir samið. Reikningar félaga skulu og staðfestir af endurskoðendum þeirra ásamt framkvæmdarstjóra.

Framtalsskýrslur (ásamt tilheyrandi reikningum, landbúnaðarskýrslu, sjávarútvegsskýrslu o. s. frv.) skulu komnar:

- a. til skattstofu Reykjavíkur fyrir lok janúarmánaðar,
- b. í hendur skattanefndar eða formanns skattanefndar annars staðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar.

Skattstjóri eða skattanefnd geta þó, ef sérstaklega stendur á, veitt mönnum frest til að skila framtali til 15. marz.

Þeir, sem reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, þurfa þó ekki að skila framtali fyr en 31. marz í Reykjavík og 20. marz annars staðar á landinu. Vátryggingarfélag þurfa eigi að skila framtölum fyrr en 30. júní.

Það ár, þegar talið er fram, kallast framtalsár, en skattár það sem framtalið gildir fyrir.

41. gr.

Skylda til að telja fram tekjur og eignir hvílir á:

1. Hverjum einstökum skattþegni fyrir sjálfan sig og konu sína, ef hjón eru samvistum. Hver fjárráða manneskja, heimilisföst eða til dvalar — ef skattskyld kann að vera — á Íslandi, er skyld að telja fram tekjur sínar og eignir.
2. Fjárhaldsmenn telja fram fyrir þá, sem ófjárráða eru. Feður telja því fram fyrir börn sín, kjörbörn og fósturbörn.
3. Fyrir bú (dánarbú, þrotabú), sem er undir opinberum skiptum, hvílir framtalsskyldan á skiptarétti, skiptaforstjórum eða skiptanefnd („in solidum“ ef fleiri eru). Ef erfingjar skipta sjálfir, þá hvílir skyldan á þeim „in solidum“. Enn fremur skal skýrsla gefin um tekjur og eignir bús, þegar lokið er uppgerð, enda nemi skuldlausar eignir 10000 kr.
4. Stjórn félags, sjóðs eða stofnunar skal telja fram eignir og tekjur þessara skattgreiðenda. Ef félag er heimilisfast erlendis (sjá 2. gr.), þá hvílir skyldan á aðalumboðsmanni þess hér.
5. Ef erlendis heimilisfastur maður á hér skattskyldar eignir, rekur hér atvinnu (verzlun, verksmiðju, útgerð, flutninga o. s. frv.) eða hefir hér eða héðan skattskyldar tekjur (sjá 3. gr.), þá hvílir skyldan á þeim, sem veitir atvinnufyrirtæki forstöðu, varðveitir eignirnar, eða hefir tekjurnar undir

133
28. des.
Útfylling
framtals.

Hvenær
framtal
skal komið
í hendur
skattanefnda og
skattstjóra.

Framtals-
skylda.

133
28. des.

höndum eða greiðir þær, nema aðili dveljist hér sjálfur eða hafi hér aðra umboðsmenn, sem annist framtal hans.

42. gr.

Upplýs-
ingaskylda
skatta-
nefnda.

Skattanefndir (skattstjóri) eru skyldar til að veita skattþegnum aðstoð við að telja fram til skatts, þegar þess verður talin þörf, enda eru þeir og skyldir til að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að framtal þeirra verði sem réttast. Eigi er þó skattanefndum skylt að aðstoða við framtöl til skatts, eftir að framtalsfrestur er liðinn.

Framtöl
atvinnu-
rekenda.
Landbún-
aðar-
skýrsla.
Sjávarút-
vegs-
skýrsla.

Allir þeir, sem eru bókhaldsskyldir, eru skyldir að láta fylgja framtali sínu nákvæman rekstrar- og efnahagsreikning. Sama gildir yfirleitt um alla þá, sem hafa nokkurn verulegan atvinnurekstur með höndum, sbr. 10. gr. Þeir, sem landbúnað stunda, gefi landbúnaðarskýrslu, sbr. 22. gr., og smáútvegsmenn útfylli sjávarútvegsskýrslu (sjá fylgiskjal). Enda þótt menn séu eigi bókhaldsskyldir og reki atvinnurekstur í smáum stíl, ber skattanefnd að gera þá kröfu, að þeir geri fulla grein fyrir brúttótekjum sínum og sundurliða rekstrarútgjöld sín, eins og þurfa þykir.

Þeir, sem senda með framtali sínu rekstrarreikning og efnahagsreikning, eins og að framan segir, skulu færa inn á framtalið að eins lokaniðurstöðu reikninganna, þ. e. hreinar tekjur eða tap, hreina eign eða eignarhalla, en enga af þeim tekju-, gjalda-, eignar- og skuldaliðum, sem á reikningana eru færðir, skal færa inn á framtalseyðublaðið sjálf.

43. gr.

Hvar setja
skal mann
á skattskrá.

Þar skal setja mann ár hvert á skattskrá, sem hann er heimilisfastur, þegar skattanefndir taka til starfa, þ. e. í janúarmánuði. Verða skattanefndir að gera ráð fyrir því, að hver maður sé búsettur þar, sem hann er talinn heimilisfastur í síðasta manntali, nema sönnuð séu bústaðaskipti eftir það. Þótt maður eigi eignir eða hafi tekjur víðar en í þeim hreppum eða kaupstað, sem hann er búsettur í, þá skulu allar þær eignir og tekjur taldar fram, og skattur á þær lagður, þar sem heimilisfang hans er. Því skulu einnig innlend félög og stofnanir að eins sett þar á skattskrá, sem heimilisfang þeirra er, enda skal þar og telja eignir og tekjur útibúa þeirra.

Settir eru á skattskrá utan heimilis:

1. Erlend félög og stofnanir. Skal setja þau á skattskrá, þar sem aðalumboðsmaður þeirra er búsettur. Gildir þetta einnig, ef eignir eða tekjur eru víðar en þar sem aðalumboðsmaður er. Ef enginn er aðalumboðsmaður, þá ákveður fjármálaráðherra, hvar setja skuli félag á skattskrá.
2. Erlendis heimilisfastir menn, sem hér skulu skatt greiða, eru settir þar á skattskrá, sem eign þeirra er, eða þar sem þeir hafa tekjur. Útlendingur, sem á hlut í atvinnufyrirtæki, skal settur á skattskrá, þar sem það er. Þeir, sem taka laun eða styrktarfé úr ríkissjóði eða öðrum sjóðum, sem ríkið á, skulu settir á skattskrá í Reykjavík. Ef þeir fá styrk úr öðrum

sjóðum eða stofnunum, eða laun eða tekjur úr öðrum fyrirtækjum, þá skal setja þá í skatt, sem sá sjóður, stofnun eða fyrirtæki er, enda hafi fjármálaráðherra eigi ákveðið öðru vísi.

3. Séu menn hvergi heimilisfastir, skal skattleggja þá í Reykjavík.

Ef fram er talið fyrir þessa aðila, þá ber framteljanda að telja fram allar eignir hans og tekjur hér á landi, hvar sem þær eru, því að skatti skal svara af þeim öllum í einu lagi. Ef eigi er talið fram, þá skal skattanefnd bera það undir fjármálaráðherra til úrskurðar, hvar setja skuli aðila á skattskrá, ef nokkur vafi getur verið um það atriði.

Fjármálaráðuneytið sker úr öllum vafaatriðum og ágreiningi um það, hvar gjaldandi, innlendir eða útlendir, einstakur maður eða félag, skuli vera settur á skattskrá.

Skattanefndir verða að hafa vakandi auga á því, að þeir, sem flytja búferlum á skattári (t. d. til útlanda), og sömuleiðis menn, sem eru á skipum, sleppi eigi við skatt. Séu slíkir menn skattlagðir á tveimur stöðum, skal fella niður skattinn á öðrum staðnum, þegar greitt hefir verið á hinum.

44. gr.

Neðangreindir aðilar eru skyldir að veita skattanefndum (eða skattstjóra) ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar þær skýrslur, er þeir beiðast og hægt er að láta þeim í té.

1. Allir embættismenn og aðrir, sem einhver störf hafa á hendi í almennisþarfir, skulu afhenda:

- Manntal (skýrslu um það gefa prestar í hreppum, bæjarstjórar í kaupstöðum og í Reykjavík manntalsskrifstofa Reykjavíkurbæjar, og enn fremur lögreglustjóri, t. d. flutningstilkynningar, heimilisföng lögskráðra sjómanna).
- Skýrslur um dánarbú og þrotabú, arfgreiðslur og fyrirframgreiðslur upp í arf, úthlutanir úr þrotabúum, þinglestur á afsölum, skuldabréfum og alls konar samningum, kaupmálum alls konar, matsgerðir, eftirrit af uppkveðnum dómum o. s. frv. (hreppstjórar, sýslumenn og bæjarfógetar — í Reykjavík lögmaður).
- Breytingar á firmaskráum og skipaskráum í kaupstöðum og kauptúnum, seld verzlunarleyfi og iðnleyfi, gripaeign í kaupstöðum og kauptúnum (lögreglustjórar).
- Skrá yfir greiddan skatt (lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri) og útsvör (bæjar- og sveitarsjóðir). Enn fremur skemmtanaskattur og framleiðslutollur í kaupstöðum.
- Breytingar á fasteignamati fasteigna (hreppstjórar, sýslumenn og bæjarfógetar eða bæjarstjórar — í Reykjavík fasteignamatsskrifstofa) og brunabótamati (í Reykjavík brunamálstjóri, annars staðar umboðsmenn brunabótafélags Íslands).

Sérstök skylda til skýrslugjafa.

Embættismenn.

Forstöðumenn félaga og stofnana.

- 133 f. Skýrslu um jarðabætur og jarðabótastyrk (búnaðarfélög, jarðabóta-
28. des. félag), skýrslu frá gjaldeyrisnefnd um veittan innflutning o. s. frv.
- Lán- 2. Stjórnendum banka, sparisjóða og annara lánstofnana er skylt að gefa
stofnanir. skattanefndum (skattstjóra) upplýsingar um allar innstæður gjaldenda í
þessum stofnunum, svo og skuldir manna við þær, bæði almennt og um
nafngreinda menn. Sé slíkum fyrirspurnum beint til banka eða sparisjóða
af skattanefndum utan hrepps þess eða kaupstaðar, sem bankinn eða spari-
sjóðurinn hefir aðsetur í, er þó nauðsynlegt, að spurt sé um nafngreinda
menn.
- Hlutafélög. 3. Stjórnendur hlutafélaga eru skyldir að gefa skattanefndum (skattstjóra)
skrá yfir hluthafa félagsins og hlutafjäreign hvers þeirra um sig, ásamt
úthlutuðum arði, hafi hann einhver verið — þar með talin frihlytabréf og
annað, sem til arðgreiðslu getur talizt.
- Starfs- 4. Allir þeir, sem hafa í þjónustu sinni menn, er taka kaup fyrir starf sitt,
menn. jafnt þeir, sem 1.—3. töluliður nær til, sem aðrar stofnanir og atvinnurek-
endur, eru skyldir að gefa skýrslu um, hvað þeir greiða hverjum manni,
þar til teljast stjórnarlaun, ágóðabókun, gjafir o. fl., enn fremur öll hlunn-
indi, sem veitt eru starfsmönnum, og allar kaupgreiðslur, bæði greiddar í
peningum og peningavirði. Þetta tekur til allra fastra starfsmanna, svo
sem hjúa, skrifstofumanna, búðarmanna utan og innan búðar, og enn frem-
ur daglaunamanna og annara, sem eigi eru að staðaldri í þjónustu aðila,
ef greiðsla nemur nokkru verulegu, t. d. 50 kr. eða þar yfir. Skylt er að
gefa skýrslu um kaup starfsmanna, þótt í beiðni um hana sé ekki sundur-
liðað, um hverja starfsmenn sé spurt.
- Úrskurður um skylduna. Fjármálaráðherra úrskurðar ágreining um skyldu manna til að láta
af hendi skýrslur þær, samkvæmt þessari gr. Skattanefnd ber því að skýra
fjármálaráðherra þegar frá því, ef henni er neitað um þær, eða dregið er
um þörf fram að láta þessar upplýsingar í té.

45. gr.

Þegar lokið er framtalsfresti, skulu skattanefndir þegar hefja rannsókn og endurskoðun á framtölum. Verða þær þá að hafa aflað sér þeirra gagna, sem í 44. gr. 1.—4. tölulið segir, eftir því sem þörf krefur á hverjum stað til samanburðar og hliðsjónar við framtölin.

Undir-
búnings-
störf
skatta-
nefnda.

Sumt af þessum upplýsingum er einfaldast að færa inn á framtölin, svo sem fasteignamat og brunabótamatsverð húsa hjá húseigendum, greiddan skatt og útsvar og önnur slík gjöld. Skýrslur frá atvinnurekendum um greidd starfslaun — starfsmannaskýrslur — er hagkvæmast, að séu gefnar þannig, að kaupgreiðslur til hvers einstaks starfsmanns séu tilfærðar á sérstökum miða, sem hægt er að festa við framtal hlutaðeigandi gjaldanda. Sama er að segja um skýrslur yfir arðsúthlutanir úr félögum. Eru sýnishorn af þessum miðum prentuð hér á eftir. Aðrar heimildir og upplýsingar, sem skattanefnd fær í hendur viðkomandi einstökum gjaldendum, verður hún ýmist að láta fylgja fram-

tölum þeirra ellegar geyma á spjaldskrá, eða lausablaðabókum, þannig að 133
 örugt sé og fljótlegt til samanburðar við hvert einstakt framtal. Má hér nefna 28. des.
 samtalningsskrár atvinnurekenda yfir uppgefin laun, hlutabréfaeign í félög-
 um, inneignir eða útistandandi skuldir hjá einstökum mönnum og fyrirtækj-
 um, samkvæmt skuldaframtali þeirra, upplýsingar um kaup og sölu eigna,
 þinglesin afsöl og skuldabréf o. s. frv.

Önnur undirbúningsstörf skattanefnda á hverju skattári eru m. a. að
 ákveða verð á ýmsum hlunnindum, svo sem fæði (til tekna og gjalda), hús-
 næði, einkennisfatnað og annað, sem almennt telst til launagreiðslu, einnig
 að meta til peningaverðs búsafurðir (mjólk etc.) hjá þeim, sem landbúnað
 stunda, jarðabótadagsverk og aðra slíka tekjuliði. Enn fremur að gera tillögur
 til yfirsattanefnda um mat búfjár til eignar og framkvæma annað eignarmat
 (hlutabréf og önnur verðbréf, nýrækt o. fl.).

Um einstaka liði í skattaframtölum, ákvörðun tekna og frádráttar, eigna
 og skulda, vísast til þess, sem sagt er hér að framan í II. og III. kafla. Hér skal
 þó enn fremur dregið á nokkur atriði, sem skattanefndum ber einkum að hafa
 i huga við athugun framtala.

A. Tekjur.

Um laun og aðrar framtaldar vinnutekjur ber að athuga, að þær komi Ákvörðun
 heim við það, sem vinnuveitandi hefir gefið upp, og fá fullar skýringar, tekna og
 ef þar er eitthvert ósamræmi á milli, eða ef vinnutekjur virðast óeðlilega eign.
 lágur. Ef menn hafa haft atvinnu á fleiri stöðum en einum, er því nauð-
 synlegt, að tilgreind séu nöfn launveitenda allra og sá tími, sem gjaldandi
 hefir hjá þeim (verið) unnið. Sérstakan vara þarf að hafa á því, að fram
 séu taldar launauppbætur og þóknanir ýmis konar, sem oft eru ákveðnar
 eftir á, og aðrar aukatekjur. Sama er um hlunnindi öll, að skattanefndir
 verða að fylgjast vel með, hverjir þau hafa, og meta þau til tekna.

Húsaleigu og aðrar leigutekjur ber og að sundurliða eftir föngum og fá
 sem fyllstar upplýsingar um íbúðir þeirra, sem búa í eigin húsi. Gæta ber
 þess, hvort samræmi er í leigutekjum frá ári til árs og hvort þær mega
 teljast eðlilegar miðað við fasteignamat eða verðmæti eignarinnar. Sé leiga
 talin töpuð, ber að nafngreina þann eða þá leigjendur, sem tapast hefir á,
 og færa sönnur fyrir tapinu.

Um vaxtatekjur ber að athuga, að þær svari til eignanna — bankainn-
 stæðu, verðbréf, útistandandi skuldir o. s. frv., og verður í því sambandi að
 gæta þess, hvernig slíkar eignir kunna að hafa breytt á árinu. Verða skatta-
 nefndir að fá fullar upplýsingar um vaxtakjör. Þá verða og skattanefndir
 að fylgjast vel með öllum arðsúthlutunum úr félögum, sbr. 44. gr., og kaup-
 um og sölum skuldabréfa og handhafabréfa, til þess að ganga úr skugga
 um, hvort um affallatekjur er að ræða. Sömuleiðis um útdregin banka-
 vaxtabréf.

Sé eigi gefinn upp eigandi skuldar- eða handhafabréfs, greiðir móttak-
 andi vaxta tekjuskatt af þeim.

133 B. Frádráttur almennt.

28. des.

Mannahald kemur til frádráttar að eins hjá þeim, sem atvinnu reka, nema ef ráðskonufrádráttur er samkvæmt 17. gr. 7. lið eða menn hafa greitt af launum sínum fyrir aðstoð. Sama er um *leigu*, nema veittur sé frádráttur vegna skrifstofuhalds, sbr. 17. gr. 4. lið.

Um framtaldar *vaxtagreiðslur* athugist fyrst og fremst, hvort þær eru í réttu hlutfalli við skuldir, hvort afföll eru innfalin og hvort nafngreindir eru skuldareigendur. Sé það eigi og ekki úr því bætt, ber að strika út vexti af þeim skuldum. Séu vextir ógreiddir, ber að gera sér grein fyrir því, hvort þeir munu greiddir verða.

Viðhald skal sundurliða og gerð grein fyrir, í hverju það er fólgið, ef um verulegar upphæðir er að ræða. *Fyrning* fasteigna, reiknuð samkvæmt brunabótamati. Greiddir skattar og önnur slík gjöld skulu sannprófuð eftir þeim skýrslum, sem skattanefnd ber að hafa þar að lútandi, og athugað um greidd iðgjöld og félagsgjöld, að þau fari eigi yfir lögákveðið hámark.

Um ómagafrádrátt allan skal þess gætt, að fullar upplýsingar séu fyrir hendi: nafn ómaga, aldur og heimili og gengið úr skugga um, að þær upplýsingar séu í samræmi við manntal umdæmisins og að gjaldandi eigi rétt á frádrætti hans vegna.

C. Eignaframtal.

Um *fasteignir* skal þess gætt, að þær séu taldar með fasteignamati. Búpeningur skal metinn samkvæmt því mati, sem yfirsattanefnd hefir sett. Hlutabréf og önnur verðbréf skulu sundurliðast í framtali, með tilgreint nafnverð þeirra, og síðan útfærð með því mati, sem hæfilegt þykir. Sundurliðun ber og að fá yfir útistandandi skuldir, ásamt vaxtakjörum.

Skattanefnd ber að athuga rækilega allar upplýsingar um kaup og sölu fasteigna og annara eigna á árinu, kostnaðarverð nýrra eigna o. s. frv., bera þær upplýsingar saman við framtölin og athuga um sölugróða í því sambandi.

Skattanefnd ber og að sjá um, að taldir séu eigendur að öllum skuldum og gæta þess, að skuldafjárbæðir komi heim við það, sem skuldheimtumaður telur fram, svo og vaxtagreiðslur.

D. Athugun á framtölum atvinnurekenda.

Einn vandamesti þátturinn í störfum skattanefnda er rannsókn á framtölum atvinnurekenda og rekstrar- og efnahagsreikningum þeirra. Enda þótt atvinnurekandi sé eigi bókhaldsskyldur, verður skattanefnd að gera kröfu til þess, að hann gefi yfirlitsreikninga um tekjur sínar og gjöld, eignir og skuldir, eins sundurliðað og nákvæmt og kostur er á. Gildir þetta um alla þá, sem einhvern atvinnurekstur stunda, sbr. 10. gr. Einkum verður að ganga ríkt eftir því, að gerð sé grein fyrir „brúttó“-tekjum í hverju einstöku tilfelli og frádráttur allur sundurliðaður. Séu reikningar ófullnægjandi eða tortryggilegir, eða vafi þykir leika á um einhver atriði, getur skattanefnd látið rannsaka bókhald gjaldanda.

Skattanefnd ber að leitast við að fá sem beztan samanburð á milli hliðstæðra atvinnurekenda eða gjaldenda í sömu starfsgreinum, t. d. um álagningu verzlunar- og framleiðslufyrirtækja, helztu kostnaðarliði og rekstrarútkomu yfirleitt. Sé margs konar rekstri blandað saman í reikningum, skal reynt að sundurliða það, svo að séð verði lokaniðurstaða hvers rekstrar út af fyrir sig.

133
28. des.

Sérstakar gætur verður að hafa á því, einkum þegar einstakir menn eiga í hlut, að öll viðskipti þeirra við eigið fyrirtæki séu réttilega bókfærð, t. d. vöruúttekt úr verzlunar- og framleiðslufyrirtæki, og að engin einkaútgjöld hans séu færð rekstrinum til gjalda.

Hjá félögum verður sérstakega að fylgjast með breytingum á sjóðum þeirra (varasjóðir, byggingasjóðir, fyrningarsjóðir o. s. frv.) og ráðstöfun tekna, arðsúthlutunum, vaxtagreiðslum af sameignarfé o. s. frv.

Við athugun á framtölum gjaldenda, bæði einstaklinga og atvinnufyrirtækja, er nauðsynlegt að hafa til samanburðar framtöl þeirra frá næsta ári á undan.

Auk þess, sem nefndunum er skylt að gefa gaum að hverju einstöku atriði framtals, ber þeim að athuga sérstaklega, hvort samræmi er á milli efnahags gjaldþegns í ársbyrjun og í árslok, samkvæmt framtölunum, miðað við framtaldar hreinar tekjur eða tap og sennilega eigin eyðslu. Er sá samanburður oft beztí leiðarvísir skattanefnda um það, hvort tekjur eru rétt framtaldar. Það er því fyrsta skilyrðið fyrir framkvæmd skattlaganna, að eignir og og skuldir séu rétt framtaldar hjá öllum gjaldendum, hvort sem þeir ná skatti eða eigi. Efnahagsbreytingar manna eru síðan notaðar sem bendingar um það, hvort tekjur eru rétt fram taldar.

Komi það t. d. í ljós, að gjaldþegn eykur hreinar eignir sínar um hærri fjárhæð en svarar hreinum tekjum að frádreginni sennilegri eigin eyðslu, þá verður af því dregin sú ályktun, að hann hafi haft meiri tekjur en fram eru taldar.

Þegar reiknaðar eru út hreinar tekjur í þessu sambandi, ber að miða við hreinar peningatekjur. Þá ber að athuga, að húsaleiga í eigin húsi er ekki peningatekjur og fyrning af fasteignum ekki peningaútgjöld, og eins getur verið um fleiri tekju- og gjaldaliði. Við samanburð þenna ber að sjálfsögðu að fara eftir hreinum breytingum á efnahag manna, og verður því að taka tillit til þess, ef eignir hafa aukizt eða lækkað af ástæðum, sem eru tekjum gjaldanda óviðkomandi. Má þar nefna:

- a. Breytingar á mati eigna, t. d. fasteignamati, matsverði verðbréfa eða úti-standandi skulda, sem ekki snerta rekstur, mat innanstokksmuna o. fl.
- b. Eignir hafa aukizt eða skuldir lækkað vegna atvika, sem eigi koma tekjum við t. d. sala fasteignar, sem verið hefir í eigu gjaldþegns meir en 5 ár eða sala lausafjár, t. d. hlutabréfa, kaup og sala innanstokksmuna (t. d. keyptir og metnir minna), skuldir verið eftirgefnar, arftaka eða fyrirframgreiðsla upp í arf, séreign konu fengin við giftingu, afföll tekin eða

133
28. des.

gefin, skipt á 5 ár, áfallnar ábyrgðir, seldur „goodwill“ o. s. frv., auk þess sem verið getur, að eignir eða skuldir hafi ekki verið rétt tilfærðar.

Ef áætla þarf eigin notkun, ber að taka tillit til fjölskyldustærðar, greiddrar húsaleigu, veikindakostnaðar, ómagafjölda nokkur undanfarin ár og annara ástæðna, sem fyrir hendi eru, og skattanefnd eru kunnar. Hjá einstaklingum t. d., hvort þeir hafa sameiginlegt húshald við fjölskyldu sína.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að fá sem fyllstar upplýsingar um kaupverð eða kostnaðarverð eigna, einkum fasteigna. Hafi t. d. bílstjóri keypt og selt bíl á árinu, verður að vita um kaup- og söluverð. Þegar hús er keypt eða selt, ber að athuga, hvort það er greitt að einhverju leyti með verðbréfum, t. d. kreppulánasjóðsbréfum, sem hafa getað verið keypt með afföllum. Ef gjaldandi hefir byggt hús á árinu, ber að fá uppgengið kostnaðarverð þess, og á þá kostnaðarverð að svara til þess, sem hann hefir lagt í húsið á árinu, að meðtöldum skuldum vegna breytingarinnar, þar með talin afföll af lánnum. Kostnaðarverð er venjulega svipað og brunabótamatsverð. Sé hús byggt á 2 skattárum, verður að athuga bæði árin sameiginlega. Sé kostnaðarverð eigi gefið upp eða verði eigi um það vitað, verður að áætla það.

Í sambandi við eignabreytingar þeirra, sem landbúnað stunda, ber að athuga, að hjá þeim er fæðiskostnaður fólks reiknaður út eftir föstum reglum, og ekki hægt að reikna hann út raunverulega, og getur það haft áhrif á eignabreytingar þeirra. Sama er um sjávarútveg, að raunverulegur fæðiskostnaður getur oft orðið annar en matið segir til.

Hjá þeim, sem eru bókhaldsskyldir, á eignahreyfingin að vera sýnd nákvæmlega í höfuðstólsreikningum þeirra, og ber að sjá um, að það sé gert.

Það skal tekið fram, að þótt fyrirtæki séu rekin með tapi, er eigi að síður nauðsynlegt að rannsaka framtöl þeirra og eignabreytingar, enda getur farið svo, að tapið verði síðar dregið frá tekjum sbr. 16. gr. d-lið.

Ef tekjur standast eigi miðað við eignaraukningu, ber að leita skýringa á því, og fáist þær eigi fullnægjandi, verður að áætla tekjur, sbr. 46. gr.

46. gr.

Tilkynningar-
skylda.

Skattanefnd leiðréttir framtöl og fullgerir þau í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli og eftir þeim heimildum og upplýsingum, sem henni berast. A. Eftirfarandi atriðum er skattanefnd heimilt að breyta, án þess að tilkynna gjaldendum sérstaklega.

1. Ef framteljandi hefir talið sér til tekna tekjuliði, sem tvímælalaust heyra eigi undir tekjur til skatts, eða fært til frádráttar greiðslu eða gjaldaliði, sem eigi snerta skatttekjur hans, er skattanefnd heimilt að fella þá liði niður úr framtalinu. Af slíkum tekjuliðum má nefna: Framleigu af húsnæði, sem leigt er til eigin nota, vinning í happdrætti háskóla Íslands, seldar eignir eða munir, sem eigi teljast til ágóða af seldum eignum, tekjur barna, sem eru sjálfstæðir framteljendur, greiðslur vegna arfs o. s. frv. Af *gjaldaliðum* má tilfæra: Kaup og fæði vinnukonu,

eigin húsaleigu, greiðslu fyrir fæði og slík persónuleg útgjöld, afborganir skulda o. s. frv.

133
28. des.

2. Ef framteljandi hefir talið sér til eignar eign, sem honum er óviðkomandi, t. d. séreign barna, eða eign, sem eigi er skattskyld, svo sem bókasafn. Enn fremur ef taldar eru til skuldar fjárhæðir, sem eigi má draga frá, t. d. skuld við eiginkonu, ófallnar ábyrgðir, veðleyfi o. þ. h.
3. Ef gjaldandi hefir sleppt að færa einhvern lið í framtali sínu, þannig að það stafi auðsjáanlega annaðhvort af óaðgæzlu eða gleymsku, ellegar hann ætlast til, að sá liður sé færður af skattanefnd (skattstofu), eftir þeim gögnum, sem henni berast, enda leiki eigi vafi á um þau atriði. Má þar nefna:
 - a. *Í tekjum*: Uppgefin laun og hlunnindi fastra starfsmanna (t. d. vísað í uppgjöf atvinnurekanda), eigin húsaleigu, þegar framteljandi notar allt hús sitt sjálfur, greiddan arð frá hlutafélagi o. þ. h.
 - b. *Í gjöldum*: Frádráttur vegna heimilisstjórnar, greiddan skatt og útsvar, fyrning fasteignar, tryggingariðgjald o. þ. h.
 - c. *Eignir*: Fasteignamat fasteignar, hlutabréfaeign (skv. hlutafjáruppgjöf), innanstokksmunir o. þ. h.
 - d. *Önnur atriði*: Þar má nefna, ef gjaldandi t. d. getur eigi um konu sína og ómagafjölda eða þ. h.
4. Ef þeir liðir framtals, sem um ræðir í 3. tölulið a.—d. hafa verið tilfærðir á framtalinu, en eru í ósamræmi við gildandi ákvæði eða við þær heimildir, sem skattstofan hefir í höndum, t. d. fyrning af steinhúsi sett 2% í staðinn fyrir 1%, greiddur skattur tilfærður t. d. kr. 50.00 í staðinn fyrir 40 kr. o. s. frv., má lagfæra það án tilkynningar. Hér fellur einnig undir, ef frádráttur fyrir heimilisstjórn, iðgjöld og félagsgjöld fer yfir löglegt hámark.

Ef verulegur munur er frá því, sem fram er talið og upp er gefið, ber skattanefnd að fullvissa sig um hið rétta eða tilkynna gjaldanda. Og ef nokkur vafi getur leikið á um framangreind atriði, ber að leita upplýsinga um það hjá aðilum.

Nú reynast þær heimildir, er skattanefnd (skattstjóri) hefir farið eftir við leiðréttingu framtala rangar, og skal það þá leiðrétt við kæru, þótt hún komi eigi fram fyrr en kærufrestur er liðinn.

5. Mat á hlunnindum, svo sem fæðisdögum, fatnaði, húsnæði o. þ. h. Enn fremur mat jarðabóta, búpenings, hlutabréfa og opinberra verðbréfa, sem eru í margra manna eign, enda sé það metið samkvæmt settum reglum.
6. Ef skattanefnd, yfirskaðanefnd eða rikisskattanefnd hafa felld fullnaðarúrskurð um eitthvert atriði í sambandi við tekjur eða eign gjaldanda, er skattanefnd eigi skylt að tilkynna á næsta ári, ef hún fylgir þeim úrskurði, t. d. um mat á eigin húsaleigu, leyfðan frádrátt fyrir

133

28. des.

húsaleigu heima, frádrátt fyrir þingmennsku, mat hlunninda og hluta-bréfa, enda séu ástæður óbreyttar.

7. Ef framtöl eru of seint fram komin eða eftir þann frest, sem leyfður hefir verið, er ekki skylt að tilkynna þær breytingar, sem á framtali eru gerðar.
8. Ef gjaldanda hefir verið send viðtalsboðun eða fyrirspurn um eitthvert atriði viðvikjandi framtali, og hann mætir eigi til andsvara né sendir fullnægjandi skýringar, sbr. B.-lið.
9. Ef framtalið er að eins til málamyndar eða í rauninni sama sem ekkert framtal, sbr. 47. gr.
10. Ef nefnd er eigi kunnugt um dvalarstað gjaldanda, eða hann er erlendis og hefir eigi umboðsmann hér.

Tilkynningar má gefa í viðtali, bréflega eða simleiðis. Nægilegt er að tilkynna þeim, sem í umboði framteljanda mæta fyrir skattanefnd til viðtals, eða endurskoðanda, sem framtal hefir gert.

Enda þótt skattanefndum séu gefnar nokkuð rúmar hendur um breytingar framtala, er þeim þó skylt að gæta þess að brjóta eigi rétt á skattþegnum og gera þeim aðvart um leiðréttingar, ef hún er eigi viss í sinni sök, og að sjálfsögðu er gjaldendum heimilt að athuga framtöl sín, hvenær sem er.

B. Skattanefnd er skylt til að boða gjaldendur til fundar við sig eða senda þeim skriflegar fyrirspurnir, og krefjast fullra skýringa:

1. Ef framtal er *ófullnægjandi*, er það skylt, ef t. d. vantar rekstrarreikning frá þeim, sem þá eru skyldir að gefa, eða aðrar lögboðnar fylgiskýrslur með framtali, ef upplýsinga er þörf viðvikjandi einstökum liðum í framtali eða vafi þykir leika á um einhver atriði, sem snerta ákvörðun skattskyldra eigna og tekna.
2. Ef framtal er *tortryggilegt*, t. d. óeðlileg rekstrarútkoma fyrirtækis, tekjur standast eigi, miðað við eignaraukningu, eða eignarrýrnun er óeðlileg o. s. frv., enda þótt einstaka liðir framtalsins séu eða virðist vera í lagi, eða nefndin telur þörf nánari skýringar á einhverju, sem snertir hag gjaldanda.
3. Ef framtal er rangt í einhverjum atriðum, svo að um vísitandi tilraun virðist vera að ræða til þess að draga undan tekjuskatti eða eignarskatti.

Viðtalsáskorun og fyrirspurnir skulu skriflega gerðar og með þeim fyrirvara, sem skattanefnd telur nauðsynlegan á hverjum stað, þó eigi lengra en svo, að skattskrá verði lokið á lögmætum tíma. Getur aðili látið hvern sem er mæta fyrir sína hönd, er hann gefur umboð til þess.

Skattþegnum er skylt að svara fyrirspurnum skattanefndar eins ræklega og þeim er unnt, og láta henni í té allar upplýsingar og skýringar, sem um er beðið og þeim er unnt að gefa.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru og aðrir þeir, sem eru skyldir að senda rekstrar- og efnahagsreikning með skattframtali sínu, eru og skyldir að

Upp-
lýsingar
gjaldþegns
eftir sér-
stakri
kröfu
nefndar.

leggja bókhald sitt fyrir skattanefnd eða einstaka nefndarmenn, eða veita þeim aðgang til að skoða reikningsfærsluna, sé þess krafizt. Einnig er skattanefnd heimilt að fela slíka bókhaldsrannsókn einum eða tveimur reikningsfróðum mönnum utan nefndarinnar (og skattstjóri endurskoðendum sínum). Menn þessir mega þó eigi vera keppinautar gjaldþegns, nema hann samþykki þá. Og til þessarar rannsóknar skal að eins velja reikningsfróða og valinkunna menn, er úrskurða mættu mál þess, er þeir eiga að skoða hjá, ef þeir væru sjálfir í skattanefnd. Þóknun endurskoðenda greiðist samkvæmt reikningi, er formaður yfirsattanefndar úrskurðar og greiðir með sama hætti sem reikninga skattanefndar. Skattanefndum ber sjálfum að skoða bækur og reikninga, nema sérstaklega standi á (margbrotin eða vafasöm reikningsfærsla, tímaskortur skattanefndar o. s. frv.), enda skipti rannsóknin verulegu máli um skatthæð.

133

28. des.

Rannsókn
utan-
nefndar
manna.

Þeir, sem skattanefnd felur rannsókn þessa, skulu vinna henni drengskaparheit um að gæta þagnar um það, sem þeir verða áskynja um hagi gjaldþegna og að vinna starfann með trúmennsku og samvizkusemi.

Heit utan-
nefndar-
manna.

Ef aðili bætir fullnægjandi úr þeim göllum, sem á framtali hans eru, eða sendir eða gefur nægilegar skýringar og upplýsingar, áður en frestur er liðinn, ákveður skattanefnd tekjur hans og eign samkvæmt því.

Ef gjaldandi hins vegar, eða umboðsmaður hans, svarar eigi fyrirspurnum skattanefndar eða mætir eigi til viðtals eða svör þau og skýringar, sem hann gefur, eru eigi fullnægjandi að hennar dómi, eða neitar að leggja fram gögn, eða framtalið og upplýsingar eru óáreiðanlegar eða tortryggilegar, skal nefndin ákveða tekjur hans og eign eftir því, sem hún veit sannast og réttast. Sama gildir um framtöl, sem eru of seint fram komin. En gæta skal skattanefnd þess, að aðili hagnist eigi á vanrækslu sinni eða mótþróa um endurbætur á framtali sínu.

Viðurlög
gjaldþegns.

Dveljist gjaldandi erlendis eða svo langt í burtu, að erfitt sé að ná til hans, og hann hafi ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni sé kunnugt um, má áætla tekjur hans og eign, án þess að gera honum aðvart.

Erlendir
skattgreið-
endur.

47. gr.

Ef aðili, eða umboðsmaður hans, þar sem umboðsmaður skal gera það, telur eigi fram tekjur sínar eða eignir til skatts á réttum tíma, skal skattanefnd áætla skatt hans. Rétt er skattanefnd að auglýsa eða tilkynna gjaldendum á annan hátt, hvenær framtalsfrestur er útrunninn. Skal nefndin áætla tekjur og eignir svo riflega, að ekki sé hætt við, að fjárhæðin verði lægri en hún á að vera í raun og veru, enda skal hún vera að minnsta kosti 10% hærri en skattmat næsta árs á undan, og ef vanrækslan er ítrekuð næsta ár, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan. Ef ár liða eitt eða fleiri, milli þess að eigi er talið fram, þá skal vanrækslan eigi talin ítrekuð. Áætlun skal miðuð við hreina eign og hreinar tekjur, þ. e. eignir að frádregnum gjöldum, öðrum en persónufrádrætti samkv. 15. gr., og hvort tveggja hækkað um

Ekkert
framtal.
Mála-
mynda-
framtal.

Viðurlög.

133 10% (eða meira) frá því sem var á fyrra ári. Síðan skal draga frá persónu-
28. des. frádrátt eða félagafrádrátt samkv. 19. gr.

Dæmi: Árið 1935 voru hreinar tekjur A. 10000 krónur, og persónufrádráttur hans 2000 krónur. Skattskyldar tekjur hans því 8000 kr. Fyrir árið 1936 telur A. eigi fram. Hreinar tekjur hans eru þá áætlaðar 10000 kr. + 10% = 11000 kr. Hins vegar hefir hann einu barni fleira á framfæri en árið áður, og persónufrádráttur því kr. 2500 kr. Verða þá skattskyldar tekjur 8500 kr. Ef vanrækslan heldur áfram árið 1937, þá verða hreinar tekjur kr. 10000 + 20% = 12000 kr. ÷ 2500 kr. (sé persónufrádráttur óbreyttur), og verða þá skattskyldar tekjur kr. 9500. Einnig er skattanefndum rétt að fylgja þeirri reglu að hækka skattmatið ætíð um 10% frá árinu á undan. Verða skattskyldar tekjur þá í síðastnefndu dæmi kr. 11000 + 1100 = 12100 ÷ 2500 kr. = 9600 kr. Sama gildir um eignir.

Aths. um
viðurlög.

Ef aðili hefir engar skattskyldar tekjur eða eignir haft næsta ár á undan, verður skattanefnd að gera sér grein fyrir því, hvort hagur hans hafi breytt svo frá árinu áður, að honum beri nú að svara skatti, og áætla honum skatt, sé þess kostur.

Skattanefndum verður þó að vera vel ljóst, að framangreint ákvæði um 10% hækkun á skattmati er miðað við lágmarkshækkun. Mega því nefndirnar alls ekki binda sig við hana, t. d. þegar um gjaldendur er að ræða, sem geta haft misjafnar tekjur frá ári til árs, þó að of hátt kunni að verða áætlað, má jafnan leiðrétta það, er kært er. En hafa skal þó ákvæði 44. gr. til hliðsjónar.

Komi það í ljós eftir á, að tekjur eða eign einhvers hafi verið of lágt áætluð, er heimilt að reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra en 5 ár aftur í tímann.

Ekkert
framtal
og þó engin
viðurlög.

Viðurlögum vegna þess að telja eigi fram eða gefa eigi lögmætar skýrslur, sæta þó eigi:

- a. Þeir, sem dveljast erlendis, eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til þeirra, enda hafi þeir eigi umboðsmenn fyrir sig nærlendis, sem nefndinni sé kunnugt um.
- b. Þeir, sem ekki er kunnugt um, hvar dveljast, enda hafi þeir ekki umboðsmann, sbr. a.

Nefndin skal þá ákveða tekjur þeirra og eignir, án þess að gera þeim aðvart. En reyna skal hún, ef hægt er, án tafar fyrir sörf hennar, að fá skýrslu aðila eða umboðsmanns hans.

Komi í ljós eftir á, að gjaldþegn hafi vantað á skrá, skal gera honum skatt eftir á, þó eigi lengra en 3 ár aftur í tímann.

48. gr.

Skattskrá.

Skattanefnd skal gera skrá um alla þá í umdæmi hennar, sem svara eiga tekjuskatti eða eignarskatti eða hvoru tveggja. Kallast það skattskrá, og lætur fjármálaráðuneytið gera sérstök eyðublöð fyrir hana.

Skattskrá skal greina:

1. Nöfn, stöðu og heimilisföng gjaldanda.
2. Tekjur til skatts samkvæmt 10.—14. gr. og frádrátt samkvæmt 16.—17. gr.
3. Skattskyldar tekjur og skattskyldar eignir.
4. Tekjuskatt, eignarskatt og skatt samtals hjá hverjum gjaldanda.

133
28. des.

Í kaupstöðum og kauptúnum skal rita nöfn allra skattþegna eftir stafrófsröð skirnarnafna, ef maður hefir eigi ættarnafn, en ella eftir stafrófsröð ættarnafna. Félög og firmu skal rita eftir upphafsstaf í nafni þess, t. d. H. Ólafsson & Bernhöft, hið íslenska steinliufélag undir H, h/f Klappareignin, kaupfélag Eyfirðinga undir K., o. s. frv. Skattþegna í sveit má rita í skrá eftir bæjaröð eða réttri boðleið. Geta því skattskrár orðið með tvennu móti, ef hreppur tekur bæði yfir sveit og löggilt kauptún.

Í athugasemdarálk skal skráð það, er auðkennir skattþegn frá öðrum skattþegnum, eða það, er sérstaklega þykir þörf að taka fram, t. d. um hlutafélag, hve mikið hlutafé sé innborgað, varasjóðstillag o. s. frv.

Enn fremur gerir skattanefnd aðra skrá yfir tekjur og eignir þeirra framteljenda, er eigi ná tekju- og eignarskatti, og heitir það skrá yfir skattlausu.

49. gr.

Skattanefnd skal hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og gengið að fullu frá skattskrá fyrir lok marzmanaðar ár hvert, og skráin lögð fram eigi síðar en 1. dag aprilmánaðar. Í Reykjavík þarf skattskrá þó eigi að vera lögð fram fyr en 25. dag maímánaðar. Skrána skal leggja fram: í hreppum á þingstaðnum eða öðrum hentugum stað, í kaupstöðum í bæjarþingstofu, skattstofu eða skrifstofu lögreglustjóra, og í Reykjavík í bæjarþingstofu eða skattstofu. Ber skattanefnd þegar að auglýsa framlagningu skattskrár, á götum, bæjarþingstofu og skrifstofu bæjarfógeta í kaupstöðum og í hreppum með auglýsingu festri á þinghúsið. Enn fremur með götuauglýsingum í kauptúnum og birtingu á kirkjufundum og öðrum samkomum í sveitum eftir hentugleikum. Skráin skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur.

Framlagning
skattskrár.

Auglýsing.

Það er mjög áriðandi, að skattskrá sé fram lögð á réttum tíma, svo að innheimta skattsins geti hafizt á réttum tíma, sbr. 53. gr. næstsiðustu málsg.

50. gr.

Sérhver gjaldandi getur snúið sér til skattanefndar eða skattstjóra og fengið hjá henni vitneskju um, eftir hverju hún hefir farið við ákvörðun tekna hans og eigna. Ef eignir og tekjur hafa verið settar samkvæmt framtali skattþegns að öllu, þá verður engra upplýsinga þörf í þessu skyni. Annars kostar verður formaður skattanefndar að skýra aðila stuttlega frá þessu, og er eigi skylt að gera það skriflega. Gæta verður skattanefnd þess, að kostnaður verði sem minnstur vegna fyrirsprungna skattgreiðenda.

Vitneskja
um undir-
stöðu
skattmats.

51. gr.

Rétt er skattþegni að kæra til skattanefndar, ef hann er óánægður með gerðir hennar. Kæra skal vera skrifleg og komin í hendur formanni nefnd-

Kæur til
skatta-
nefndar.

133 arinnar, eða á þann stað, sem hún tiltekur, í síðasta lagi 15. apríl, kl. 12 á
28. des. miðnætti. Í Reykjavík skulu kærur vera komnar í bréfastofunnar innan 14 daga, frá því að skráin er lögð fram, þ. e. í síðasta lagi kl. 12 á miðnætti að kvöldi þess dags, er skráin liggur síðast frammi. Ella verður kæra eigi tekin til greina af skattanefnd. Rita skal á kærur, hvenær þær eru móttæknar.

Heimilt er þó skattanefnd að taka til greina munnlegar kærur, ef um augljósar reiknings skekkjur eða þess konar er að ræða.

Kæra má maður:

- Um 1. Ákvörðun um tekjur hans sjálfs eða eignir, þar á meðal um frádrátt allan
kærandar. samkvæmt 16., 17. og 19. gr., um viðurlög eftir 47. gr., að honum séu ranglega taldar tekjur eða eignir, um útreikning skatts, t. d. eftir ákvæðunum um félög, um heimilisfestu og skattskyldu, svo og um sérhvert atriði á skattskránni, sem varðað getur hagsmuni hans.
- Um aðra. 2. Að skattskyldum manni sé sleppt af skattskrá, eða eignir annars manns eða tekjur, annaðhvort eða hvort tveggja, sé of lágt talið, og skattur ákveðinn of lágt af þeim sökum eða öðrum.

Enginn getur kært, nema hann sé gjaldandi (þ. e. á skattskrá), en það nægir, að hann sé annaðhvort greiðandi tekjuskatts eða eignarskatts.

Kærandi skal, í sem stytztu máli, gera grein fyrir, hvað hann telur rangt í skattskrá, og hvers vegna hann gerir það.

Úrskurðir. Jafnskjótt sem kærufrestur er liðinn, kveður formaður nefndarmenn á fund til að úrskurða kærur, og enn fremur kærendur eða þá, sem kært er yfir, ef ástæða þykir til eða frekari skýringa þarf við, enda séu þeir búsettir í skattumdæminu eða hafi þar umboðsmenn, sem nefndinni er kunnugt um. Skattanefnd á að hafa úrskurðað allar kærur í síðasta lagi 30. dag aprílmánaðar, í Reykjavík 14. dag júnímánaðar, og skal aðilum þegar skýrt skriflega frá útslitum.

Leiðrétting 133. Skattanefnd skal síðan leiðrétta skattskrána samkvæmt þeim úrskurðum, sem hún hefir fellt. Skal tilfæra breytingarnar við nöfn þeirra á skránni, sem skattur hefir breytt hjá, og auk þess skal setja alla, sem skatti hefir verið breytt hjá eða bætzt hafa við, á aukaskrá. Skattanefnd skal síðan tafarlaust senda yfirskaðanefnd skattskrána, ásamt framtalsskýrslum, aukaskattskrá, skrá yfir skattlausu, gerðabók og öðrum gögnum.

52. gr.

Linun 133. Þegar ákveða skal skattskyldar tekjur og eignir gjaldþegns, skipta einkahagir hans eða heimilisástæður eigi máli, frammar en mælt er í 16., 17., 19. og
vegna 23. gr., þar sem talinn er lögleyfður frádráttur frá tekjum og eignum til skatts.
veikinda o. fl.

Hins vegar er yfirskaðanefndum heimilt að veita linun eða ívilnun á skattgreiðslunni sjálfri, þ. e. fjárhæð skatts, ef neðangreindar ástæður eru fyrir hendi:

A. Ef alvarleg, þ. e. kostnaðarsöm, veikindi, slys, eða mannslát hafa skert

gjaldþol skattþegns. Með slysum er hér átt við meiðsli og óhöpp á mönnum og enn fremur eyðingu eða óvenjulegar skemmdir fjárverðmæta.

133
28. des.

Um skattlækkun af þessum ástæðum er eigi unnt að gefa fastar reglur, enda eigi til þess ætlað. En við ákvörðun um þessi atriði, ber einkum að hafa í huga:

1. *Gjaldþol skattþegns*, þ. e. eignir hans og tekjur á árinu og fjárhags-
ástæður hans að öðru leyti. Sé hann þannig efnum búinn eða hafi þær
tekjur, að ofanefndar ástæður skaði eigi til muna greiðslugetu hans,
ber honum engin ívilnun í skatti. Séu hins vegar ástæður gjaldanda á
þann veg, að veikindi, slys eða mannlát (sbr. 2. og 3. lið) hafi veruleg
áhrif á efnahag hans, tekjur eða tekjuöflun, og geri honum erfiðara
um greiðslu, ber að lækka skatt hans, sbr. að neðan.
2. *Kostnaður sá, sem veikindi, slys eða mannlát hefir í för með sér* (lyf
og læknishjálp, sjúkrahúsvist, aðkeypt hjúkrun, útfararkostnaður o. s.
frv.) eða það eignartjón, sem af slysi hefir hlotizt.

Gjaldþol.

Kostnaður.

Sjúkrahúskostnaður kemur þó því að eins til greina:

- a. að hann sé vegna gjaldanda sjálfs eða skylduliðs hans, þ. e. þeirra,
sem honum ber frádráttur fyrir samkv. 19. gr., eða ívilnun vegna
þess sem talið er í B.-lið hér á eftir eða vegna hjúa og nemenda, sem
honum er skylt að kosta að lögum. Annar sjúkrakostnaður telst
gjaldanda óviðkomandi, þ. e. gjöf,
- b. að kostnaður hafi verið greiddur á skattárinu, nema fullvist sé, að
hann hafi verið eða verði greiddur síðar, enda þess þá gætt, að eigi
verði tekið tillit til þessa sama kostnaðar aftur á næsta ári.
- c. að kostnaðurinn hafi eigi verið eða fáið endurgreiddur eða verið
greiddur af öðrum, t. d. úr sjúkrasamlagi, slysatryggingu (dagpen-
ingar, slysbætur), starfsmannasjóðum eða ríkissjóði (berklasjúk-
lingar), bæjar- og sveitarsjóði o. s. frv.,
- d. að kostnaðurinn hafi numið einhverju verulegu eða meira en al-
mennt eða venjulegt má teljast.

Undir öllum venjulegum kringumstæðum má skattlækkun vegna veikinda og þess konar ástæðna eigi vera meiri en sem svarar því, að þriðjungur til helmingur af beinum kostnaði sé dreginn frá skattskyldum tekjum, og skattur reiknaður samkvæmt því. Eignarskattur skal að öllum jafnaði eigi lækka af þessum ástæðum.

Um slys, sem eignartjóni valda, svo sem tjón af völdum eldsvoða, flóða, jarðskjálfta, fjárfelli, skipskaða o. s. frv., gildir að miklu leyti það, sem að framan er sagt um veikindi. Tjónið kemur því eigi til greina:

- a. ef það snertir eigi beinlinis hag gjaldanda sjálfs eða hefir eigi átt sér stað á skattárinu,
- b. ef bætur hafa komið fyrir greiðslu vátryggingar, skaðabætur, styrktarfé o. s. frv.,

Slys.

133

28. des.

c. að því leyti sem tjónið eða tapið hefir þegar komið til frádráttar tekjum í rekstri aðila, t. d. ef gripir eða annar fénaður ferst, kemur það fram í bústofnsskerðingu,

d. ef aðila sjálfum verður gefin sök á tjóninu.

Afleiðingar.

3. Þær afleiðingar, sem kunna að verða af veikindum, slysum eða mannsláti, auk hins útlagða kostnaðar, svo sem ef gjaldandi missir atvinnu sína eða laun vegna veikinda, eða verður eigi fullfær til starfs vegna veikinda eða slysa (einnig þótt hann fái eftirlaun, örorkubætur o. s. frv.), heimilisfaðir eða fyrirvinna fellur frá eða öflunarhæfi gjaldanda eða fjölskyldu hans rýrnar á annan hátt.

Lækkanir vegna þessara ástæðna verða að fara eftir því, hvernig á stendur í hvert skipti. Hafi aðili um líkt leyti orðið fyrir einhverjum bættum ástæðum, svo sem unnið í happdrætti, fengið greiddan arf, líftryggingarfjárhæð o. s. frv. má taka tillit til þess. Lækka má bæði tekju-skatt og eignarskatt.

Ívilnun

vegna
vandafólks.

B. Ef skattþegn hefir haft á framfæri sínu ættingja eða vandamenn, auk þeirra sem honum ber frádráttur fyrir samkvæmt 19. gr. og það bakað honum tilfinnanlegan kostnað. Hér teljast m. a. systkini, afi og amma, fósturforeldrar og tengdafólk. Lækkun á skattinum vegna slíks ómaga má þó eigi vera meiri en samsvarar persónufrádrætti, þ. e. 500 kr.

Hér ber að taka tillit til efnahags og tekna framfæranda, á sama hátt sem þegar um linun á skatti vegna veikinda er að ræða. Einnig verður að ganga úr skugga um, að ættingjar þessir eða vandamenn hafi ekki tekjur eða vinni fyrir sér á einhvern annan hátt, t. d. við heimilisstörf, og að gjaldandi hafi eigi styrk með þeim annars staðar frá.

Skattanefnd skortir vald til að lækka skatt af þessum sökum, þ. e. ástæðum tilfærðum í A. og B. hér að framan, en hún getur bæði tekið við umsókn um linun eða eftirgjöf eða gert tillögu um hana af eigin hvötum. Sendir skattanefnd yfirskattanefnd umsókn og tillögur sínar, og úrskurðar yfirskattanefnd, hvort skattur skuli lækkaður eða eftir gefinn. Beiðni um lækkun verður þó að vera komin til yfirskattanefndar, áður en kærufrestur er út runninn, ella verður henni eigi sinnt.

53. gr.

Störf yfir-
skatta-
nefnda.
Skattkærur.

Störf yfirskattanefnda eru þessi:

1. Að úrskurða skattkærur. Þeir, sem kært hafa fyrir skattanefnd, og þeir, sem kært er yfir (sbr. 51. gr.), geta skotið málinu til yfirskattanefndar, ef þeir una ekki við úrskurð skattanefndar. Kæra skal vera bréfleg og færð rök fyrir henni, en eigi þarf kærandi að láta fylgja kæru gögn þau, sem skattanefnd hefir haft, því að hún skal afhenda þau yfirskattanefnd. Kærur verða að vera komnar í hendur formanni yfirskattanefndar utan Reykjavíkur fyrir kl. 12 á miðnætti 14. dag maímánaðar, en í Reykjavík 29. dag júnimánaðar. Ella verða þær ekki teknar til greina, nema þess sé

þörf samkvæmt 2. tölulið að neðan, þó er yfirsattanefnd heimilt að taka til greina kærur, er síðar koma fram:

- a. ef kærandi gerir sennilegt, að hann hafi eigi haft tók á að kæra, áður en kærufrestur var úti, vegna fjarveru eða annara forfalla,
- b. ef um er að ræða leiðréttingar á augljósum reikningskekkjum við ákvörðun skatts.

Nefndin skal þó leita álits skattanefndar eða skattstjóra um kærur þessar.

Úrskurðum yfirsattanefndar á kærum skal lokið utan Reykjavíkur fyrir lok maímánaðar og í Reykjavík fyrir 15. júlí.

2. Að úrskurða, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er um ræðir í 52. gr.
3. Að úrskurða kærur yfir úrskurðun niðurjöfnunarnefnda á útsvörum, samkvæmt fyrirmælum laga um útsvör.
4. Ákveða verðlag á búfé, fæðisdaga, mjólk o. fl., til skatts fyrir hver áramót, eftir tillögum skattanefnda.
5. Að hafa eftirlit og umsjón með störfum skattanefnda. Skulu þær endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu, raunsaka framtalsskýrslur og ganga ríkt eftir því, að skattanefndir gegni skyldum sínum og framkvæmi rétt ákvæði skattlaga og reglugerðar þessarar. Sérstaklega skal það brýnt fyrir yfirsattanefndum að gæta samræmis milli framtals manna og ákvörðunar eigna, tekna og frádráttar innan skatthéraðs hvernar um sig.

Ef yfirsattanefnd virðist framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, að einhver sé vantallinn eða tvítallinn á skrá o. s. frv., þá getur hún heimtað nánari skýringar. Er skattanefndum skylt að veita henni alla þá aðstoð og þær upplýsingar, sem þær geta. Enn fremur hefir yfirsattanefnd sama vald sem skattanefndir til að krefjast skýrslna af einstaklingum, félögum og stofnunum.

Yfirsattanefnd lagfærir og leiðréttir skattskrárnar, eins og henni þykir rétt vera. Jafnan skal hún þó gefa þeim, sem breyting varðar, kost á að láta í té umsögn sína um atriðið.

Yfirsattanefnd tilkynnir gjaldendum bréflega, strax og hún hefir lokið störfum:

- a. úrskurði á kærum, sbr. tölulið 1,
- b. ívilnun í skatti samkvæmt 52. gr., tölul. 2,
- c. aðrar breytingar, sem hún kann að gera á skattgreiðslum eða skattskrá, sbr. tölulið 5.

Einnig skal hún tilkynna hlutaðeigandi skattanefnd um allar ofantaldar breytingar.

Yfirsattanefndir skulu hafa lokið störfum sínum fyrir 15. júlí í Reykjavík og annars staðar á landinu fyrir lok maímánaðar. Þó getur fjármálaráðherra veitt yfirsattanefndum frest til að ljúka störfum, ef um er að ræða stórfelldar breytingar á skattskrá. En brýna nauðsyn ber til, að yfirsattanefndir

133

28. des.

Ívilnun
vegna veik-
inda o. þ. h.Útsvars-
kærur.Verðlags-
ákvörðun.Eftirlit og
umsjón.Lag-
færingar án
kæru.

Innheimta.

133 ljúki störfum á lögmæltum tíma, þar eð skattinn ber að innheimta á mann-
28. des. talsþingum, en þau byrja 14. júní ár hvert (lög nr. 68, 27. júní 1921).

Yfirskattanevnd sendi:

- a. lögreglustjóra: skattskrá, ásamt aukaskrá til innheimtu.
- b. skattanevnd: gerðabækur þeirra, ásamt athugasemdum.
- c. ríkisskattanevnd: afrit af skattskrá, aukaskrá skattanevnda, aukaskrá niðurjöfnunarnevnda og skrá yfir skattlausu, ásamt framtalsskýrslum og öðrum meðfylgjandi gögnum.

54. gr.

Starfssvið ríkisskattanevndar er:

Störf ríkis-
skatta-
nevndar.
Kæru-
úrskurðun.

1. Að úrskurða skattkærum. Úrskurðun yfirskattanevnda á kærum má áfrýja til ríkisskattanevndar. Kæra skal vera skrifleg og komin til nefndarinnar fyrir júlilok. Berist kæra eigi til nefndarinnar fyrir lögmæltan tíma, eða hafi eigi verið kært til skattanevndar og yfirskattanevndar, verður kæru eigi sinnt.

Ríkisskattanevnd skal hafa lokið við að úrskurða kærum úr Reykjavík fyrir lok septembermánaðar og kærum annars staðar að fyrir lok nóvembermánaðar.

- Eftirlit. 2. Að hafa eftirlit með störfum skattanevnda og yfirskattanevnda og fylgja með því, hvort þær gegna skyldum sínum og framfylgja settum reglum. Enn fremur skal nefndin leiðbeina skattanevndum og yfirskattanevndum um starf þeirra og yfirleitt allt, er að skattframtali og skattákvörðun lýtur.

Nefndin fær send skattframtöl úr öllum skattumdæmum samkvæmt 53. gr., ásamt skattskrá og öðrum gögnum. Skal nefndin eða starfsmenn hennar endurskoða skattskrárnar og rannsaka framtalsskýrslur víðs vegar af landinu eftir því sem tími vinnst og ástæður þykja til.

Ríkisskattanevnd skal vinna að því að samræma skattframtöl og skattákvörðun í hinum einstöku umdæmum. Getur hún af eigin hvötum rannsakað og úrskurdað um hvert það atriði, er varðar framkvæmd skattlaganna og reglugerðar þessarar, og breytt af sjálfsdáðum ályktun skattanevnda og yfirskattanevnda, þótt eigi hafi verið kært yfir. Jafnan skal hún þó gera aðilum aðvart, áður en hún breytir skattgjaldi þeirra, hafi þeir eigi kært.

Skattanevndum, skattstjóra og yfirskattanevndum er skylt að veita ríkisskattanevnd allar þær upplýsingar, sem hún beiðist. Sama er um einstaka gjaldendur, lánstofnanir og aðra þá, er um ræðir í 44. gr. Hins vegar geta skattanevndir allar snúið sér til ríkisskattanevndar með fyrirspurnir um hvers konar vafaatriði.

Einnig skulu nefndarmenn, eða sérfróðir menn í umboði þeirra, ferðast á milli skattanevnda og yfirskattanevnda, þegar við verður komið, leiðbeina þeim og starfa í samráði við þær.

3. Enn fremur skal rikisskattanevnd úrskurða kærur yfir úrskurðum yfirskattanevnda um útsvör samkvæmt fyriræmælum útsvarslaga. 133
28. des.
4. Ríkisskattanevnd sendir hlutaðeigandi innheimtumanni skrá yfir þær breytingar, sem hún gerir á skattgreiðslum, og skal innheimtumaður tafarlaust tilkynna þær gjaldendum. Enn fremur skal hún tjá skattanevndum og yfirskattanevndum bréflaga allt það, sem leiðrétt kann að hafa verið og henni þykir ábótavant við störf þeirra. Að loknu starfi sendir nevndin framtöl fyrir síðasta skattár til yfirskattanevndar. En öll eldri framtöl geymir hún áfram í sínum vörzlum.
5. Úrskurður rikisskattanevndar er fullnaðarúrskurður. Þó úrskurðar fjármálaráðherra, hvar menn skuli settir í skatt (sbr. 43. gr.) og um skyldu til að gefa skýrslur og upplýsingar (sbr. 44. gr.), og atvinnumálaráðherra úrskurðar, hvort ný iðnfyrirtæki skuli njóta skattfrelsis samkvæmt 5. gr.
6. Tölulið.

Enn fremur má áfrýja til dómstóla ágreiningi um öll atriði, sem varða skattskyldu, og einnig getur fjármálaráðherra leitað álits dómstóla um önnur ágreiningsatriði.

55. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir eða lætur hafa eftirlit með því, að skattanevndir, skattstjóri, yfirskattanevndir og rikisskattanevnd ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Í því skyni hefir ráðuneytið rétt til að fá senda framtalsskýrslu og eru ofangreindir aðilar skyldir til að gefa því allar upplýsingar og skýringar, sem það beiðist og þeim er unnt að gefa.

Eftirlit
fjármála-
ráðu-
neytis.

56. gr.

Formaður skattanevndar (skattstjóri) skal árlega láta niðurjöfnunarnevnd í té endurrit af skattskráum umdæmisins, til afnota við niðurjöfnun úrsvara. Í sveitum skal það gert ókeypis, en í kaupstöðum gegn endurgjaldi eftir því sem um semur.

Skattskrár-
eftirrit
við niður-
jöfnun.

Í Reykjavík fer um endurgjald til skattstofunnar fyrir kostnað vegna álagningar útsvara, eftir samningi milli fjármálaráðherra og Reykjavíkurbæjar.

Árlega skulu formenn skattanevndar gefa hagstofunni skýrslu um skattálagninguna í því formi, sem hún fyrirskipar. Skýrsla þessi skal vera komin til hagstofunnar eigi síðar en 1. okt. næst á eftir ákvörðun skattsins.

Skýrsla
hag-
stofunnar.

VII. KAFLI

Um ábyrgð og innheimtu.

57. gr.

- Hver greiðir. Undantekningar eru þessar:
- Maður greiðir skatt konu sinnar. 1. Maður greiðir tekjuskatt og eignarskatt af tekjum og eignum konu sinnar, ef þau eru samvistum, sjá 18. og 26. gr., sbr. 19. gr. A. Þetta gildir jafnt, hvort sem konan á skattskylda séreign eða hefir sératvinnu. En endurgjaldskrófu á bóndi á hendur konu sinni, ef hann geldur skatt af hennar eignum eða tekjum, og kona hins vegar á hendur bónda, enda ábyrgjast bæði greiðslu.
- Skattur barna. 2. Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ómyndugra, greiða skatt þeirra og bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra (faðir eða foreldrar fyrir börn, stjúpbörn og fósturbörn, skiptaráðendur fyrir dánar- og þrotabú o. s. frv.). Eignir og tekjur barna eða annara, sem ófjárráða eru, má þó aldrei leggja við eignir og tekjur föður eða fjárhaldsmanns, heldur eru þeir ætíð sjálfstæðir gjaldendur.
- Erlend félög. 3. Aðalumboðsmenn erlendra félaga eða stofnana, sem hér eiga að greiða tekjuskatt eða eignar, bera ábyrgð á greiðslu skattsins fyrir þessa gjaldendur.
- Tekjur greiddar úr landi. 4. Stjórnendur hlutafélaga, sem greiða erlendis heimilisföstum aðilum arð af hlutafé eða öðru stofnfé í félögum eða fyrirtækjum hér á landi, skulu við greiðslu halda eftir sem svarar skatti af arðinum og tilsvarendi hlutafjäreign eða stofnfé (lágmark 5% af tekjum, 4% af eign, sbr. 29. og 30. gr.). Ef hlutaðeigandi aðilar vanrækja þetta, bera þeir ábyrgð á greiðslu skattsins.
5. Við greiðslu út úr landinu á launum, biðlaunum eða styrk úr ríkissjóði eða frá alþjóðlegri stofnun innlendri skal halda tekjuskattinum eftir, þ. e. greiða fjárhæðirnar að frádregnum skatti.

58. gr.

Innheimta. Lögreglustjórar skulu innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Í Reykjavík annast tollstjóri um innheimtu og eru sett sérákvæði um hana.

Sé skattur eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti $\frac{1}{2}\%$ fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Taka má skattinn lög taki, ásamt dráttarvöxtum.

Ef ríkisskattanefnd breytir skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, skal hann innheimta eða endurgreiða þann mismun, sem um er að ræða. Dráttarvexti má einnig end-

urgreiða. En eigi falla dráttarvextir niður, þótt greiðslu hafi verið frestað 133
vegna þess, að endanlegur úrskurður var ófenginn. 28. des.

VIII. KAFLI

Viðurlög.

59. gr.

Það varðar viðurlögum samkvæmt neðanskraðu, auk þess sem fyrir er mælt í 46. gr. um hækkun skattmats:

Vanræksla
skatt-
greiðenda.

- ef skattþegn lætur fyrirfarast að telja fram tekjur sínar eða eignir, eða hvort tveggja,
- telur eigi fram fyrr en framtalsfrestur er liðinn,
- ef framtalsskýrsla er sýnilega að eins til málamynda, eða
- ef eigi er bætt úr göllum sem á framtali eru, þótt gjaldandi hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra.

Aðili missir rétt til að kæra (þ. e. að kæra hans verði tekin til greina), nema hann sanni, að *hreinar tekjur hans eða eignir* hafi verið áætlaðar $\frac{1}{4}$ (eða 25%) hærrí en þær voru í raun og veru. Ef tekjur eða eign eru áætlaðar 25% of hátt eða minna, þá greiðir hann skatt af þeirri fjárhæð. En ef þær eru áætlaðar meira en 25% of hátt, þá dregst sú fjárhæð frá, sem er fram yfir 25%. Ef annaðhvort, tekjur eða eignir, hefir verið fullnægjandi framtalið, gilda viðurlögin að eins um þá hlið framtalsins, sem ábótavant hefir verið.

Dæmi A. Hreinar tekjur hafa raunverulega verið kr. 10000, en verið áætlaðar 12000, og geldur aðili þá af allri fjárhæðinni, því að áætlunin er að eins 20% of há.

Dæmi B. Hreinar tekjur hafa verið kr. 10000, en eru áætlaðar kr. 13000. Aðili geldur þá af kr. 10000 + 25% eða alls kr. 12500, en 500 dragast frá, ef hann sannar, að tekjurnar séu í raun réttari eigi hærrí en 10000 kr.

Hér kemur eigi til greina, þótt breytt hafi frádráttur samkvæmt 19. gr., heldur skal eingöngu, eins og í 46. gr., miðað við hreinar tekjur — ekki skattskyldar tekjur.

Ef maður hefir vanrækt framtal í 3 ár í röð eða lengur, þá verður hækkunin samkvæmt 48. gr. 40% eða meir. Sé þá kært, yrði að lækka áætlunina þannig, að hækkunin yrði ekki meiri en 25% framyfir raunverulegar eignir eða tekjur. Ef raunverulegar tekjur eða eignir eru 40% meiri en árið áður, verður auðvitað ekkert dregið frá.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef skattanefnd telur gjaldanda hafa fært fram gildar ástæður sér til afsökunar. Þessar afsakanir geta bæði komið fram áður en skattskrá er gerð og eftir.

Gildar ástæður til afsökunar geta verið fjarvist og sjúkdómur, ef eigi verður talin vanræksla að hafa eigi í tæka tíð falið öðrum að telja fram. Vanræksla

133 umboðsmanns hlýtur venjulega að koma niður á umbjóðanda og verður því 28. des. eigi metin gild afsökun.

Úrskurðum skattanefnda og skattstjóra út af framangreindum atriðum má áfrýja til yfirsattanefnda og rikisskattanefndar eins og öðrum atriðum.

60. gr.

Vísitandi
rangar
skýrslur
gjaldanda.

Nú skýrir maður vísitandi eða af óafsakanlegu gáleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt eða eignarskatt, og skal þá svo með fara:

1. Hinn seki skal greiða sekt, er sé allt að því tíföld skattfjárhæð sú, sem undan var dregin. Þó má aldrei miða við lengri tíma en 10 ár. Ef maður hefir dregið undan af skatti 30 kr. árlega í 15 ár, skal hann gjalda mest kr. $30 \times 10 \times 10 = 3000$ kr. í sekt. Verknáðurinn er refsilaus, ef eigi er skattur undan dreginn, t. d. af því að skýrslan er leiðrétt, áður en skattur er ákveðinn eða aðrar skekkjur valda samsvarandi hækkun, svo að skatt-hæðin verður ekki lægri en vera ber.

Ef uppvíst verður við meðferð dánarbús, að hinn látni eða forráðamaður búsins hefir haft skatt af rikissjóði með vísitandi röngum skýrslum, þá skal að eins gjalda tvöfalda þá fjárhæð, er á vantar, án tillits til þess, hve lengi brotið hefir verið framið, og hversu stórfelld yfirsjónin kann að hafa verið. Sama gildir um félög með takmarkaðri ábyrgð, sjóði og stofnanir.

2. Auk sektar skal sá, er sekur verður um brot samkvæmt 1. tölulið, fyrri málsgr., greiða eftir á skatthæð þá, sem undan var dregin.

61. gr.

Rangar
skýrslur af
misgáningi.

Ef maður gefur ranga skýrslu um eignir sínar eða tekjur af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi, þá skal eigi sekta hann eftir 60. gr., en gjalda skal hann það, sem skatturinn hefir verið vantalinn um vegna skýrslu hans.

62. gr.

Fjármálaráðherra úrskurðar um skattsektir, nema hann, eða sakborningur, óski úrskurðar dómstóla um málið.

Skattanefndum (skattstjóra), yfirsattanefndum og rikisskattanefnd er skylt að skýra fjármálaráðherra þegar frá því, ef þær komast að því, að skattur hafi verið undan dreginn, svo sem í 60. og 61. gr. segir, ef ástæða er til að ætla, að svo muni vera. Sama skylda hvílir á þeim, er fara með opinber skipti búa, svo og skiptaráðanda, ef honum virðist, eftir skýrslu erfingja um einkaskipti, að skattur muni hafa verið undan dreginn.

63. gr.

Ef einhver þeirra, sem gefa skulu skattanefndum skýrslur samkvæmt 44. gr., fullnægir ekki þeirri skyldu sinni, þá getur fjármálaráðherra lagt

dagsektir við, unz skyldunni er fullnægt. Skattanefnd ber að tilkynna fjármálaráðuneytinu, ef óhæfilegur dráttur, tregða eða synjun verður á fullnægingu skyldu þeirrar, sem greinir í 44. gr.

133
28. des.

64. gr.

Skattanefndarmenn (skattstjóri), yfirskattanefndarmenn og allir þeir, sem veita kunna nefndunum aðstoð við starf þeirra, endurskoðun bóka og framtals eða fjalla um framtalsskýrslur manna með öðrum hætti, skulu allir sæta refsingu eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn fyrir það, ef þeir skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag skattþegna. Í 140. gr. hegningarlaganna eru lagðar við sektir, einfalt fangelsi eða embættismissir, ef embættismaður (eða sýslunar samkvæmt 145. gr. sömu laga) segir frá nokkru því, er embætti hans varðar og á að fara leynt. Skulu skattanefndir láta alla aðstoðarmenn sína undirrita drengskaparheit um að gæta þagnarskyldunnar og brýna fyrir þeim, hvað við liggi, ef hún er rofin.

Brot
skatta-
nefnda og
yfir-
skatta-
nefnda.

Þagnar-
skylda.

Heit
aðstoðar-
manna
skatta-
nefndar.

Nú framkvæmir skattanefnd (skattstjóri), yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd eigi störf sín, áður en lögmæltur tími er liðinn, og varðar það þá sektum allt að 200 kr. fyrir hvern, sem brotlegur verður, enda séu eigi lögmætar afsakanir. Þar að auki getur fjármálaráðherra skyldað nefndirnar til að ljúka við störf sín að viðlögðum dagsektum fyrir hvern nefndarmann, sem eigi ber lögmætar afsakanir fyrir sig.

Skattanefndarmenn allir eru opinberir sýslunarmenn — lögreglustjórar, bæjarstjórar og hreppstjórar eru það þegar áður — og sæta þeir því ábyrgð fyrir brot sín yfirleitt eftir einstökum ákvæðum 13. kapitula almennra hegningarlaga, sbr. 145. gr. þeirra. Skal sérstaklega vikið að 142. gr., sem leggur sektir, einfalt fangelsi eða embættismissi við, ef embættismaður eða sýslunar notar sér stöðu sína ranglega sér til ávinnings eða til að gera nokkuð það, er hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera, 143. gr., er leggur sömu refsingu við óhlýðni embættismanna og sýslunar við löglegar skipanir yfirboðara sinna, og 144. gr., þar sem sömu refsingar eru lagðar við stórfelldri eða itrekaðri vanrækslu eða hirðuleysi, sem engin sérstök refsing er lögð við í lögum.

Brot
almennt.

Hins vegar njóta skattanefndir, yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd og aðstoðarmenn þeirra þeirrar verndar, sem sýslunarmönnum er veitt samkvæmt almennum hegningarlögum, 99., 101. og 102. gr.

65. gr.

Reglugerð þessi, sem gildir frá 1. janúar 1937, er sett samkvæmt lögum nr. 6, 9. janúar 1935.

Vernd
skatta-
nefnda.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1936.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

133 Fylgiskjöl.

28. des.

Einstaklingar.

Framtal til tekju- og eignarskatts fyrir árið 19

Fullt nafn

Fæðingard. og ár

Heimili { hreppur, kaupstaður }
 { bær, götunr. }

Atvinna

Hvar búsettur í des 19. . ? (götunafn og nr., bæjarnafn)

Eruð þér gift(ur), ógift(ur), ekkjumaður, ekkja, skilin(n) ?

Hve mörg börn eða fósturbörn, fædd árið 19. . eða síðar, hafið þér á framfæri yðar ?

(Ef þau eru ekki heima hjá yður, grein fæðingarár, hve mikið þér greidduð með hverju barni og hverjum (nöfn, heimili).)

Hafið þér fyrir öðrum skylduómögum að sjá? Nöfn þeirra, aldur og heimili?

Hvernig venzlaðir aðila? Hve mikið greitt?

Ef einhver, sem talinn er skylduómagi, hefir tekjur, er skylt að geta þess sérstaklega.

(Frádrátt vegna fjölskyldu gerir skattanevnd [skattstjóri], en ekki aðili. Ef eigi eru gefnar upplýsingar um ómaga samkv. ofanrituðu, verður frádráttur ekki veittur þeirra vegna.)

I. Eignaframtal.

A. Eignir 31. des. 19. .

- | | |
|--|-----|
| 1. Hrein eign samkv. meðfylgjandi efnahagsreikningi | kr. |
| (Hér að neðan færast aðeins þær eignir og skuldir, sem ekki eru taldar samkv. efnahagsreikn. undir I. A. 1.) | |
| 2. Fasteignir (grein hverja eign og fasteignamat hennar, og getið þess, ef hús standa á leigulóðum) | — |
| 3. Skepnur: kýr, hestar, ær, aðrar skepnur | — |
| 4. Vélar kr. verkfæri og áhöld kr. bátar og skip kr. | — |
| veiðarfæri kr. bifreiðar kr. alls | — |
| (grein bifreiðanr.) | |
| 5. Vörubirgðir (með innkaupsverði) | — |
| 6. Verðbréf (þar á meðal hlutabréf). Grein nafnverð hverrar tegundar og flokks | — |
| 7. Útistandandi skuldir | — |
| 8. Inniegn í banka og sparisjóði og peningar | — |
| 9. Húsgögn og aðrir innanstokksmunir (bækur og fatnað skal ekki telja) | — |
| 10. Aðrar eignir | — |
| 11. Séreign konu er talin undir lið | |

Eignir alls kr.

B. Skuldir 31. des. 19..

133

28. des.

(Grein nöfn og heimili eigenda og upphæð hverrar skuldar yfir 500 kr. ásamt vaxtakjörum.

Þeir, sem senda efnahagsreikning, láta fylgja skuldalista.)

1. Veðskuldir	kr.
2. Aðrar skuldir	—
3. Skuldir konu	—
<hr/>	
Skuldir alls	kr.

II. Tekjuframtal.

A. Tekjur (árið 19..).

I. Hreinar tekjur skv. meðfylgjandi rekstrarreikningi	(landbún.sk.) (sjávarút.sk.)	kr.
(Hér að neðan skal eigi fara neina tekju- eða gjaldaliði, sem taldir eru á rekstrarreikningi, landbúnaðar- eða sjávarútvegsskýrslu.)		
II. Tekjur af hverskonar atvinnurekstri. Grein tegund atvinnu ..		—
(Hér skal tilfæra brúttótekjur af rekstrinum, ef eigi er rekstrarreikningur samkv. ofanskráðu.)		
III. Starfslaun og kaup:		
A. Greitt í peningum: (Föst laun, eftirlaun, kennslustörf, daglaunavinna, sjómennska, kaupavinna o. s. frv.). Grein nafn atvinnuveitanda		—
B. Greitt í öðru: Fæði, hve lengi? Húsnæði, ljós og hiti, hve lengi? Jarðarafnot, fatnaður, skepnufóður, hverra?		—
IV. Landskuld, kúgildaleigur, leiga eftir veiðirétt, lausafé o. s. frv.		—
V. Leiga eftir húseignir og skip?		
a. Er eigandi notar sjálfur: 1. Til íbúðar	kr.	
2. Til atvinnurekstrar	—	kr.
b. Seldar á leigu til íbúðar	—	
c. Seldar á leigu til atvinnurekstrar	—	—
VI. Arður af peningum, verðbréfum, útistandandi skuldum og hverri annari innstæðu		—
VII. Aðrar tekjur. Hverjar?		—
VIII. Tekjur konu. (Grein fullt nafn hennar.) Hverjar?		—
<hr/>		
Tekjur alls		kr.

B. Frádráttur:

1. Mannahald til atvinnurekstrar: Borgun í peningum kr. , fæði karla daga, kvenna daga, húsnæði, ljós og hiti o. s. frv. (Þar með ekki talið kaup atvinnurekanda, konu hans og barna, nema að þau séu sjálfstæðir skattþegar.)	kr.
2. Leiga til atvinnurekstrar (þar í húsaleiga eftir sjálfs manns fasteign, enda sé hún talin til tekna undir V. a. 2.)	—

- 133 3. Vextir og forvextir af skuldum kr.
 28. des. 4. Viðhald (eigi endurbætur eða breytingar) á arðberandi eignum —
 5. Fyrning á sömu eignum (1% af brunabótaverði steinhúsa, 2% af
 brunabótaverði timburhúsa) —
 6. Skattar og gjöld (aðeins af sérstaklega ákveðnum eignum, svo sem fast-
 eignagjöld o. s. frv.) —
 7. Greitt útsvar á árinu —
 8. Greiddur tekju- og eignarskattur —
 9. Tryggingaiðgjöld:
 a. Lögboðin: Lífeyrissjóðsgjald kr. Sjúkrasamlag kr.
 b. Ólögboðin: Líftryggingariðgj. kr. Stéttarfélagsgj. (Hvaða) kr. —
 10. Annar frádráttur. Hver? —

Frádráttur alls kr.

Greidd húsaleiga. Hverjum? (Grein nafn og heimilisfang.)

Það vottast að viðlögðum drengskap, að skýrsla þessi er gefin eftir beztu vitund.

(Dagsetning.)

19....

(Undirskrift. Fullt nafn.)

Félög.

Framtal til tekju- og eignarskatts fyrir árið 19

133

28. des.

Nafn félags	Heimili
Tegund	Atvinna

(hlutafélag, samvinnufélag o. s. frv.).

A. Eignir (í lok reikningsársins, sem venjul. er almanaksárið):

- | | |
|--|-----|
| 1. Hrein eign samkv. meðfylgjandi efnahagsreikningi | kr. |
| <small>(Hér að neðan færast aðeins þær eignir og skuldir, sem ekki eru taldar skv. efnahagsreikn. undir A. 1.)</small> | |
| 2. Fasteignir (grein hverja eign og með fasteignamatsverði) | — |
| 3. Skip 12 smál. og stærri (grein hvert þeirra með áætlðu söliverði) | — |
| 4. Vélar, verkfæri, áhöld, bifreiðar (grein bifreiðanr.) | — |
| 5. Vörubirgðir (með innkaupsverði) | — |
| 6. Peningar, sparisjóðseign og banka, verðbréf, útistandandi skuldir | — |
| <small>(Grein nafnverð hvernar tegundar og flokks verðbréfa.)</small> | |
| 7. Aðrar eignir (þar undir húsgögn og aðrir innanstokksmunir) | — |

Eignir alls kr.

Ekki skal framteljandi draga hinar skattfrjálsu kr. 5000 frá.

B. Skuldir (miðaðar við sama tíma sem eignir):

(Grein nöfn og heimili eigna og upphæð hvernar skuldar yfir kr. 500, ásamt vaxta-
kjörum. Efnahagsreikningi fylgi skuldalisti.)

- | | |
|--------------------------------|-----|
| 1. Með veði í fasteignum | kr. |
| 2. Aðrar skuldir | — |

Skuldir alls kr.

Innborgað hlutafé (stofnfé o. s. frv.)

Varasjóður í ársbyrjun

Varasjóður í árslok

Úthlutaður arður á árinu

133

28. des.

T e k j u r (á reikningsárinu):

- | | |
|--|----------|
| 1. Hreinar tekjur skv. meðfylgjandi rekstrarreikningi | kr. |
| (Hér að neðan færast aðeins frádráttur og tekjur, sem ekki er talið skv. rekstrarreikningi eða landbúnaðarskýrslu undir tekjur 1.) | |
| 2. Tekjur af atvinnurekstri: Verzlun, sjávarútvegur, siglingar, iðnaður eða iðja o. s. frv. (undirstrika það, sem við á, og bæt því við er vantar) | — |
| 3. Tekjur af eignum: | |
| a. 1. Leiga eftir fasteignir, er eigandi notar sjálfur | — |
| 2. Er seldar eru öðrum á leigu | — |
| b. Arður af verðbréfum og hverri annari arðberandi innstæðu | — |
| 4. Aðrar tekjur. Hverjar? | — |
| <hr/> | |
| Tekjur alls | kr. |

Fr á d r á t t u r :

- | | |
|--|----------|
| 1. Mannahald (borgun í peningum kr. , fæði karla daga, kvenna daga, húsnæði, hiti og ljós) | kr. |
| 2. Viðhald arðberandi eigna (eigi endurbætur) | — |
| 3. Fyrning á sömu eignum (1% af steinhúsum, 2% af timburhúsum, 3%—6% af skipum) | — |
| 4. Skattar og önnur opinber gjöld af sérstaklega ákveðnum eignum | — |
| 5. Vextir og forvextir og slík gjöld | — |
| 6. Húsaleiga (einnig af sjálfs eign) og annar rekstrarkostnaður. Hver? (Hverjum greidd húsaleiga?) | — |
| <hr/> | |
| Frádráttur alls | kr. |

Tekjur að frádregnum kostnaði kr.

Það vottast að viðlögðum drengskap, að skýrsla þessi er gefin eftir beztu yitund.

Dagsetning

19..

(Öll nöfn skulu rituð fullum stöfum)

Landbúnaður.

Skýrsla um tekjur

133
28. des.(nafn)
(heimili)(staða)
(hreppur eða kaupstaður)

af landbúnaði

árið

I. TEKJUR:

1. Mjólk:

- a, lítrar kúamjólkur á aura hver kr.
 b, lítrar geitamjólkur á aura hver —
 c, lítrar sauðamjólkur á aura hver — kr.

2. Sauðfé, fargað og farist:

A. Selt að vorinu (þar með teljast kindur látnar í landsskuld og kaup verkafólks).

1. ær á kr. hver kr.

2. Sauðir og hrútar:

a, 2ja vetra á kr. hver kr.

b, 3ja vetra og eldri á kr hver — —

3. gemlingar á kr. hver — —

B. Fargað í sláturtíð og á sumri og vetri:

1. lömb á kr. hver kr.

2. Ær:

a, mylkar á kr. hver kr.

b, geldar á kr. hver — —

3. Sauðir og hrútar:

a, 2ja vetra á kr. hver kr.

b, 3ja vetra og eldri á kr. hver —

4. kindur veturgamlar á kr. hver — —

C. Nytjar af vanhaldakindum (lömbum, ám, sauðum), er farist hafa á árinu —

Ath. Vanhaldagripri ber að telja, þótt engar nytjar gefi (fjöldi og tegund grip-anna).

3. kg. ull (þar af kg. nr. I, kg. nr. II, kg. nr. III, kg. nr.

IV, kg. heimaull) hvert á kr. —

4. Nautgripir, sem fargað er:

a, kýr (seldar á kr. , sláttrað á kr.) kr.

- 133
28. des.
- b, naut 2ja vetra og eldri (seld á kr. ,
slátrað á kr.) —
- c, geldneyti yngri en 2ja ára á kr. hvert —
- d, kálfar (seldir og slátrað) á kr. hver —
5. Hross, sem fargað er:
- a, hestar, 4 vetra eða eldri (seldir á kr.,
slátrað á kr.) kr.
- b, hryssur, 4 vetra eða eldri (. seldar á kr.,
slátrað á kr.) —
- c, folar (3ja vetra á kr. , 2ja vetra á
kr. , veturgaml. á kr.) —
- d, hryssur (3ja vetra á kr. , 2ja vetra á kr. ,
veturgaml. á kr.) —
- e, folöld (seld á kr. , slátrað á kr.) —
6. Geitfé (kið á kr. , geitur fullorðnar á kr.) —
7. Hagur á kaupum búpenings (ca. mismunur á kaupverði og söliverði.
Vinnu framteljanda eða frá búí hans, sem gengur í fyrirhöfn, má ekki taka til
greina) —
8. Nytjar af vanhaldaskepnum öðrum en sauðfé (hvað mörgum?
hverjum?)
9. Dúnn (kg. á kr. hvert), egg (hvaða egg? hve mörg?) —
10. Selir (kópar, eldri selir, alls á kr.), fuglar (hvaða fuglar?
og hve margir? á kr.) —
11. Lax og silungur (laxar kg. á aura hvert, silungur
kg. á aura hvert) —
12. Önnur veiði (fiskar kg. á aura hvert, hrognkelsi á
aura hvert, lifur, höfuð o. fl. fyrir kr.) —
13. Reki (trjáreki kr. , annar reki [hver?] kr.) —
14. Garðrækt (tunnur kartöflur á kr. hver, tunnur gulrófur á kr.
hver, aðrar garðjurtir fyrir kr.) —
15. Slægjusala og beitar, og tekjur af ítökum í lönd annara manna —
16. Fóðurtaka (kindur á kr. hver, hross á kr. , nautgripir
á kr.) —
- Ath.* Hér skal telja fóður tekin í jarðarafgjald og fóður búpenings, sem keypt-
ur er til bústofnsauka, auk þess sem tekið er af hjúum og öðrum.
17. Seld vinna og verkfæraleiga (dagsverk manna kr. ,
hestlán í daga kr. , fyrir verkfæri og áhaldalán kr.) —
18. Heimilisiðnaður (smíði kr. , tóvinna kr. , fatasaumur o. fl. kr.) —
19. Mótak og eldiviður (selt mótak kr. , hestar mór á kr. , hver
annar heimafenginn eldiviður [viður kr. , sauðatað kr.] kr.) —
20. Jarðabætur (hverjar? dagsverk á kr. hvert) —
21. Bústofnsauki (sbr. skýrslu á baki eyðublaðsins) —

22. Aðrar tekjur af landbúnaði (verðlaun gripa á sýningu kr. , nautstollur kr. , folatollur kr. , húsmenskugjald kr. , veiðileyfi kr. , lóðargjald kr. , uppsátur kr. , selt hey kr.) —

133
28. des.

Samtals kr.

II. GJÖLD:

a. Kaupgjald:

1. Kaup, goldið í peningum:

a, Árshjúa: (Karlar, hve margir kr. , konur, hve margar kr.) kr.

b, Kaupafólks: (Karlar vikur kr. alls. Konur vikur kr. alls)

c, Vor-, haust- og vetrarfólks: (Karlar dagar kr. , konur dagar kr.)

2. Fæði: (Fæðisdagar karla , kvenna . Karlmannsfæði á dag kvenmannsfæði á dag kr.)

(Telja skal saman fæðisdaga karla sér og kvenna sér, t. d.: Maður hefir vormann 5 vikur = 35 fæðisdaga, kaupamann 8 vikur = 56 fæðisdaga og ársman = 365 fæðisdaga, eða samtals 456 fæðisdaga).

3. Fatnaður (hérmeð telst skófatnaður og sokkaplög)

4. Skepnufóður. Hvaða fénaður? Hversu margs?

b. Fyrning og viðhald véla, verkfæra og áhalda til búreksturs

(% af kr.)

c. Bústofnsskerðing (skepnufækkun) (sjá skýrslu á baki eyðublaðsins) ..

d. Meðgjöf með skepnunum komið í fóður. Hverjum, og hve mörgum?

e. Keyptur áburður, fræ, útsæði, fóðurefni. Hve mikið af hverju?

f. Eftirgjald leiguliða eftir ábýli hans

g. Annar rekstrarkostnaður. Hver? (keyptar slægjur kr. , keypt beit kr. , keypt skepnuhirðing kr. , nautstollur kr. , baðlyf kr. , hestajárn kr. , ljós í peningshús kr.)

Samtals kr.

Peir, sem stunda landbúnað, skulu útfylla þetta eyðublað og senda með aðalframtalsskýrslu sinni.

133

Skýrsla um bústofn.

28. des.

Bústofninn er færður í báðum dálkum þessarar skýrslu með því verði, sem hann er metinn til eignarskatts í loks skattársins.

	Í byrjun skattárs:	Í lok skattárs:
1. <i>Nautgripir:</i>	kýr kr.	kýr kr.
	naut —	naut —
	vetrungar —	vetrungar —
	kálfar —	kálfar —
2. <i>Sauðfé:</i>	ær —	ær —
	hrútar —	hrútar —
	sauðir —	sauðir —
	gemlingar —	gemlingar —
3. <i>Hross:</i>	hestar eldri en 15 v. —	hestar eldri en 15 v. —
	— 4—15 v. . —	— 4—15 v. . —
	— 3 v. —	— 3 v. —
	— 2 v. —	— 2 v. —
	— 1 v. —	— 1 v. —
	hryssur eldri en 15 v. —	hryssur eldri en 15 v. —
	— 4—15 v. . —	— 4—15 v. . —
	— 3 v. —	— 3 v. —
	— 2 v. —	— 2 v. —
	— 1 v. —	— 1 v. —
4. <i>Loðdýr:</i>	silfurefir —	silfurefir —
	blárefir —	blárefir —
	kanínur —	kanínur —
 — —
5. <i>Fuglar:</i>	hænsni —	hænsni —
	endur —	endur —
	gæsir —	gæsir —
6. <i>Svín:</i>	gyltur —	gyltur —
	geltir —	geltir —
	grísir —	grísir —
	Samtals kr.	Samtals kr.
	Keyptir gripir á árinu ¹⁾ —	
	Mismunur = bústofnsaukning . —	Mismunur = bústofnsskerðing . —
	<hr/> Kr.	<hr/> Kr.

1) Taldir með matsverði í lok skattársins. Hér ber vitanlega eigi að fara þá gripi, sem ekki eru í eigu gjaldanda í árslok, enda þótt keyptir séu á árinu.

Sjávarútvegur (vélbátar og róðrabátar)

133

28. des.

Skýrsla um tekjur af sjávarútvegi árið 19

Útgerðarmaður (menn) eða félag: Staða: Heimili Hreppur Hluti í útgerðinni:

(Bæjarnafn eða
eða götunnr.): kaupst.:

I. Tekjur.

1. Brúttó aflasala á árinu:

	Magn:	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
A. Fiskur (annar en síld):				
a. Fullverkaður	kg			
b. Hálfverkaður	—			
c. Saltaður: 1. Stórfiskur	—			
2. Annar fiskur	—			
d. Slægður: 1. Stórfiskur	—			
(með hrygg)				
2. Annar fiskur	—			
e. Flattur, ósaltaður	—			
f. Labradorverkaður	—			
g. Nýr	—			
h. Hertur	—			
i. Annar fiskur	—			
B. Lifur	ltr.			
C. Lýsi	kg			
D. Bein	—			
E. Hrogn og sundmagi	—			
F. Síld:				
a. Til söltunar	tn.			
b. — bræðslu	mál			
c. — frystunar	tn.			
d. — beitu (ný)	—	—	—	—

Brúttó aflasala á árinu samtals

- Beita veidd og notuð af útgerðinni sjálfri tn.
- Fiskur til eigin heimilisnotkunar kg
- Aflabirgðir í árslok samkv. III. 4
- Farm- og fargjöld
- Leiga eftir bát(a)
- Aðrar tekjur. Hverjar?

Tekjur alls kr. _____

Lesið leiðbeiningar áður en skýrslan er útfyllt.

II. Gjöld.

Kr. au.

1. Fiskbirgðir í ársbyrjun, samkvæmt fyrra árs skýrslu kg
2. Veifarféri: a. Á þorskveiðum kr.
b. Á síldveiðum —
c. Á öðrum veiðum —
3. Beita og ís til geymslu um borð (magn beitu) —
4. Oliur, bensín o. fl. til vélar —
5. Salt —
6. Skipverjakaup: a. Hlutir eða kaup skipverja kr.
b. Vinna við beitingu, aðgerð á fiski o.þ.h. —
7. Fæði skipshafnar og önnur hlunnindi —
8. Fiskverkun: a. Vinna kr.
b. Annar kostnaður —
9. Síldarsöltun: a. Vinna —
b. Annar kostnaður —
10. Lýsistunnur og annar kostnaður á lýsi —
11. Hafnargjöld og önnur bátagjöld —
12. Viðhald: a. Á bát og áhöldum kr.
b. Á vél —
13. Vátrygging: a. Á bát og áöldum —
b. Á skipshöfn —
c. Önnur vátrygging —
14. Fyrning á bát og vél —
15. Greidd leiga fyrir bát(a) —
16. Skrifstofa: a. Laun kr.
b. Annar skrifstofukostnaður —
17. Annar kostnaður. Hver? —

Gjöld alls kr.

Tekjur samkvæmt lið I. kr.

Gjöld samkvæmt lið II. —

Mismunur færðu á framtal —

Aths.: Enga af framantöldum tekju- eða gjaldaliðum má færa á framtalið sjálft — aðeins mismuninn.

1. Bátar III. Skýrsla um eignir útgerðarinnar 31. des. 19..

Nafn	Umdæmisbókstafir og nr.	Bátur			Vél			Bátur og vél		
		Tegund	Br. smál.	Bygg. ár	Heiti	Hestöfl	Smíðaár	Kaupverð	Vátr. verð	Eigin matsv.

Matsverð alls kr.

2. Vélar og áhöld, önnur en skipsáhöld kr. **133**
3. Veifaræri: a. Til þorskveiða kr. **28. des.**
 b. — síldveiða —
 c. — annara veiða —
4. Aflabirgðir: a. Fullverkaður fiskur kg kr.
 b. Hálfverkaður fiskur — —
 c. Saltaður fiskur — —
 d. Labradorverkaður fiskur .. — —
 e. Annar óseldur fiskur — —
 f. Síld: 1. Saltsíld tn. —
 2. Beita veidd af útgerð — —
 g. Lýsi kg —
 h. Verðuppbót á fiski —
5. Beita, keypt kg
6. Salt —
7. Tunnur (tómar) stk.
8. Oliur, benzín (grein magn)
9. Umbúðir. Hverjar?
10. Aðrar útgerðareignir. (Ekki fasteignir). Hverjar?

Útgerðareignir færðar á eignaframtal kr.

IV. Ýmsar upplýsingar um útgerðina.

1. Hve lengi stundaði báturinn (bátarnir) veiðar?

Bátsnafn	Þorskveiðar		Síldveiðar, dagar	Aðrar veiðar, dagar
	Útgerðar-tími dagar	Par af róðrard.		

2. Hve margir voru skipverjar og landmenn?

Bátsnafn	Þorskveiðar		Síldveiðar	Aðrar veiðar
	Á veiðum	Í landi		

3. Hafi útgerðarmaður (menn) eða fólk á hans (þeirra) framfæri, lagt fram vinnu við reksturinn, sundurliðist það þannig:

Nafn	Við veiðar		Beiting og aðgerð, dagsv.	Fiskverkun, dagsverk	Önnur vinna, dagsverk	Vinna alls, dagsverk
	Starf	Dagsverk				

- 133 4. Ráðningakjör skipverja — hlutaskipti og fastakaup.
28. des. a. Séu hlutaskipti á þorskveiðum — grein hvaða kostnaðarliðir dragast frá brúttó aflasölu:

Í hve marga staði skiptist nettó afli? Hve margir hlutir runnu til:
útgerðarinnar , skipstjóra , stýrimanns , vélstjóra ,
matsveins ,
Tilgreinið aukabóknun

- b. Sé fastakaup á þorskveiðum — hvert var þá kaup yfir útgerðartímamann hjá:
skipstjóra , stýrimanni , vélstjóra , matsveini , háseta ,
landmanni ,

- c. Nettó hlutur eða kaup yfir útgerðartímabilið:

	Þorsk- veiðar Kr. a.	Síld- veiðar Kr. a.	Aðrar veiðar Kr. a.	Samtals Kr. a.		Þorsk- veiðar Kr. a.	Síld- veiðar Kr. a.	Aðrar veiðar Kr. a.	Samtals Kr. a.
Skipstjóri					Matsveinn				
Stýrimaður					Háseti				
Vélstjóri									

Leiðbeiningar við útfyllingu skýrslunnar.

Skýrslu þessa ber að útfylla af öllum þeim, sem á skattárinu hafa gert út á veiðar röðrarbáta eða vélbáta (þiljuvélbáta eða opna vélbáta), hvort sem þeir hafa átt bát eða tekið á leigu, og skal hún fylgja skattframtali útgerðarmannsins eða félagsins.

Hafi útgerðareigandi gert út fleiri en einn bát á árinu, er æskilegt að sérstök skýrsla sé fyrir hvern þeirra, en þó má draga saman og færa rekstur fleiri en eins báts á sömu skýrslu.

Á „haus“ skýrslunnar skal tilgreina nafn útgerðareiganda, hvort sem það er einstaklingur eða félag (samvinnufélag, hlutafélag). Sé um sameignarfélag að ræða, skal tilgreina nöfn, stöðu og heimili beggja eða allra sameignarmanna og hve mikil er hlutdeild hvers þeirra í útgerðinni, eins og formið segir til um. Sé sameignarfélagið sjálfstæður skattgreiðandi, fylgir skýrslan framtali þess, en ella framtali einhvers sameignarmannsins.

Um I. Tekjur.

1. A. Fylgja ber nákvæmlega þeirri sundurliðun á sölu fiskafans, sem skýrslan greinir, og tilfæra bæði magn og söluverð hverrar tegundar fyrir sig. Gefa skal upp *brúttó sölu aflans án frádráttar* á nokkrum kostnaðarliðum; þeir

komi allir gjaldamegin. Hluti skipverja má eigi draga frá að neinu leyti. Þegar afla er skipt í fjöru, skal bátseigandi (bátseigendur) áætla söluverð á þeim hluta aflans, sem kemur í hlut annara en hans eða bátsins, og færa það til tekna ásamt söluverði síns hluta. En tilsvarendi upphæð kemur þá til gjalda undir II. 6. a., sem hlutir skipverja. Áætlun á magni og verði skal þá miðuð við það ástand, sem fiskurinn er í, þegar skipti fara fram.

Sé fiskur seldur í stykkjatali, skal seljandi áætla þyngdarmagnið.

Undir lið 1. A. a: „Fullverkaður“ kemur og $\frac{7}{8}$ verkaður fiskur. Undir 1. A. d: „Slægður með hrygg“ kemur allur slægður en óflattur fiskur, bæði með haus og afhausaður.

1. B.—F. Alla þessa tekjuliði skal og færa með brúttó söluverði og tilgreindu magni.

2. Beitu (síld og smökk), sem útgerðin veidir sjálf til eigin notkunar, og selur eigi, skal færa hér til tekna með áætluðu markaðsverði, en til gjalda undir II. 3. Sé eitthvað af þessari beitu óeytt við áramót, færast hún til eignar með sama verði undir III. 4. f. 2. En það sem ónotað er þá af *keyptri* beitu færast aftur á móti undir III. 5.

3. Tilfæra skal, eins nákvæmlega og unnt er,

fisk og annan afla, sem útgerðarmaður sjálfur hefir tekið til heimilis síns á árinu (sé það ekki fært jafnóðum sem sala) og skal reikna það eins og samskonar fiskur er seldur á hverjum tíma.

4. Sjá síðar um III. 4.

Um II. Gjöld.

Gæta skal þess um keyptar útgerðarvörur að færa aðeins til gjalda það sem raunverulega er eytt eða notað af þessum vörum á árinu. Á veiðarfærum kemur t. d. til gjalda: veiðarfæri, sem til eru í ársbyrjun, að veiðbættu því, sem keypt er á árinu (greitt og ógreitt), en að frá-dregnum veiðarfærum í árslok, sem meta verður í hvert skipti (og færð eru undir III. 3.). Þessi regla gildir einnig um: Beitu, olíu, salt, fæði, umbúðir, tunnur o. fl. (Sjá liði 2., 3., 4., 5., 7., 8 b., 9 b. og 10.).

Með kostnaðarverði þessara vara telst og sá kostnaður, sem leggst á hverja tegund fyrir sig.

Til gjalda skal eigi færa kaup eða hluti til útgerðarmanns sjálfs, þótt hann hafi t. d. verið skipstjóri eða unnið á annan hátt við reksturinn, og heldur eigi vinnu þeirra, sem á hans framfæri eru (kona, börn o. fl.), nema sjálfstæðir skattgreiðendur séu (sbr. liði 6. a og b, 7., 8. a, 9. a og 16. a. Athugið að þessir liðir séu í samræmi við starfsmannaskýrslu). Þessi eigin vinna færast hvergi til gjalda, en skal sundurliðast í IV. 3. Þessari reglu ber og yfirleitt að fylgja í sameignarfélagi, ef eigendur eru ekki fleiri en 3, nema félagið sé skattlagt sérstaklega.

Einstakir gjaldaliðir:

1. Gætið þess að fiskbirgðir í ársbyrjun séu tilfærðar þær sömu og í árslok á fyrra árs skýrslu.

2. Halda skal aðgreindum veiðarfærakostnaði við þorskveiðar og síldveiðar. (Sjá um III. 3.).

3. Hér kemur síld, smokkur o. fl., sem notað er til beitu. Sömuleiðis is notaður til beitungeyslu í bátnum (aftur á móti kemur is til geymslu á fiski á ýmsan kostnað). Það, sem notað er af beitu, veiddri á bátinn sjálfan, kemur hér til gjalda með sama verði og fært er til tekna undir I. 2. (sjá um þann lið).

4. Hér kemur allt til vélar: olíur, pakningar, tvístur o. fl.

5. Hér kemur öll salteyðsla bæði um borð og í landi.

6. a og b. Undir a kemur kaup eða hlutir skipverja í veiðiferðum, þar með talin aukabókun til yfirmanna — eins og þegar fastakaup er. Undir b. kemur landvinna — við aðgerð á fiski, beitingu o. fl. Ekki má færa undir þessa liði vinnu skipverja við viðgerð á bátnum, sé hún greidd sérstaklega; það kemur undir lið 12. Eigi

má gjaldfæra kaup útgerðarmanns sjálfs, samkvæmt framansögðu.

7. Hér kemur fæðiskostnaður, fæði skipverjar sig ekki sjálfir, og önnur hlunnindi til skipverja eða landvinnufólks, s. s. húsnæði, t. d. þar sem verbúðir eru. Endurgreiðslur fyrir fæði dragist frá.

8. a og b. Undir a kemur öll vinna við fiskverkun (þó ekki vinna eiganda sjálfs eða skylduliðs hans): uppskipun, flutningsvinna, umstöflun, fiskbreiðsla, framskipun o. fl. Undir b kemur annar fiskverkunarkostnaður, s. s. fiskreitaleiga (greidd), fiskumbúðir, fiskmat, akstur o. fl.

Sé fiski komið til verkunar gegn ákveðnum verkunarlaunum, færast þau hér til gjalda án þess til sundurliðunar komi.

9. a og b. Sundurliðist eins og liðurinn á undan í a: vinna og b: annar kostnaður: Tómar tunnur, sykur, krydd, bryggjuleiga, ljósagjald, vatnsskattur o. fl.

10. Hér kemur kostnaður við verkun á lýsi og lýsistunnur (notaðar).

11. Hér koma hafnargjöld, vitagjöld og önnur bátagjöld.

12. Halda skal aðgreindu viðhaldi á bát með áhöldum (a) og á vél (b). Viðgerðarkostnað vegna sjóskaða má eigi færa til gjalda, að því leyti sem hann fæst endurgreiddur. Sé ekki vítað um endurgreiðslu fyrir sjóskaða, þegar gert er upp í árslok, skal hún áætluð og dregin frá viðgerðarkostnaði ársins; reynist endurgreiðslan meiri eða minni en það, sem áætlað er, tilfærast mismunurinn á næsta ári.

13. Vátrygging sé í þrennu lagi: a. á bát með áhöldum; b. á vél og c. önnur vátrygging, s. s. trygging skipverja, trygging á afla, salti, beitu og vístum um borð; brunatrygging á afla, veiðarfærum o. fl. í landi. Draga skal frá gjaldliðnum endurgreiðslu fyrir hafnarlegu (Ristorno).

14. Fyrning á bát og vél skal vera 6% af vátryggingarverði.

15. Hér kemur greidd leiga fyrir báta, sem teknir eru á leigu til útgerðar. Sömuleiðis leiga eftir jakkhús, fiskverkunarstöð, síldarsöltunarstöð o. fl., ef þetta er tekið á leigu. Séu þetta eignir útgerðarmannsins sjálfs, tilfærast engin leiga.

16. Skrifstofukostnað skal greina í tvennt: a. laun og b. annan skrifstofukostnað.

17. Á annan kostnað færast m. a.: lyf og læknishjálp skipverja, lögskráning, útflutningstollar o. s. frv.

Aths. Á skýrslunni má ekki færa til gjalda: Vexti, tekjuskatt og útsvar né aðra slíka skatta, heldur á að færa þessi gjöld á sjálft framtalscyðublaðið.

133

28. des.

Um III. Eignir útgerðarinnar.

Hér skal aðeins færa þær eignir, sem beinlínis viðkoma rekstri útgerðarinnar.

1. Tegund báta skammstafast þannig: róðrabátur: rb.; opinn vélbátur (tryllubátur): ovb. og þiljuvélbátur: vb. Í aftasta dálki: eigin matsverð, færast eignarverð báts eða báta með áhöldum og varahlutum.

3. Veiðarfæri til þorskveiða og síldveiða skal færa eins og þau eru metin við áramót, hvort í sínu lagi. Matsverð á síldarnót skal miðað við fjöggra ára endingu.

4. Aflabirgðir skulu taldar með áætluðu söluverði. Séu birgðirnar, eða eitthvað af þeim, selt eftir áramót áður en skýrslan er útfyllt, er rétt að taka tillit til þess við matið. Sé fiskur seldur í umboðssölu og búist við verðuppbót, skal hún áætluð og færð undir lið h.

Aðrar birgðir færast til eignar með kostnaðarverði.

Gætið þess að greint er á milli tvennskonar beitueignar, beitu veiddrar af útgerðinni (4, f 2) og keyprar beitu (5).

Um IV. Ýmsar upplýsingar.

1. Tilgreina skal útgerðartímabilið á öllum veiðum, en á þorskveiðum auk þess róðrardaga.

2. Skipverjafjöldi miðast við meðaltal skipverja á hverjum bát yfir útgerðartímann. Tala landvinnumanna miðast við þá tölu fullgildra karlmanna, sem að jafnaði var þörf fyrir til beitingar og við aðgerð og söltun fiskjar.

3. Hér sundurliðast vinna útgerðarmanns sjálfs og fjölskyldu hans við rekturinn, samkvæmt ofanrituðu. (Sjá: Um II. Gjöld). Sé um börn að ræða, tilfærast aldur þeirra.

Fyrningaskýrsla.

Ár	Kostnaðar- verð í kr.	19	19	19	19	19	19	19	19	19	19	19	19	19
19														
19														
19														
19														
19														
19														
19														
19														

D í dálkinum þver að færa raunverulegt kostnaðarverð nýrra hluta, sem við er þætt á hverju ári.

Eyðublaðið þver að fylla út þannig, að í dálkinum »Kostnaðarverð« færast kostnaðarverð þeirra hluta, sem fyrning er reiknuð af, svo sem véla, allskónar varanlegra áhaldra o. fl., o. fl., þannig, að í efstu línu komi verð þeirra hluta, sem til voru $\frac{1}{4}$ 1936 og síðan í næstu línu viðbót á árinu 1936 o. s. frv.

Síðan sé í sömu línu í dálkana aftan við »Kostnaðarverð«, færð sú upphæð, sem á skattaframtali hefir verið reiknuð sem fyrning, þannig, að í fyrstu línu og fremsta dálki komi það, sem búið var að reikna sem fyrningu pr. $\frac{1}{4}$ 1936 á hlutum þeim, sem til voru þá, og í næsta dálk það, sem reiknað var 1936 af sömu hlutum. Í aðra línu og næstfremsta dálk komi það sem reiknað var sem fyrning 1936 af viðbótinni það ár o. s. frv.